



Ef ég hefði vitað

Upplifun erlendra foreldra á móttöku og aðlögun barnanna
sinna í leikskólum Reykjanesbæjar

Danijela Živojinović
(Данијела Живојиновић)

Janúar 2020

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs
Deild kennslu- og menntunarfræði



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Ef ég hefði vitað

Upplifun erlendra foreldra á móttöku og aðlögun barnanna sinna í leikskólum Reykjanesbæjar

Danijela Živojinović
(Данијела Живојиновић)

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í leikskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Halla Jónsdóttir

Deild kennslu- og menntunarfræði
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Janúar 2020

Ef ég hefði vitað (Upplifun erlendra foreldra á móttöku og aðlögun barnanna sinna í leikskólum Reykjanesbæjar)

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.Ed.-prófs í leikskólakennarafræði við Deild kennslu- og menntunarfræði, Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2020, Danijela Živojinović (Данијела Живојиновић)

Lokaverkefni má ekki afrita né dreifa rafrænt nema með leyfi höfundar.

Formáli

Tenging mín við fjölmenningu er bæði persónuleg og vinnutengd. Sjálf er ég af erlendum uppruna og hef persónulega reynslu í að byrja með börn í íslenskum leikskólum. Einnig hef ég unnið í sama leikskóla í meira en áratug og hef reynslu í að taka á móti nýjum foreldrum, einnig þeim erlendu. Mig langaði að meistaraverkefni mitt yrði í formi rannsóknar er tengdist fjölmenningu en erfitt reyndist að afmarka viðfangsefnið. Í gegnum tíðina hefur fjölmenningin orðið mjög sýnileg á Íslandi, sérstaklega í Reykjanesbæ þar sem fjórðungur íbúa er af erlendum uppruna. Í samtali við leikskólastjórann Brynju Aðalbergsdóttur spratt upp hugmynd að rannsókn á móttöku og aðlögunum erlendra fjölskyldna í leikskólum í okkar sveitarfélagi. Að hennar mati var gagnlegt að fá upplýsingar um hvað þessum foreldrum finnst um móttökur við leikskólabyrjun. Sem leiðbeinandi í gegnum rannsóknina og skrif á ritgerðinni leiddi mig Halla Jónsdóttir aðjúntkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og hér langar mig að færa henni bestu þakkir fyrir stuðning og skilning. Sérfræðileg aðstoð var í höndum Gunnars E. Finnbogasonar og ég þakka kærlega fyrir gagnlega ábendingar.

Þetta verkefni væri ekki komið á enda nema vegna stuðnings frá fjölskyldunni minni og vinum, ég vona innilega að ég hafi verið góð fyrirmynd fyrir börnin mín. Hér langar mig að þakka Brynju, leikskólastjóranum mínum, innilega fyrir að veita mér innblástur og hvetja mig áfram öll þessi ár í náminu mínu. Einnig þakka ég kærlega öðrum stjórnendum og samstarfsfólkinu mínu í leikskólanum Vesturbergi í Reykjanesbæ fyrir ómetanleg stuðning. Kærar þakkar til allra leikskólastjóranna fyrir veitta þátttöku og til foreldranna sem gáfu sér tíma til að sitja löng viðtöl og deila með okkur reynslu sinni.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirrituðum/undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Vísindasiðareglur Háskóla Íslands* Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknum og fyllstu ráðvendni í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf(úr) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjanesbær, 7. janúar 2020

Данијела Живојиновић

Ágrip

Meginmarkmið með þessari rannsókn var að afla upplýsinga á upplifun og reynslu erlendra foreldra í Reykjanesbæ á móttöku og aðlögun barna þeirra við leikskólabyrjun. Hér var skoðað hvernig foreldrarnir upplifðu leikskólakerfi á Íslandi, vangaveltur og væntingar við skráningu barna og byrjun í leikskóla, fyrstu móttökur, aðlögunarferli, hver var veruleikinn og hvað tók við. Leitað var einnig að reynslu erlendra foreldra af upplýsingaflæði og samskiptum við leikskólann. Rannsóknarspurning sem leitað var svara við í þessari rannsókn er: Hver er upplifun erlendra foreldra af móttöku og aðlögun við leikskólabyrjun barna þeirra?

Framkvæmd var eigindleg rannsókn en sem rannsóknarsnið var notuð tilviksrannsókn þar sem fimm rýnihópaviðtöl og eitt einstaklingsviðtal voru tekin. Þátttakendur í viðtölum voru tólf foreldrar af erlendum uppruna sem eiga börn í einhverjum leikskóla í Reykjanesbæ. Stuðst var við viðtalsramma með opnum spurningum og viðtölin fóru fram á þrem tungumálum.

Niðurstöður sýna að móttaka erlendra foreldra og barna þeirra í leikskólum Reykjanesbæjar er byggð upp á svipaðan hátt og hjá innfæddum. Foreldrarnir voru ánægðir við fyrstu móttökur en benda þó á þætti sem mættu betur fara og tengjast foreldrum sem eiga annað móðurmál en íslensku. Aðlögun barnanna og foreldranna í leikskólanum fór fram á sama veg og hjá íslenskum leikskólafjölskyldum þó að á sumum leikskólum væri tekið tillit til einstaklings og aðlögunarferli mótaðist út frá því. Atriði eins og erfiðleikar vegna tungumáls foreldra og barna, óvissa, óöryggi og þekkingarleysi á leikskólasamfélagi á Íslandi gerðu það að verkum að foreldrarnir upplifðu byrjunina sem erfiða. Erlendu foreldrarnir tjáðu sig einnig um erfiðleika varðandi upplýsingaflæði til þeirra en því var í sumum tilfellum ábótavant, sérstaklega varðandi leitina að leikskólanum og skráningu barnsins í leikskóladvölinu. Foreldrarnir töldu að leikskólakerfi á Íslandi væri gott en bentu á að sveitarfélagið gæti gert betur til að mæta þörfum þeirra sem eru með annað móðurmál en íslensku en eiga börn í leikskóla. Margar góðar hugmyndir um hvernig mætti bættu við upplýsingagjöf í sveitarfélaginu komu fram í viðtölum

Сажетак

Да сам знала

Главни циљ овог истраживања био је сакупљање информација о искуствима и доживљајима родитеља страног порекла у Реикјанесбаир-у прилоком пријема и прилагођавања њихове деце у обданиште. Тема истраживања је како су родитељи доживели систем предшколских установа на Исланду, шпекулације и очекивања прилоком уписа деце и сам почетак, први пријем, процес прилагођавања, како је било у стварности и наставак. Такође су сакупљана искуства о протоку информација и комуникацији са радницима у обданишту. Истраживачко питање на које се тражи одговор у овој студији гласи: Које је искуство страних родитеља о пријему и прилагођавању њихове деце при поласку у обданиште? Извршено је квалитативно истраживање, а као метода је коришћена студија случаја у којој је урађено пет интервјуа фокусне групе и један појединачни разговор. Учесници у разговорима су били дванаест родитеља страног порекла који имају децу у неком обданишту у Реикјанесбаир-у. Питања отвореног типа су постављана и интервјуи су вршени на три различита језика (исландски, пољски и српски).

Резултати истраживања показују да се пријем страних родитеља и њихове деце у обданишта у Реикјанесбаир-у одвија по истом формату као и домаћих родитеља. Прво искуство родитеља је било задовољавајуће, али су истакли аспекте који би могли бити боље изведени а у директној су вези са родитељима који имају други матерњи језик од исландског. Прилоком прилагођавању деце и родитеља на обданиште коришћене су исте методе као код исланджана, мада је у неким вртићима појединац узет у обзир и на тај начин је формулисан процес прилагођавања. Ставке попут потешкоћа са непознавањем језика код родитеља и њихове деце, неизвесност, несигурности и недостатка познавања система рада обданишта на Исланду родитељи су доживљавали као тешке. Такође су родитељи изразили незадовољство информацијама које се пружају а тичу се избора обданишта и пријаве у исто. Родитељи сматрају да је предшколско образовање на Исланду добро, али истичу да општина може боље да обрати пажњу на потребе оних са другим материњим језиком а који имају децу у вртићу. Значајан број веома добрих идеја везаних за побољшање информативног система је исказан у интервјуима.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip	4
Сажетак	5
Efnisyfirlit	6
1 Inngangur	8
1.1 Markmið rannsóknarinnar.....	8
1.2 Uppbygging ritgerðarinnar	9
2 Fræðilegur kafli	11
2.1 Skilgreining á hugtökum	11
2.2 Fjölmenningsarsamfélag	14
2.2.1 Markmið ríkisstjórnarinnar.....	14
2.2.2 Fjölmennig í Reykjanesbæ.....	15
2.2.3 Menntastefna Reykjanesbæjar	18
2.3 Leikskólakerfi á Íslandi.....	18
2.3.1 Móttaka fjölskyldna af erlendum uppruna	21
2.3.2 Aðlögun í leikskólum	22
2.3.3 Foreldrasamstarf og samskipti	24
3 Aðferðafræði	27
3.1 Undirbúning rannsóknarinnar	28
3.2 Rannsóknarsnið	29
3.3 Val á þátttakendum	30
3.3.1 Þátttakendur.....	30
3.4 Framkvæmd rannsóknar	31
3.5 Skráning og úrvinnsla gagna	32
3.6 Réttmætti og áreiðanleiki.....	34
3.7 Siðferðileg atriði og leyfi.....	34
4 Niðurstöður	37
4.1 Fyrstu skref í áttina að leikskólanum.....	37
4.1.1 Finna leikskólann	38
4.1.2 Val á leikskóla	39
4.1.3 Skráning á leikskóla	41

4.2	Móttaka	42
4.2.1	Kynningafundur	42
4.2.2	Fyrsta heimsókn með barninu	43
4.3	Aðlögun.....	44
4.3.1	Einstaklingsbundin aðlögun.....	44
4.3.2	Þáttökuaðlögun	45
4.3.3	Aðlögunarreynsla frá heimalandinu	46
4.4	Samskipti við leikskólann.....	47
4.4.1	Upplýsingasöfnun	49
4.4.2	Menningarmunur	50
5	Umræða	55
6	Lokaorð	62
	Heimildaskrá	63
	Viðauki A: Bréf til fræðslustjóra Reykjanesbæjar	66
	Viðauki Á: Leyfi frá sviðstjóra fræðslusviðs Reykjanesbæjar	67
	Viðauki B: Kynningarbréf til leikskólastjóra	68
	Viðauki D: Kynningarbréf til foreldra af erlendum uppruna	69
	Viðauki Ð: Kynningarbréf til foreldra á pólsku	71
	Viðauki E: Kynningarbréf til foreldra á serbnesku	73
	Viðauki É: Spurningalisti.....	75
	Viðauki F: Spurningalisti á pólsku	77
	Viðauki G: Spurningalisti á serbnesku	79
	Viðauki H: Móttökuáætlun ÍSAT teymis leikskóla frá árinu 2019	81

1 Inngangur

Sveitarfélagið Reykjanesbær er á árinu 2019 orðið fjórða stærsta sveitarfélag landsins með 19.328 íbúa. Stór hluti af þessari tölu eru íbúar af erlendum uppruna eða 25%. Þó að margir sem koma til landsins séu einstaklingar í leit að vinnu finnast líka margar fjölskyldur sem leita betri lífskjara fyrir börn sín. Þar fylgja mörg leikskólabörn. Aðrir hafa flust til landsins fyrir nokkrum jafnvel mörgum árum síðan og eignast börn hér. Íbúum hefur fjölgað og þá um leið leikskólabörnum. Í þessu samhengi er áhugavert að skoða hvernig leikskólar og sveitarfélagið hafa brugðist við þeim fjölda barna ef erlendum uppruna sem í sveitarfélaginu búa, til hvaða ráðstafana er tekið til og hvernig það skilar sér til erlendu foreldranna og barna þeirra.

Með þessari rannsókn er leitast við að fá innsýn í þá reynslu sem erlendir foreldrar hafa upplifað við leikskólabyrjun barna sinna. Skipulögð var eigindleg rannsókn þar sem þátttakendur voru valdir út frá hentugleika en spurningalistar með opnum spurningum voru notaðir í hópum og einstaklingsviðtalinu.

Kveikjan að viðfangsefninu kemur fyrst og fremst vegna þess að ég sem rannsakandi er sjálf af erlendum uppruna og er móðir tveggja barna. Ég hef persónulega reynslu af móttöku og aðlögun á leikskóla og hef verið í sporum þessara foreldra. Einnig þekki ég marga þeirra sem eru af erlendum uppruna en líka í gegnum starfið í leikskóla hef ég öðlast þá reynslu að aðstoða og aðlaga börn af erlendum uppruna.

Í rannsókninni er leitað við að svara rannsóknarspurningunni: *Hver er upplifun erlendra foreldra af móttöku og aðlögun við leikskólabyrjun barna þeirra?*

1.1 Markmið rannsóknarinnar

Í rannsókninni sem fjallað er um hér er skoðað hvernig upplifun innflytjendaforeldra á fyrstu kynnum og móttöku í leikskóla var, hvernig var tekið á móti þeim og barninu þegar aðlögun hófst. Hvað var gert áður en leikskóladvölin byrjaði, í hverju foreldrarnir lentu, hverju þeir bjuggust við og hver var raunveruleikinn. Skoðað er vel aðlögunarferli barnsins og foreldranna og einnig þau aðlögunarform sem notuð eru í leikskólum. Samskipti og samstarf er skoðað sem mikilvægur hluti í aðlögunarferli. Reynsla erlendu foreldranna á leikskólakerfi á Íslandi miðað við leikskólakerfin í heimalandi foreldranna er lauslega skoðuð, hvað er vel gert og hvað má betur fara hér í sveitarfélaginu. Mér vitanlega hefur slík rannsókn ekki verið gerð áður í sveitarfélaginu. Tímabært er að skoða og fá fram það sem erlendum foreldrum liggur á hjarta, heyra hvað þeim finnst um ferli frá því að þeir fara hugsa um að skrá krílið sitt í leikskólann og alla leið þangað til að barnið og þeir eru vel með á nótunum í leikskólaumhverfinu. Ég tel að í gegnum þessa rannsókn sé hægt að draga fram upplifanir og líðan foreldra, allar vangaveltur,

erfiðleika, kvíða, hugsanir, tilhlökkun, við hverju þeir bjúgust við, og hvað blasti við þeim á leiðinni í leikskólann og þegar leikskóladvölin hófst. Einnig vonast ég til að hér megi draga fram hvað foreldrar upplifðu sem gott á þessari leið og hvort og hvernig var komið til móts við þeirra þarfir.

Tilgangur rannsóknarinnar er að fá fram hugmyndir að mögulegum umbótum í leikskólakerfi í sveitarfélaginu, skoðun foreldra hvað vel er gert. Hvort eitthvað sé sem sveitarfélagið og leikskólarnir þurfa að huga betur að eða aðlaga miðað við þarfir þeirra sem koma frá öðrum menningarheimum, með aðrar menningarsögur, siði, venjur og móðurmál. Tilgangurinn er einnig að hjálpa þeim fjölskyldum að aðlagast betur en einnig til að auðvelda starfsfólki í leikskólum að skipuleggja og framkvæma móttöku og aðlögunarferli barna sem eru með erlendan bakgrunn og foreldra þeirra sem hafa alist upp í mismunandi menningarheimum.

Mín reynsla er sú að hvernig barninu gengur að aðlagast á leikskóla fer eftir hvernig bæði barnið og foreldrar upplifa fyrstu dagana í leikskólanum. Almennt er vitað að yngri börn finna fyrir því þegar foreldrarnir eru kvíðnir og það smitast yfir á barnið. Ég tel sjálf út frá minni persónulegri reynslu að það hvernig er tekið á móti börnum og foreldrum og hvernig þeim líður í fyrstu heimsókn skilur eftir spor og upplifunin hefur að segja um hvernig okkur líkar menningin á staðnum, staðurinn sjálfur og starfsmenn sem vinna þar. Verðum við fyrir slæmri reynslu í byrjun tekur lengri tíma að aðlaga sig í nýja umhverfinu.

1.2 Uppbygging ritgerðarinnar

Ritgerðin er samanstendur af sex aðalköflum og hver þeirra nokkrum undirköflum. Ásamt þessum köflum eru í byrjun ágríp og formáli, en í lokin koma fram heimildaskráin og viðaukaskjöl. Inngangurinn kynnir rannsókinna og segir til um markmið og tilgang og fram kemur rannsóknarspurningin sem leitað er svara við. Í lokin er lýst uppbyggingu ritgerðarinnar. Annar kafli er fræðilegur kafli og eru þar skilgreind nokkur hugtök sem tengjast innflytjendum. Rýnt er inn í fjölmenningsarsamfélag og þau markmið sem ríkið og sveitarfélagið hafa sett varðandi fjölmenningu og menntun innflytjendabarna. Einnig eru skoðuð leikskólakerfi á Íslandi í gegnum lög um leikskóla nr.90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla 2011. Í gegnum rannsóknir sem gerðar voru á Íslandi og erlendis en einnig í gegnum fræði er rýnt í hvernig tekið er á móti fjölskyldum af erlendum uppruna, skoðuð aðlögunarformin sem tíðkast í íslenskum leikskólum, foreldrasamstarf og samskipti. Þriðji kafli lýsir aðferðafræðinni sem notuð var í rannsókninni sem og rannsóknarsnið, framkvæmd rannsóknarinnar, vali á þátttakendum, skráningu og úrvinnslu gagna, litið er á réttmæti og áreiðanleika og í lokin siðferðileg atriði og leyfi. Niðurstöðum er varpað fram í fjórða kafla en fimmti kafli er umræðan

þar sem niðurstöður eru tengdar við fræðilegan hluta. Síðasti kafliinn inniheldur lokaorðin. Auk þess er heimildaskráin en síðast koma viðaukar.

2 Fræðilegur kafli

Mikil breyting á íbúafjölda hefur átt sér stað í sveitarfélaginu Reykjanesbæ undanfarin áratug. Núna er íbúafjöldi samkvæmt tölum hjá Þjóðskrá Íslands orðin 19.328 og er sveitarfélagið fjórða stærsta sveitarfélag í landinu (Þjóðskrá Íslands, 2019, 6. ágúst). Einn fjórði eða um 25% þessa íbúa er af erlendum uppruna. Þetta leiðir hugann að því að skoða betur og skilgreina hugtök tengd innflytjendum.

2.1 Skilgreining á hugtökum

Undirkaflinn skilgreinir hugtök er tengjast innflytjendum og greint verður nákvæmlega hverjir teljast mögulegir þátttakendur í þessari rannsókn.

Elsa Sigríður Jónsdóttir (2000) segir að íslenska samfélagið hafi verið einangrað öldum saman og það var ekki fyrr en í byrjun 19. aldar að menn smám saman hófu að flytja hingað. Í byrjun fluttu hingað Norðurlandabúar sem áttu ekki erfitt með aðlögun enda svipaður menningargrunnur. Með tímanum hafa flutningar aukist verulega og núna flytur til Íslands fólk frá öllum heimsálfum með sína eigin menningu sem er í mörgum tilfellum frábrugðin þeirri íslenskri. Ólík menning krefst meiri tíma til aðlögunar á nýjum lífs- og menningarháttum til að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Upp á síðkastið hefur íslenska samfélagið breyst hratt frá því að vera einsleitt samfélag með eitt tungumál sem ríkir í landinu yfir í fjölmenningslegt þar sem staðan á árinu 2018 var að 12,6% íbúa eru innflytjendur sem koma með sína eigin menningu (Hagstofa Íslands, 2018b). Upplýsingar frá Hagstofu Íslands sýna að meðal innflytjenda eru margar fjölskyldur með leikskólabörn. Fjöldi leikskólabarna sem er með annað móðurmál en íslensku hefur aukist milli ára og voru þau 12,6% árið 2016 (Hagstofa Íslands, 2018a). Ástæður fyrir flutningum geta verið margar og ólíkar hver annarri. Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir skrifa að þessar ástæður séu margar en oftast er fólkið aðallega í leiti að vinnu, vegna náms, vegna fjölskylduástæðna, til að mynda þegar einhver kynnist manneskju frá öðru landi og flytur til hennar svo að þau geta átt líf saman. Á síðustu öld en líka í byrjun þessarar aldar er tiltölulega mikið um stríð í heiminum. Fólk frá þessum slóðum flýr slæmar aðstæður og yfirleitt eru þetta heilar fjölskyldur en þó líka einstaklingar. Fátækt, leitin að betra lífi fyrir börnin sín, en líka að prófa sig í nýju landi geta verið ástæður fyrir að fólk ákveður að prófa sig annars staðar, í öðru landi. Hversu lengi þetta fólk heldur sig á landinu fer oft eftir ástæðum flutninga (Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir, 2010).

Í september 2019 hafa verið 939 börn í leikskólum í Reykjanesbæ. Af þessari tölu voru 257 börn með erlendan bakgrunn sem gerir 27,37%, en fjöldi erlendra barna í hverjum leikskóla var frá 7,2%, þar sem var fæst, yfir í 52,2% í leikskólanum þar sem fleiri eru börn af erlendum uppruna en íslensk fullyrðir Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, kennsluráðgjafi og verkefnastjóri í

íslensku sem öðru máli við Fræðslusvið Reykjanesbæjar (munnleg heimild, 11. nóvember 2019). Í þessari rannsókn er leitað að þátttakendum sem eru af erlendum uppruna og eiga leikskólabörn í leikskólum sem staðsettir eru í Reykjanesbæ. Hér verða þeir kallaðir erlendir foreldrar og eru það allir þeir foreldrar leikskólabarna sem eru fæddir og hafa alist upp að öllu leyti eða að hluta til í öðru landi en Íslandi, hafa annað móðurmál en íslensku en búa hér á landi. Þessu hópi tilheyra allir þessir foreldrar sem eru innflytjendur og hafa komið til Íslands af fúsum og frjálsum vilja, sem flóttafólk og jafnvel hælisleitendur.

Innflytjendur

Ástæður fyrir að þetta fólk flutti til Íslands eru ekki mikilvægar í þessari rannsókn en Hagstofa Íslands (2017) skilgreinir að innflytjandi er sá einstaklingur:

„sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar hans og báðar ömmur“.

Samkvæmt þessu getur einstaklingur sem er innflytjandi verið með íslenskan ríkisborgararétt en hann er fæddur erlendis. Ari Klængur Jónsson (2013) segir að börn sem fæðast á Íslandi en hafa erlendan bakgrunn tilheyra tiltekinni kynslóð innflytjenda. Þannig Ari geri greinarmun á milli fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjenda. Munur á milli fyrstu og annarrar kynslóðar innflytjenda er sá að í fyrstu kynslóð teljast þeir ríkisborgarar sem fæddir eru erlendis og eru samtímis með erlendan bakgrunn, sem þýðir að foreldrar viðkomandi eru einnig fæddir erlendis og líka ömmur og afar. Annarri kynslóð innflytjenda tilheyra þeir sem fæddir eru hérlendis en eru með erlendan bakgrunn (Ari Klængur Jónsson, 2013). Út frá þessu er gott að skilgreina hverjir teljast vera með erlendan bakgrunn. Hagstofa Íslands (2017) skilgreinir að einstaklingur er talinn vera með erlendan bakgrunn ef annað foreldrið er erlent. Þátttakendur í rannsókninni eru innflytjendur, erlendir foreldrar leikskólabarna í Reykjanesbæ og samkvæmt ofangreindum heimild teljast börnin þeirra vera með erlendan bakgrunn. Ef barnið er fætt á Íslandi þá telst það til annarrar kynslóðar innflytjenda.

Barn af erlendum uppruna telst það barn sem á foreldra sem hafa fæðst og alist upp í öðru landi og hafa annað móðurmál en ríkjandi tungumál samfélagsins sem barnið býr í. Einnig er barn af erlendum uppruna að öðrum hluta þegar annað foreldri er íslenskt. Þátttakendur í þessari rannsókn eru erlendir foreldrar sem eiga leikskólabörn. Börn þátttakenda hafa ýmist fæðst á Íslandi þau eru átta. Þrjú börn eiga systkini sem fædd eru á Íslandi og voru áður í leikskóla í sveitarfélaginu. Börn erlendu foreldranna sem ekki eru fædd á Íslandi eru tvö og eiga þau tvö systkini sem voru áður á leikskóla, bæði í heimalandinu og á Íslandi eftir að fjölskyldur þeirra fluttu til landsins, samanlagt fjögur börn. Samanlagt eru þetta tíu leikskólabörn og fimm sem eru komin í grunnskóla en voru áður í einhverjum leikskóla í

sveitarfélaginu, samtals fimmtán börn. Báða foreldra af erlendum uppruna eiga ellefu börn en fjögur þeirra eiga annað foreldri íslenskt. Af fimmtán börnum eru þau sex sem eiga foreldra sem eru bæði af erlendum uppruna en koma ekki frá sama landi. Börnum og foreldrum af erlendum uppruna fylgir önnur menning og móðurmál en allir foreldrar sem þátttakendur í rannsókninni leggja áherslu á að barnið þeirra læri móðurmálið og menningu foreldrana sinna en að sjálfsgöðu læra íslenska tungu og öðlast skilning á íslenskri menningu. Þannig hafa sex börn tvö móðurmál eitt frá móður og annað frá föður en læra íslensku í leikskólanum og eru orðin þrítýngd, en fjögur þeirra eru með tvö móðurmál, annað er íslenska og hitt er erlent tungumál sem er móðurmál annars foreldris og eru þannig tvítýngd. Fimm börn þátttakenda eru tvítýngd þar sem íslenska er annað tungumál barnsins sem lærist fyrst í leikskólanum. Til þess að skilja betur hvað teljist vera móðurmál skal skilgreina það betur hér fyrir neðan.

Móðurmál

Móðurmál er fyrsta mál sem barnið lærir, segir í stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun útlendinga (Félagsmálaráðuneytið, 2007:1), og margir fræðimenn eru sammála um það. Út frá heitinu er hægt að álykta að þetta er það mál sem að barnið lærir fyrst frá móður sinni en er það ekki alltaf raunin. Móðurmál er það mál sem barnið lærir heima hjá sér snemma í æsku og notar það mest til samskipta við sína uppalendur. Yfirleitt hefur einstaklingur besta valdið á móðurmáli þótt að það geti verið mjög fært á öðrum tungumálum sem það lærir seinna í gegnum lífið. Þetta þarf ekki endilega að vera það tungumál sem mest er notað en stundum hefur það áhrif á að móðurmálið staðnar eða færnin minnkar og jafnvel tapast. Sum börn hafa tækifæri til að læra tvö tungumál frá fæðingu en það er yfirleitt ef foreldrarnir koma frá mismunandi menningarheimum þar sem töluð eru mismunandi tungumál (De Houwer, 2016:2). Algengt er í svona tilfellum að barnið hafi tvö móðurmál og læri síðan þriðja málið sem er yfirleitt ríkjandi tungumál samfélagsins (Birna Arnbjörnsdóttir, 2007). Samskipti á heimilinu við foreldra, systkini, ættingja og aðra sem hafa vald á því máli fara fram á móðurmáli viðkomandi. Talið er að tilfinningar koma best fram á móðurmálinu og móðurmálið þægilegasta og eðlilegasta samskiptaleið milli fjölskyldumeðlima. Börn sem tala eitt tungumál heima en annað tungumál á leikskóla eiga auðveldara með að tjá sig á móðurmáli um atburði sem gerast heima en nota ríkjandi tungumál til að segja frá deginum í leikskólanum. Þannig skarast tungumálkunnátta þar sem orðaforði sem notaður er heima og í leikskólanum er ekki sá sami. Sumir telja einnig að börnunum sem hafa náð góðum tókum á móðurmálinu gangi betur að læra annað tungumál því að grunnurinn er mikilvægur (Dunn Davison, Hammer og Lawrence, 2011 ; Elín Þóll Þórðardóttir, 2007:103-104). Vygotsky taldi að þróun hugsunar væri stjórnað af tungumálinu en einnig stjórnar tungumál öðrum vitsmunalegum aðgerðum hjá börnum (Lightfoot, Cole og Cole, 2013).

2.2 Fjölmenningsarsamfélag

Miklar breytingar í heiminum hafa orðið í lok síðustu aldar og halda áfram af völdum hnattvæðingar (e. globalisation). Engin samfélög geta verið einangruð og óháð og þjóðmenningin sem hugmynd hentar illa í hnattvæðingu. Í nútíma fjölmenningsarsamfélögum er mikilvægt að koma með sameiginleg gildi og skólar gegna mjög mikilvægu hlutverki í þessari þróun. Hvert og eitt ríki getur ekki verið hlutlaust heldur bera þau með sér þau gildi sem tilheyra ákveðinni menningu minnihlutahóps, tungu og trúarbrögð. Allir þessir þættir endurspeglast í skólasamfélaginu. Út frá því þarf hvert og eitt fjölmenningsarsamfélag að finna jafnvægi á milli ólíkra hópa einstaklinga þar sem að allir geta verið virkir þátttakendur í samfélaginu (Hanna Ragnardóttir, 2007; Parekh, 2006). Nútímasamfélag einkennist af blöndu marga menningarheima og varla er til það ríki þar sem er ekki alþjóðlegt samfélag (e. multicultural Community). Á sviði fjölmenningar er heimurinn að minnka sem er afleiðing mikilla flutninga fólks milli landa. Margir flytja til annarra landa í leit að betra lífi, til að mennta sig, aðrir eru að flýja stríðssvæði sem gerir þau að flóttafólki en til eru margar aðrar ástæður um hvers vegna er fólk og jafnvel heilar fjölskyldur ákveða að prófa líf annars staðar en í sínu heimalandi. Breytingar af þessum tagi hafa líka orðið á Íslandi, þó að Ísland hefur nokkuð veginn verið einangrað vegna staðsetningar. Hlutverk ríkisstjórnar er að bregðast við slíkum breytingum sem Íslendingar hafa gert með því að setja sér markmið og gefa út hvert ríkið stefnir.

2.2.1 Markmið ríkisstjórnarinnar

Félagsmálaráðuneytið (2017) gaf út Stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun útlendinga. Stefnan lýsir skýrt ætlun íslenska ríkisins hvað varðar alþjóðavæðingu og aðlögun útlendinga að íslenska samfélagi. Sem grunnildi íslenska samfélagsins teljast lýðræði, mannréttindi, samábyrgð og einstaklingsfrelsi. Á tímum örrar alþjóðavæðingar er mikilvægt að öll þessi gildi séu virt og þau þróist áfram svo að allir þegnar samfélagsins geta tekið virkan þátt. Aðlögunin á að fara í báðar áttir, innflytjenda að íslenska samfélaginu en einnig leið íslenska samfélagsins að innflytjendum með því að vera í sífelldri þróun svo þeir geta mætt sem best þörfum allra íbúanna. Íslenskukunnátta er lykill og forsenda að aðlögun og þátttöku í samfélaginu. Aðlögunarferli fer í gegnum öll stig samfélagsins svo sem atvinnulíf, menntamál, heilbrigðisþjónusta og hlutverk sveitarfélaga skiptir sköpum.

Menntamál teljast mikilvæg í aðlögun bæði barna og fullorðinna og er stefna ríkisins sú að allir þeir sem eru aðfluttir til landsins fái tækifæri til þess að læra íslensku en á sama tíma að þeim sé gefinn kostur á að viðhalda móðurmáli sínu. Talið er að íslenskukunnátta mun auðvelda foreldrum/forráðamönnum þátttöku í starfi er tengjast börnum. Stjórnvöld koma með tillögur að leiðum til að bjóða þeim og virkja þau í þátttöku með því að hvetja þau til að

sækja fundi, leggja áherslu á að styrkja tengsl við heimili erlendra barna með því að til að mynda þýða bréf og skilaboð á móðurmál sem flestra foreldra sem tala ekki íslensku.

Hlutverk sveitarfélaga telst mikilvægt þegar kemur að félagslegri einangrun innflytjenda, bæði barna og fullorðinna og er hlutverk þeirra að mynda tengslanet og finna leiðir til að virkja þátttöku erlendra barna í íþrótt- og tómstundastarfi. Talið er að virk þátttaka barna í íþróttum styrki börn félagslega og komi í veg fyrir félagslega einangrun. Sveitarfélög styrkja ýmis íþrótt- og félagssamtök sem gerir að verkum að sveitarfélagið getur sett kröfur sem geta verið til að mynda félagsþátttaka erlendra barna og foreldra þeirra. Stefna ríkisins varðandi upplýsingaflæði um íslenskt samfélag, réttindi og skyldur borgara skal tryggja að innflytjendur hafi aðgang að upplýsingum um samfélag og til þess ber að nota fjölbreyttar leiðir, svo sem bæklinga á nokkrum tungumálum er tengjast fyrstum skrefum á nýju landi. Einnig skal leita leiða til að innflytjendur fái upplýsingar er varða verkefni, þjónustu og starfsemi bæði hjá ríkinu og sveitarfélögum.

2.2.2 Fjölmennning í Reykjanesbæ

Sveitarfélagið Reykjanesbær er mjög fjölmennningarlegt þar sem að 25% íbúa eru innflytjendur og þar eru töluð sextíu mismunandi tungumál (Reykjanesbær, 2017a). Þar sem þessi rannsókn var framkvæmd í Reykjanesbæ eru þátttakendur íbúar Reykjanesbæjar og koma úr fyrrnefnda hópi sem er fjórðungur allra íbúanna í sveitarfélaginu.

Hvort að erlendir foreldrar þátttakendur í rannsókninni eru aðfluttir vegna betra lífskjara, í leit að vinnu, til þess að sameina fjölskyldu, sem flóttafólk eða hælisleitendur eiga þeir það sameiginlegt að búa á Íslandi í sveitarfélaginu Reykjanesbæ og eru með eitt eða fleiri börn í leikskóla sem starfandi eru í sama sveitarfélagi. Samsetning einhverra fjölskyldna getur verið að foreldrar séu ekki frá sama landi sem getur leitt til þess að þeir upplifa móttöku í leikskóla á mismunandi vegu. Allar þessar fjölskyldur eru mjög margbreytilegar hvað varðar móðurmál, uppruna, trú, siði, venjur og hefðir. Í þessari rannsókn er lögð áhersla á reynslu hvers foreldris fyrir sig. Hanna Ragnardóttir (2007) telur að hver fjölskylda er tilfelli fyrir sig og er þess vegna ekki hægt að alhæfa þegar kemur að móttökuáætluninni.

Þegar talað er um móttöku í leikskóla er verið að hugsa um þann tíma þegar barnið byrjar í leikskóla, á meðan aðlögun stendur yfir en líka í framhaldi af því. Samkvæmt Lögum um leikskóla (nr.90/2008) ber leikskólum ekki skylda til þess að vera með sérstaka móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna og foreldra þeirra en hins vegar má vísa til þess að allir foreldrar eiga rétt um að fá upplýsingar um starfsemi leikskólans, líðan og þroska barnsins. Ef haft er í huga að ekki eru allir erlendir foreldrar talandi á íslensku þá geta leikskólar þurft að gera aðrar ráðstafanir varðandi móttöku þessara hópa. Aðalnámskrá leikskóla (2011) nefnir hvergi sérstaka móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna né annara leikskólabarna.

Hins vegar er lögð áhersla á að við leikskólabyrjun eigi hafa velferð barna í fyrirrúmi. Þannig er hlutverk kennara og annara starfsmanna að taka tillit og sýna fjölbreyttum fjölskyldum og menningu þeirra (2011:33). En þar á móti er sveitarfélagið sem rannsóknin fer fram í með sérstaka fjölmeningarstefnu. Þessi stefna varðar almennt alla sem búa í sveitarfélaginu og þar eru meðal annarra leikskólabörn og foreldrar af erlendum uppruna. Þar segir að skólar eigi að leggja áherslu á skólastarf sem henta börnum af erlendum uppruna og koma til móts við þarfir þeirra. Samskipti milli heimilis og skóla eigi að stuðla að því að fólk af erlendum uppruna fái nauðsynlegar upplýsingar um skólamál í upphafi náms svo að fólk öðlist skilning á íslensku skólakerfi. Þetta á við bæði um leik- og grunnskóla (Reykjanesbær, 2017a). Reynslan mín segir að hér reyni á samvinnu heimilis og leikskóla eða nánar tiltekið samvinna á milli foreldra barna sem eru að byrja í leikskóla og starfsfólks leikskólans. Eins og mér er vitandi þótt að það sé engin skylda að hanna móttökuáætlun þá eru leikskólar með ákveðinn ramma í kringum móttöku og aðlögun barnsins og foreldra þess. Við skipulag rannsóknarinnar fundust ekki heimildir sem sýna að leikskólar í Reykjanesbæ væru með sérstaka móttökuáætlun sem nota skal í aðstæðum þegar barn af erlendum uppruna byrjar á leikskóla. Í millitíðinni hefur þetta breyst og hefur ÍSAT (Íslenska Sem Annað Tungumál) teymi leikskólanna í Reykjanesbæ samið móttökuáætlun sem leikskólum er frjálst til notkunar (sjá viðauka H). Meðlimir í teyminu eru úr hverjum leikskóla fyrir sig, þeir hittast reglulega og fara yfir mál tengt fjölmeningu á leikskólum. Í hverjum leikskóla er einn eða fleiri kennari sem heldur utan um málefni barna af erlendum uppruna. Þeir hafa yfirsýn yfir fjölda barna hverju sinni, tungumál barnanna og foreldra þeirra, veita öðrum starfsmönnum ráðgjöf í vinnu þeirra við að kenna ríkulegt íslenskt mál og vinna með einstaklingum og með litlum hópum barna til að ná því markmiði að öll börn nái árangri í námi og leik og standi vel félagslega. Til að sem best gangi skiptir máli að kennslu- og starfshættir séu fjölbreyttir, að samstarf við foreldra sé gott og að innan leikskólans ríki jákvætt viðhorf til fjölmeningarlegs samfélags segir Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir (munnleg heimild, 11. nóvember 2019). Kristín Dýrfjörð (2009) skrifar um að aðlögun leikskólabarna á Íslandi fari fram út frá tengslakenningum. Samkvæmt þessum kenningum eiga sum börn erfiðara en önnur í aðlögunarferlinu. Gangi aðlögun erfiðlega getur barnið þróað með sér aðskilnaðarkvíða. Aðskilnaðarkvíði er samkvæmt Erik H. Erikson (1978) erfiðleikatímabil eða krísa (e. crises) í lífi hvernar manneskju. Samkvæmt Erikson gengur maðurinn í gegnum átta erfiðleikatímabil í lífi sínu til að móta sjálfsmynd sína. Þrjú af þessum átta erfiðleikatímabilum eiga sér stað fyrir sex ára aldur sem segir að einhver þeirra ná yfir leikskólaaldurinn. Í nýja umhverfinu þarf barnið að öðlast traust, gerist það síðar er hætta á því að barnið þrói með sér aðskilnaðarkvíða. Aðskilnaðarkvíði er ógn við myndun sjálfsmyndunar. Börnin fara að finna fyrir meiri óöryggi ef að þau skynja að foreldrarnir eru stressaðir og kvíðnir. Móttaka skiptir þess vegna miklu máli, þá eru foreldrarnir öruggari með sig sem smitast yfir á börnin sem hefur síðan að segja um framhaldið eins og aðlögun í nýja umhverfi. Til að gera betur í málum

innflytjenda og hjálpa í aðlögunarferlinu hefur sveitarfélagið Reykjanesbær sett fram fjölmenningsstefnu.

Fjölmenningsstefna Reykjanesbæjar

Sveitarfélagið Reykjanesbær er eins og áður segir með 25% íbúa sem koma frá öðrum löndum. Út frá þessari þróun hefur sveitarfélagið samið fjölmenningsstefnu sem var samþykkt árið 2017. Fjölmenningsstefnan leggur áherslu á virka þátttöku og gagnkvæma virðingu og hefur það að leiðarljósi að íbúar af erlendum uppruna verði virkir og sjálfbjarga þátttakendur í lífi samfélagsins. Markmið þessarar stefnu er að allir íbúar fái að njóta þess fjölbreytileika þar sem samskipti einkennast af þekkingu, víðsýni, jafnrétti og gagnkvæmri virðingu fólks af ólíkum uppruna. Stefnan leggur áherslu á að þegar kemur að starfsemi er tengist málefnum fólks af erlendum uppruna skal reyna að draga úr fordómum, bæta aðgengi og þjónustu Reykjanesbæjar, skólastarf og tækifæri til íslenskunáms. Nýta má betur þá þekkingu, menntun og kunnáttu íbúa af erlendum uppruna og bæta við miðlun upplýsinga á fjölmennustum tungumálum í samfélaginu.

Nánar til tekið segir í plagginu að vinna eigi markvisst gegn fordómum með því að nota aðferðir sem stuðla að aðlögun í báðar ættir. Fræða eigi almenning um fordóma á fræðslufundum og leggja áherslu á fyrirbyggjandi starfsemi tengt fordómum og fjölmenningsfræðslu innan stofnana. Aðgengi að almennum upplýsingum verði á íslensku, ensku og pólsku en ef þörf er á skal huga að túlka- og þýðingarþjónustu og þýða eyðublöð á fleiri tungumál. Í skólastarfi á öllum skólastigum skal nota kennsluhætti sem hæfa börnum af erlendum uppruna. Þau skal aðstoða í íslenskunámi með því að kenna þeim íslensku sem annað tungumál. Kenna skal á jafnréttisgrunni þætti um menningu og uppruna allra nemenda til að nemendur öðlist skilning á mismunandi aðstæðum og þannig koma í veg fyrir fordóma. Veita skal innflytjendum tækifæri til íslenskunáms og koma í veg fyrir að vinnuálag, fátækt, aðstöðuleysi og einangrun komi í veg fyrir að þessi tækifæri nýtist. Virkja skal íbúa af erlendum uppruna í menningarstörf, veita þeim tækifæri til að fá störf við hæfi til að nýta hæfileika sína, reynslu og menntun. Reykjanesbær þarf að sjá um að miðla upplýsingum á ensku og pólsku um það sem samfélagið býður upp á til að auka tækifæri íbúanna til að njóta þess sem boðið er. Að lokum segir að fjölmenningsarteymi bæjarins sjái um framkvæmd fjölmenningsstefnunnar út frá fjárveitingum (Reykjanesbær, 2017a). Áður en fjölmenningsstefnan leit dagsins ljós var Reykjanesbær með aðra stefnu er varðar menntun. Þessi stefna sem nú er í gildi beinir okkur í áttina að betri framtíð og er hugsuð sem samþykkt fyrir alla íbúa sveitarfélagsins.

2.2.3 Menntastefna Reykjanesbæjar

Reykjanesbær kynnti nýja menntastefnu árið 2016. Nýja menntastefnan býr yfir lykilatriðum og áherslum sem talin eru mikilvæg fyrir menntun á öllum skólastigum. Lykilatriði menntastefnunnar á öllum skólastigum eru: fagleg þjónusta sem byggir á jafnrétti, lýðræði og fjölbreytni, forvarnarstarf, fjölbreytt nám sem mætir þörfum ólíkra einstaklinga, virkt samstarf heimilis og skóla, íþróttir og tómsundur fyrir öll börn og ungmenni og hvetjandi náms- og starfsumhverfi. Í hverjum af þessum lykilatriðum er lögð áhersla á framúrskarandi þjónustu við leik- og grunnskólabörn, fræðslu fyrir nýja foreldra á öllum skólastigum, fjölbreytt námsefni á öllum skólastigum til að mæta sem best þörfum allra nemenda, efla faglega þekkingu í skólum, efla traust og virðingu milli kennara, nemenda og foreldra og foreldrasamstarf. Menntastefna leggur fram áherslu til að stuðla að þróun stefnunnar. Áherslur eru sérstaklega lagðar á barnið/nemandann, mannauð, nám og starf. Markmiðið er að börn og ungmenni öðlist sterka sjálfsmýnd og félagsfærni í gegnum uppbyggjandi skóla- og tómsundastarf, jöfn tækifæri þar sem hugað er velferð allra barna með því að efla þátttöku þeirra í íþrótt- og tómsundastarfi, en sérstaklega hvetja börn af erlendum uppruna til þátttöku. Áhersla er lögð á skýrar móttökuáætlanir, markvissa íslenskukennslu og stuðning við aðlögun nemenda af erlendum uppruna, viðsýni og umburðarlyndi, skólakynningu fyrir foreldra á öllum skólastigum og dagforeldrakynningu fyrir foreldra ungra barna. Foreldrasamstarf þarf að efla með velferð allra nemenda í huga. Nám án aðgreiningar og samstarf milli menntastofnana telst vera mikilvæg fyrir menntun allra barna. Samkvæmt menntastefnu er það fræðsluvið Reykjanesbæjar sem sér um rekstur, þjónustu og stjórn í uppeldis- og menntamálum í sveitarfélaginu. Fræðsluvið veitir einnig skólum sérfræðiþjónustu í samræmi við reglugerðir en hefur umsjón með rekstri félagsmiðstöðva og íþróttamannvirkja (Reykjanesbær, 2016). Menntastefnan í sjálfri sér er vel samansett og með góð markmið í huga. Fari leikskólar eftir menntastefnunni er vel hugsað um fjölbreytta hópa.

Í þessu samhengi og til að skilja betur hvernig leikskólar á Íslandi starfa er fínt að skoða bakgrunn leikskólanna á Íslandi.

2.3 Leikskólakerfi á Íslandi

Fyrstu leikskólar á Íslandi eru frá árinu 1924 þegar fyrsta barnaheimili var skráð og var hugsað sem dagvistun fyrir börn foreldra sem voru í atvinnubransanum en einnig fyrir börn frá fátækum fjölskyldum til að veita þeim tækifæri að taka þátt í samfélagslífi jafnaðra. Á þeim tíma voru ekki til neinar reglur um rekstur og starf dagheimila en með tilkomu menntunar á sviði leikskóla og áætlana um uppeldisstarf þróuðust reglur um dagheimili. Fyrstu lög um leikskóla voru sett 1991 og í kjölfar þessara laga kom út fyrsta Aðalnámskrá leikskóla árið 1999 (Jón Torfi Jónasson, 2006).

Nú á dögum starfa leikskólar landsins samkvæmt lögum um leikskóla (nr.90/2008), Aðalnámskrá leikskóla (2011) og fylgja stefnum sveitarfélaganna sem þeir eru starfandi í. Einnig er hver leikskóli með sína eigin stefnu sem hann fylgir.

Lög um leikskóla (nr.90/2008) kveða á um að leikskóli sé fyrsta námsstig en foreldrum er frjálst að ákveða um þátttöku barnsins. Leikskólar á Íslandi starfa með markmið um velferð og hag barna að leiðarljósi og með því að veita þeim umönnun og menntun í öllu uppeldisumhverfi. Meginmarkmið í uppeldi og kennslu eru að fylgst sé með og efdur alhliðþroski barna í samstarfi við foreldra og hlúa að börnum andlega og líkamlega í samræmi við þarfir þeirra. Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla og er þeim heimilt að veita öðrum aðilum leyfi til rekstrar leikskóla á eigin vegum með því skilyrði að gildandi lög um leikskóla séu virt. Í fjórða kafla um foreldra og foreldraráð segir í 9. gr. að hlutverk foreldra sé að gæta hagsmuna barna sinna, að fylgjast með velferð þeirra og vera í samráði og samvinnu við starfsfólk leikskóla. Foreldrarnir hins vegar eiga rétt á upplýsingum um starf á leikskóla og stöðu barnanna sinna og segir að:

„Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.“

Reglur um innritun í leikskóla 26. gr. þessara laga segir að í sveitarfélaginu skulu samkvæmt lögum vera settar reglur af hverri sveitarstjórn fyrir sig og eiga þær að taka tillit til aðstæðna barna og foreldra en einnig til aðstæðna í leikskólum í sveitarfélaginu. Slíkar reglur skal birta opinberlega og skulu þær vera aðgengilegar íbúum í sveitarfélaginu.

Aðalnámskrá leikskóla 2011

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út Aðalnámskrá leikskóla sem er leiðarvísir til starfs á öllum leikskólum á Íslandi. Aðalnámskráin hefur verið mótuð í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og alþjóðasamninga og út frá því hafa verið þróaðir sex grunnþættir menntunar: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Námskráin kveður á um hlutverk leikskólans í menntun, uppeldi og umönnun leikskólabarna, að samræma þá í því augnamiði að uppfylla markmið um menntastefnu yfirvalda og tryggja kröfu um jafnrétti leikskólabarna til menntunar og uppeldis (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Þetta samræmist Barnasáttmálanum sem var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989. Ísland skrifaði undir samning við Sameinuðu þjóðirnar árið 1990. Það tók tvö ár að fullgilda Barnasáttmálann en hann var loksins lögfestur árið 2013 sem er tveim árum eftir að Aðalnámskrá leikskóla 2011 kom út. Sáttmálinn kveður á um að aðildaríki sem skrifa undir samninginn skuldbinda sig til að uppfylla kröfu hans. Kröfur sem Barnasáttmálinn setur ná til allra barna, líka þeirra sem eiga annað móðurmál en íslensku. Þar

segir að öll börn eiga rétt til menntunar þar sem barninu er gefinn kostur á að þroskast á sínum forsendum, rækta hæfileika sína í umburðarlyndi, jafnrétti og vináttu ólíkra þjóða og menningarhópa (Umboðsmaður barna, 2019a; Umboðsmaður barna, 2019b).

Sveitarfélagið sem þessi rannsókn fer fram í er Reykjanesbær. Reykjanesbær er fjórða stærsta sveitarfélagið á landinu og var stofnað árið 1994 við sameiningu Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafnar (Reykjanesbær, 2019). Reykjanesbær er fjölmennningarlegt samfélag þar sem um fjórðungur allra íbúa eru innflytjendur sem koma frá fleiri en sextíu löndum.

Leikskólar sem starfa í Reykjanesbæ eru tíu talsins og sex þeirra eru reknir á vegum sveitarfélagsins en fjórir eru einkareknir á vegum Hjallastefnunnar og Skóla ehf. Hver leikskóli er með sína stefnu og þar er hægt að finna leikskóla sem styðjast við og vinna eftir fjölgreindarkenningu Howards Gardner, Heilsustefnuleikskóla, Hjallastefnunni, kenningum Johns Dewey og Opnu flæði.

Á vefsíðunni Reykjanesbaer.is er að finna slóðir sem leiða að heimasíðum leikskólanna sem eru á íslensku. Ef leitað er frekar almennra upplýsinga varðandi leikskólabyrjun má finna skjal sem heitir „Að byrja í leikskóla“. Á skjalinu sést ekki dagsetning en í textanum vísar á að leikskólar í Reykjanesbæ starfa samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 1994, reglugerð um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla frá 1999. (reykjanesbaer.is, e.d.). Þessar upplýsingar gefa til kynna að skjalið sé gamalt, úrelt og löngu kominn tími til að skipta því út. Á skjalinu segir líka að skráning barna fari fram á vefsíðu Mitt Reykjanes eða á Bæjarskrifstofum og að sækja má um leikskóladvöl strax eftir fæðingu barns. Aðrar upplýsingar sem finna má í skjalinu eru að í upphafi leikskólavaldar er gert ráð fyrir að foreldrar taki þátt í aðlögun, mikilvægi gagnkvæmrar samvinnu og trúnaðar, plássi á leikskóla sé úthlutað eftir aldri barna og að skipulagsdagar séu þrír og þá er leikskólinn lokaður (reykjanesbaer.is, e.d.). Í mörg ár hafa skipulagsdagar verið fimm yfir allt skólaárið og er leikskólum frjálst að skipta þeim niður á minni einingar. Annað sem finnst á vefsíðunni Reykjanesbæjar er: foreldrasamstarf, Læsisstefna Reykjanesbæjar, Menntastefna Reykjanesbæjar, Reglur um leikskólavist og sumarleyfi 2018. Öll þessi skjöl eru nýleg og var skjalið um reglur um leikskólavist til að mynda endurskoðað í mars, 2019 (reykjanesbaer.is, e.d.). Sé vefsíða sveitarfélagsins sem tengist leikskólum skoðuð betur er að finna upplýsingar um hvernig sækja skal um og umsókn um leikskóladvöl. Vefsíðan geymir einnig upplýsingar á ensku og pólsku og er þar að finna grunnupplýsingar um menntun, menningu, íþróttir, velferð, samgöngur og þjónustu í sveitarfélaginu. Ef farið er lengra á slóðir sem vísað er til opnast almennar vefsíður skólanna, leikskólanna, íþróttafélaga, allar á íslensku (Reykjanesbær, e.d.-b). Miðað við þessa staðreynd er spurning hvort að erlendir foreldrar geti bjargað sér á vefsíðufлакki. Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg ef eigi fara í þann leiðangur að finna allar þessar upplýsingar. Þeir sem kunna ensku eða pólsku geta fræðst smá á þessum málum. En hjá leikskólum gengur það þannig að

öllum nýjum foreldrum er send staðfesting um að barnið sé komið með pláss og er næsta skref að skipuleggja móttöku og aðlögun.

2.3.1 Móttaka fjölskyldna af erlendum uppruna

Flestallir leikskólar taka á móti nýjum börnum og fjölskyldum að hausti til en margir þeirra þurfa að taka á móti fjölskyldum sem koma frá öðrum menningarheimum, fjölskyldum af erlendum uppruna. Samsetning þessa fjölskyldna getur verið mismunandi frá því að bæði foreldrar eru af sama uppruna, foreldrarnir koma frá mismunandi löndum eða jafnvel að annað foreldri er íslenskt. Þessi staðreynd vekur til umhugsunar hvort að sé hægt að taka á móti öllum fjölbreyttum fjölskyldum á sama hátt eða hvort þurfi að hugsa betur um að skipuleggja sérstaklega móttökuna.

Hanna Ragnarsdóttir gerði rannsókn á árunum 2000 - 2002 á landsvísu þar sem 55 leikskólar tóku þátt í og var þar lögð áhersla á þemu í markvissu leikskólastarfi í fjölmenningslegu samfélagi. Markmið og tilgangur rannsóknarinnar var að fá innsýn í starf í leikskólum og tengsl við aðlögun, móttöku og undirbúning komu barna af erlendum uppruna. Hanna velti fyrir sér hvað og hvernig móttaka var undirbúin, hvað var gert og í hverju erfiðleikar voru fólgnir. Miðað við að leikskóli sé fyrsta námsstig eru vangaveltur um hvernig móttaka hefur áhrif á áframhaldandi menntun erlendra barna. Traustur grunnur á fyrsta skólastigi stuðlar að því að barnið verði öruggara með sig í áframhaldandi menntun. Þar telst mikilvægt að barnið nái góðum tókum á móðurmáli sínu sem og hefðum og siðum sem eru síðan viðurkennd í leikskólasamfélaginu. Ranghugmyndir og fordómar smitast fljótt frá fullorðnum til barnanna og geta fest fljótt í sessi. Því er nauðsynlegt að starfsfólk á leikskólum velti fyrir sér eigin viðhorfi og skoðunum gagnvart öðrum minningum og verði meðvituð um eigin viðhorf (Brown,1998; Derman-Sparks og Phillips, 1997). Mismunandi menningarheimar bera með sér margvíslegar sögur, hefðir og tungumál sem mikilvægt að tekið sé tillit til sérstaklega í menntamálastofnunum en leikskólinn er einn af þeim (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2000). Leikskólastarfið þarf að einkennast af því að öllum líði vel, bæði börnum sem þurfa að fá notið sín sem einstaklingar en ekki síst foreldrar sem þurfa að mynda traust gagnvart leikskólastarfi. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að í flestum leikskólum þar sem rannsóknin fór fram var móttaka við erlenda foreldra ekkert sérstaklega skipulögð og tekið var á móti þeim eins og öllum öðrum nýjum foreldrum þótt að nokkrir leikskólar styddust við sérstaka áætlun. Áhugavert var að sjá að kennararnir töldu að ekki væri þörf fyrir sérstaka móttöku og aðlögun ef annað foreldrið væri íslenskt, eins og börn sem eru með báða foreldra íslenska. Túlkaþjónusta var heldur ekki tiltæk fyrir þessa foreldra. Hanna segir að niðurstöður sýna einnig að áhugasamir leikskólastjórar stýrðu þeim leikskólum þar sem fjölbreytileikanum og fjölmenningu var gert hátt undir höfði og að þessir leikskólar unnu markvisst með fjölmenningu og notuðust við sérstaka móttökuáætlun fyrir erlendar fjölskyldur. Í flestum

leikskólum var ekki neinn sérstakur undirbúningur vegna komu erlendra fjölskyldna né þá fjölskyldna þar sem annað foreldrið er íslenskt. Fáeinir leikskólar höfðu undirbúið komu nýrra erlendra barna vel og var rætt við starfsfólk um fordóma. Misjafnt var aðhafst þegar kemur að fyrstu samskiptum við erlendra foreldra en í flestum tilfellum var eitt viðtal við leikskólastjóra og deildarstjóra þar sem var farið yfir helstu starfsemi leikskólans, reglur, aðlögun og foreldrum sýndur leikskólinn. Bara á einum leikskóla var sérstaklega rætt um þarfir, hegðun, frávík barnsins og fjölskylduhætti. Túlkurinn var viðstaddur á nokkrum leikskólum í fyrsta viðtalinu eða samlandar foreldranna voru fengnir til að aðstoða en annars staðar var notast við ensku og orðabækur. Þetta skapaði oft vandræði þar sem enska er ekki jafn ríkjandi í daglegu lífi í öllum löndum eins og gerist á Íslandi og foreldrarnir skilja bara grunnatriði á ensku sem gerði oft að verkum að misskilningur átti sér stað sem kom í veg til þess að samskipti við foreldrana væru góð. Í einum leikskóla nýta menn myndbandsupptökur til að kynna erlendu foreldrunum starfið með aðstoð frá túlki en oft fylgja foreldrum ættingjar eða samlandar sem aðstoða við tungumálið. Stuðningur frá yfirvöldum/sveitarfélögum voru mismikil frá því að leikskólastjórnir töluðu um að upplýsingum um nýjar erlendu fjölskyldur og tíma til að undirbúa komu þeirra væri ábótavant að því að foreldrar þeirra fengu kynningu á réttindum tengd veikindum og aðlögun barna á vinnustað, og gefinn var út bæklingur á þeim tungumálum sem eru mest notuð í sveitarfélaginu. Í einu sveitarfélagi skipulögðu menn úrræði sem dugðu vel, samkomulag var gert við vinnuveitanda foreldrana þegar kom að aðlögun á leikskóla því að barnið og foreldrarnir þurftu aðeins lengi tíma og þetta skilaði mjög góðum árangri í framhaldinu. Einn leikskólastjóri svaraði að sumir erlendir foreldrar hefðu lítinn áhuga á að læra íslensku, það hindraði bætt samskipti (Hanna Ragnarsdóttir, 2002). Greinilegt er að leikskólastarfsfólk hér hefur reynslu til að taka á móti erlendum fjölskyldum og hefur lent í margskonar erfiðleikum tengdum því. Fyrir mína rannsókn er áhugavert að skoða líka aðlögun erlendra barna á leikskóla og er það gert í næsta undirkafla.

2.3.2 Aðlögun í leikskólum

Þegar börn byrja í leikskóla fer fram ákveðin aðlögun og eru það ákveðin tímamót í lífi barna og foreldra. Sum börn og líka foreldrar eru að kynnast í fyrsta sinn leikskólamenningu þar sem allt er nýtt, ekki bara starfsfólk heldur líka önnur börn. Leikskólastarf býður upp á meira eða minna skipulagt starf þar sem ákveðnum reglum er fylgt. Leikskólar leita sér leiða til að aðstoða ný börn og foreldra þeirra til að venjast betur og setja fram ákveðið skipulag fyrstu dagana sem kallast aðlögun. Aðlögun, eins og notast er við á Íslandi, á rætur að rekja til Norðurlandanna og byggist í grunninn á tengslakenningum (Kristín Dýrfjörð, 2009:681). Aðlögun barna er skipulögð í ljósi þess að tími er mikilvægur partur þegar kemur að því að venjast nýjum aðstæðum og leikskólalífinu. Börnin byrja að kynnast starfsfólki og öðrum

börnum sem gefur góðan grunn til að það myndist traust á milli. Þannig verði að lokum aðskilnaður við foreldra auðveldari. Á Íslandi tíðkast þrjár týpur aðlögunarforma.

Fyrsta formið er hefðbundna formið þegar foreldrar koma með barnið í leikskólann fyrsta daginn í heimsókn, skoða leikskólann, kynnast kennaranum á deildinni en stoppa saman í stuttan tíma. Síðan lengist tíminn sem barnið dvelur í leikskólanum dag eftir dag en foreldrar reyna að skreppa frá. Aðlögun að þessu tagi getur tekið viku til tíu daga. Við þetta aðlögunarform er ekki ráðlagt að reyna að aðlaga mörg börn á sama tíma á einni deild (Kristín Dýrfjörð, 2009:682). Ég kys að kalla þetta aðlögunarform *einstaklingsbundna aðlögun* vegna þess að tekið er mið af líðan barnsins og foreldra og því gefið góður tími sem er oftast einstaklingsbundið ferli.

Annað form sem tíðkast er aðlögun sem byrjar ekki í leikskólanum sjálfum heldur heima hjá barninu. Þar fer fram fyrsta viðtal kennarans við foreldra barnsins sem gefur barninu tækifæri til að kynnast kennara áður en það fer í leikskóla í fyrsta skipti en líka kennaranum til að kynnast fjölskyldunni í sínu eigin umhverfi (Kristín Dýrfjörð, 2009:683).

Þriðja form aðlögunar hefur verið þróað seinna meir í leikskólum sem starfa í anda Reggio Emilia og kallast *þátttökuaðlögun*. Hugmyndin snýst um að bjóða foreldrum og börnum saman í leikskólann til að kynnast leikskólaumhverfinu. Foreldrarnir fyllast öryggistilfinningu sem smitast yfir á barnið. Aðlögunin byrjar fyrir öll ný börn á sama degi og er þeim ásamt foreldrum boðið að koma með á deildinna. Foreldrarnir dvelja með börnunum á deildinni í ákveðinn tíma í þrjá daga og taka þeir þátt í starfi allan tímann nema í hvíld. Á fjórða deginum mæta foreldrar með barnið og skilja það eftir í leikskólanum allan daginn (Kristín Dýrfjörð, 2009:683). Margir leikskólar notast við þátttökuaðlögun óháð stefnu og hugmyndafræðum sem þeir styðjast við. En aðlögunin fer ekki öðruvísi fram nema vegna samskipta milli starfsfólks í leikskólum og foreldra nýrra barna.

Í aðlögun er grunnur lagður að samskiptum og sameiginlegum markmiðum sem varða líðan og framfarir barnsins og verða þessi markmið síðan grunnurinn að samskiptum og samstarfi alla leikskólagöngu barnsins (Leikskólasvið Reykjavíkurborgar, e.d.:13). Börnin skynja ef samskipti milli foreldra og kennara eru veik en það gæti valdið því að vandamál koma upp í aðlögunarferli barnsins á leikskólanum (Serpell og Mashburn, 2012). Foreldrar þurfa að geta treyst kennurunum fyrir börnum sínum og er þá mjög gott fyrir þá að upplifa leikskólann og kynnast kennurunum með það að leiðarljósi að það þarf að huga vel að aðlögun barnanna. Foreldrarnir þekkja auðvitað sitt barn best, en leikskólakennarinn er sérfræðingur í námsumhverfi barnanna með fræðin á bak við leikskólastarfið. Myndist gott samstarf á milli þessara aðila er tryggt að vel er staðið að umönnun barnanna (Leikskólasvið Reykjavíkurborgar, e.d.:16). Í aðlögun er barnið að læra að vera í nýjum aðstæðum, kynnast kennurum sínum og öðrum börnum og læra á umhverfið. Þegar foreldrarnir taka þátt í aðlögun

barna sinna verða þeir öruggir með leikskólann og treysta kennurunum, þá smita þeir sína öryggistilfinningu yfir á börn sín sem þar að leiðandi verða öruggari sjálf í leikskólanum (Kristín Dýrfjörð, 2009:682-683). Viðhorf foreldrana og ánægja með leikskólann geta speglast á aðlögunarferli barnsins og ánægju barnsins í leikskólanum.

Í rannsókn Hönnu Ragnardóttur frá árinu 2002 sýna niðurstöður að í flestum leikskólum var ekki hugsað sérstaklega um að þörf sé fyrir að skipuleggja betur aðlögun barna af erlendum uppruna. Aðlögunin var háttáð alveg eins og hjá öllum öðrum börnum. Samt voru nokkrir leikskólar sem hafa komist öðruvísi að og notast við aðlögunarform sem var betur löguð að þörfum barna af erlendum uppruna. Einhverjir leikskólastjórar hafa tjáð sig um að einhverjum erlendum foreldrum lá mikið á að komast aftur í vinnuna en benda á að þessi hræðsla er vegna ótta um vinnu missir ef þeir verða mikið frá vinnu vegna aðlögunar barna sinna á leikskóla. Einnig að aðlögun tíðkast mismunandi milli landa og bendir á að jafnvel í einhverjum framandi Evrópulöndum telst aðlögun mismikilvægur miðað við aðlögunarform eins og þekkt eru á Íslandi (Hanna Ragnarsdóttir, 2002:61). Aðlögunarferlið reynir á samskiptahæfileika allra aðilana en aðlögunarferli erlendra barna og foreldranna þeirra gæti verið krefjandi. Ástæða fyrir því er tungumála kunnátta viðmælendanna sem í framhaldi tengist beint við vellíðan, velgengni í samskiptum og samvinnu. Samskipti foreldranna og kennaranna styrkja tengsl heimilis og leikskólans sem eykur möguleika á góðri samvinnu.

2.3.3 Foreldrasamstarf og samskipti

Forsenda þess að barninu líður vel í leikskólanum er gott samstarf á milli heimilis og leikskóla. Sjórnarmið foreldra sem kennara eru jafnmikilvæg í að byggja upp traust og góð samskipti við leikskólabyrjun þar sem velferð barnsins er í fyrirrúmi. Mikilvægt er að kennarar hafi í huga að bera virðingu og sýna skilning á fjölbreytni allra fjölskyldna og menningu þeirra þar sem samstarf byggir á gagnkvæmum skilningi og virðingu. Eitt af markmiðum með foreldrasamstarfi er að foreldrar fái upplýsingar um starfsemi leikskólans, þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum og ekki síður að rækta samvinnu og samskipti milli heimilis og leikskóla samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011:33).

Niðurstöður rannsóknarinnar á samskiptum við foreldra barna af erlendum uppruna sem gerð var í Bandaríkjunum sýnir fram á að á milli barns, fjölskyldu og leikskóla myndast veikari samskipti ef þau hafa búið við slæmar félags- og fjárhagslegar aðstæður, koma úr minnihlutahópum eða hafa annan bakgrunn. Niðurstöður sýna einnig að þekkingarleysi kennara á sviði samstarfs heimila og skóla hefur sterk neikvæð áhrif á hæfileika kennara til þess að skynja börn sem eru með hegðunarvandamál (Serpell og Mashburn, 2012). Á sama hátt geta kennarar öðlast þekkingu á þörfum foreldra og væntingum þeirra varðandi hegðun og þroska barns, sem getur verið sérstaklega gagnlegt fyrir kennara sem eru félagsfræðilega

eða menningarlega ólíkir foreldrum barnanna. Gæði samstarfs heimilis og skóla getur einnig haft bein áhrif á þroska barnanna, þar sem það situr í miðju þessa sambands og að einhverju leyti hefur áhrif á hvernig þetta samband þróast (Serpell og Mashburn, 2012). Þetta á einnig við um börn sem hafa annað móðurmál en íslensku og koma því af heimilum sem eru félagslega og menningarlega ólík þeim sem kennarar þekkja. Miklir fólksflutningar hafa verið síðustu ár og mörg börn með annað móðurmál en íslensku eru í leikskólum landsins. Það gefur ástæðu til að ætla að leikskólakennarar þurfa að bregðast við þeirri fjölbreytni sem að foreldrahópurinn hefur í för með sér, sem og barnahópurinn og eiga í samskiptum við alla foreldra (Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir, 2013:2). Kennarar gætu þurft að koma aðeins öðruvísi fram við erlenda foreldra en íslenska og eru samskipti gríðarlega mikilvægur hluti og fyrsta skref í áttina að góðu samstarfi. Deildarstjórar í leikskólum hafa það hlutverk að skipuleggja starf og bera ábyrgð á samstarfi og samvinnu um nám og þroska við alla foreldra. Samstarf við erlendra foreldra getur verið krefjandi og ber kennurum að vanda sérstaklega öll samskipti og er nauðsynlegt að rekstraraðilar leikskólanna sýni góðan stuðning við deildarstjórana (Turner-Vorbeck, 2005). Niðurstöður þróunarverkefnis sem var gert í leikskólum í Reykjavík sýna að frumkvæði starfsfólks er oft lykilatriði að góðum samskiptum, sérstaklega við móttöku fjölskyldna af erlendum uppruna. Starfsfólk í leikskóla hefur það tækifæri til að hitta foreldrana á hverjum degi við komu í leikskólann og í lok dagsins, þar myndast góður grundvöllur til að mynda samskipti sem báðir aðilar geta nýtt sér. Meðal starfsmanna á leikskóla hefur kvisast út sá orðrómur að erlendu foreldrarnir hafi ekki áhuga á samskiptum. Erlendir foreldrar eru ólíkir hver öðrum eins og allir foreldrar. Þó að einhver hafi sýnt lítinn áhuga þýðir ekki að allir hugsi það sama. Þetta er algjörlega einstaklingsbundið eins og með marga aðra hluti og niðurstöður sýna að foreldrarnir virðast áhugasamir og jákvæðir og starfsfólkið þarf að leita fjölbreytta leiða til samskipta (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2006). Þórdís Þórðardóttir(2007) telur að staðalmynd um að allir séu eins og þurfi að koma jafnt fram við alla má rekja til kynþátta- og kynjablindu. Menn eru misjafnir þó að þeir komi frá sömu menningarslóðum og er mikilvægt að leyfa einstaklingnum að njóta sín, líka varðandi menningu, þjóðerni eða kyn.

Þó nokkrar rannsóknir á Íslandi hafa verið framkvæmdar á sviði innflytjendabarna og fjölskyldna en flest sem B.Ed. ritgerðir eða M.Ed. lokaverkefni.

Hanna Ragnardóttir (2007) rannsakaði enn og aftur innflytjendamál og að þessu sinni stöðu tíu innflytjendafjölskyldna á Íslandi, reynslu þeirra fyrstu þrjú árin í skóla. Markmið með rannsókninni var að skoða aðlögunarferli að skóla- og menningarsamfélaginu og hvort að bakgrunnur þessara fjölskyldna hefði áhrif á skólagöngu barna þeirra og hvernig áhrif

bakgrunnurinn gæti haft á samskipti heimila og skóla og á skólagöngu barnanna. Í rannsókninni voru skoðuð þrjú skólastig og eru það leik-, grunn- og framhaldsskóli. Hanna skoðaði einnig sveigjanleika íslenskra skóla og íslenska skólakerfisins og einnig sveigjanleika einstakra kennara. Tekin voru viðtöl við fjölskyldur á þriggja ára tímabili til þess að skoða upplifun þeirra. Helstu niðurstöður í þessari rannsókn sýna fram á að aðstæðum í skólum er ábótavant hvað varðar að mæta þörfum barna af ólíkum uppruna. Hjá kennurum skortir þekkingu og skilning á aðstæðum barna og uppruna þeirra. Hvernig skólarnir mætta þessum börnum er ólíkt milli skóla en fer fremur eftir reynslu og þekkingu einstaka kennara og stjórnenda en heildarsýn og skólastefnu.

3 Aðferðafræði

Meginmarkmið með þessari rannsókn er að heyra af reynslu innflytjendaforeldra leikskólabarna á móttöku sem þeir sjálfir og barnið/börnin þeirra hafa fengið við leikskólabyrjun. Rannsókuð er upplifun erlendra foreldra sem búa í Reykjanesbæ og eru með börn í leikskólum í sveitarfélaginu. Skoðað verður einnig aðlögunarferli á leikskóla, samskipti við starfsfólk, samstarf milli heimilis og skóla og leikskólakerfi hér á landi út frá sjónarhorni foreldra. Ég tel að í gegnum þessa rannsókn sé hægt að draga fram þær upplifanir og líðan foreldra, allar vangaveltur, kvíða, hugsanir, tilhlökkun, við hverju þeir bjuggust og hvað var veruleikinn.

Rannsóknarspurning sem leitað var svara í þessari rannsókn er: *Hver er upplifun erlendra foreldra af móttöku og aðlögun við leikskólabyrjun barna þeirra?*

Þessi kafli inniheldur lýsingu á aðferðafræði sem notuð er í þessari rannsókn til að fá svar við spurningum sem lagðar eru fram. Til að byrja með er rannsóknaraðferð lýst og rannsóknarsniði, kostum þeirra og göllum. Framkvæmd rannsóknarinnar er lýst síðan ásamt vali á þátttakendum, skráningu og úrvinnslu gagna. Í lokin segi ég frá réttmætti og áreiðanleika í rannsókninni, siðferðilegum þáttum og leyfi sem þarf að afla fyrir rannsóknina.

Við söfnun og úrvinnslu gagna í rannsókninni eru notaðar eigindlegar aðferðir (e. qualitative research). Lichtman (2013:4-17) segir að eigindleg aðferðafræði sé kerfisbundin rannsóknaraðferð (e. systematic investigation) þar sem markmiðið sé að sækjast eftir því hvaða merkingu eða skilning fólkl leggur í ákveðin málefni. Hlutverk rannsakanda í eigindlegum aðferðafræðum skiptir miklu máli þar sem túlkanir hans á málefninu byggjast á bakgrunni hans og reynslu. Rannsakandi aflar sér upplýsinga frá fólki til að veita betri innsýn í viðfangsefnið, rannsakandi flokkar þær og túlkar ákveðnar aðstæður með því að nota augu og eyru sem greiningartæki. Í eigindlegri aðferðafræði notast rannsakandi oftast við vettvangsathuganir og/eða tekur viðtöl við einstaklinga í þeirra daglega umhverfi, félagslegum aðstæðum eða á veraldarvefnum.

Eigindlegar rannsóknir prófa ekki tilgátur heldur skoða hvernig einstaklingur túlkar veruleikann í gegnum sína reynslu og skoðanir og er þess vegna ekki hægt að alhæfa niðurstöður yfir í aðra hópa. Rannsakandi er hluti af rannsókninni og hann hefur sínar skoðanir á rannsóknarefni og allt sem hann veit þegar um efni, bakgrunnur hans og reynsla hafa áhrif á túlkun gagna (Lichtman, 2013:17-21). Rannsakandinn sjálfur er í nánnum samskiptum við þátttakendur og er þá mælingartæki. Hér reynir á hæfni rannsakandans á mannlegum samskiptum og að halda utan um það að umræða fari ekki út fyrir efni (Rúnar Helgi Andrason og Ársæll Már Arnarsson, 2013:499-500).

3.1 Undirbúning rannsóknarinnar

Hugmyndin var að undirbúa og framkvæma eigindleg rannsókn þar sem þátttakendur eru innflytjendur og foreldrar leikskólabarna af erlendum uppruna í leikskólum Reykjanesbæjar og kanna upplifun þeirra við móttöku við byrjun barna þeirra í leikskóla. Hópurinn sem mun taka þátt í rannsókninni eru allir þeir erlendir foreldrar sem eru með barn á leikskóla á þeim tíma þegar rannsóknin er framkvæmd. Aldur barnsins er ekki mikilvægur í þessari rannsókn eða það hversu lengi foreldrarnir hafa búið á Íslandi. Hér koma einnig til greina að þessir foreldrar segi frá slíkri reynslu ef það á við, með eldra barninu ef þetta barn hefur gengið í leikskóla á Íslandi. Það gæti verið gagnlegt fyrir rannsóknina að skoða hvort að þessir foreldrar hafa upplifað öðruvísi móttöku með eldra barni en því yngra og skoða hver munurinn sé þar á milli.

Fyrstu skref í undirbúningi rannsóknarinnar voru að fá leyfi frá fræðslustjóra Reykjanesbæjar og til þess þurfti að senda bréf. Í bréfinu óskar rannsakandi eftir að fá leyfi til þess að framkvæma rannsókn í leikskólum Reykjanesbæjar. Bréfið var sent með Íslandspósti þann 11. apríl 2018. Bréfið virðist hafa villst og þurfti að hafa samband við fræðslustjóra í gegnum síma í byrjun júní (sjá viðauka A). Þá var kveðið um að hentugast væri að koma með annað bréf í Ráðhús Reykjanesbæjar og skila eftir í hólfi fræðslustjórans. Svárið barst með skriflegum hætti þann 15. ágúst 2018 þar sem fræðslustjóri samþykkir rannsókn með því skilyrði að leikskólastjórar samþykkja einnig (sjá viðauka Á).

Í framhaldi af veittu leyfi var farið í að semja kynningarbréf til leikskólastjóra og annað kynningarbréf fyrir erlendu foreldra og þýða það bréf á önnur tungumál. Þýðandi var fenginn til að þýða kynningarbréfið á pólsku en rannsakandi þýddi kynningarbréf á serbnesku. Ástæða fyrir að bréfin voru þýdd á pólsku er að það er fjölmennast þjóðarbrotið í sveitarfélaginu en ástæðan fyrir þýðingu á serbnesku er sú að það er móðurmál rannsakendans og móðurmál margra annarra innflytjenda í sveitarfélaginu. Einnig eru aðrar þjóðir frá Balkanskaga sem skilja og geta notað serbnesku. Hugmyndin var sú að með því að senda bréf á fleiri tungumálum en íslensku mundi það laða fleiri erlendu foreldra að rannsókninni. Fyrst haft var samband með tölvupósti við leikskólastjóra allra tíu leikskólanna í sveitarfélaginu. Kynningarbréf var sent til þeirra og óskað eftir þátttöku í rannsókninni. Leikskólastjórnir sem sýndu rannsókninni áhuga og samþykkt hafa sína þátttöku hafa fengið annan tölvupóst sem inniheldur kynningarbréf til erlendu foreldranna. Kynningarbréfið var á þremur tungumálum og átti að senda áfram til allra erlendu foreldranna er eiga barn í viðkomandi leikskóla (sjá viðauka D, Ð og E). Foreldrnum sem kjósa að taka þátt var bent á að hafa beint samband við rannsakanda. Leikskólastjórar þessa leikskóla voru einnig beðnir um lista yfir fjölda erlendra barna í leikskólanum og móðurmál þeirra. Annað sem leikskólastjórnir eða tengiliðir þeirra voru beðnir um að gera var að senda rannsakanda upplýsingar um frá hvaða löndum foreldrarnir koma.

3.2 Rannsóknarsnið

Sem rannsóknarsnið í þessari rannsókn hefur valið tilviksathugun eða tilfellarannsókn eins og sumir kalla rannsóknarsniðið (e. case study). Tilvik í þessari rannsókn eru erlendir foreldrar leikskólabarna í einum sveitarfélagi á Íslandi. Gall, Borg og Gall (1996) telja að það fari eftir rannsókn hvort að tilfelli séu einn eða fleiri einstaklingar. Verði tilvik sem skoðuð eru í einni rannsókn alltof mörg eru líkur á að það dragi úr dýpt og áherslum rannsóknarinnar.

Tilviksathuganir eru góð leið til að rannsaka eitt eða fleiri tilvik á fyrir fram ákveðnu efni og úr því öðlast skilning á tilvikinu. Rannsóknarefni í tilviksrannsóknum þarf að vera vel afmarkað, sem í þessari rannsókn er upplifun erlendra foreldra af móttöku og aðlögun við leikskólabyrjum barna þeirra þar sem í tilviksrannsóknum má skoða tilvik sem hluta af stærra samhengi. Eins og almennt er vitað eru erlendir foreldrar í flestöllum leikskólum landsins og eru með því þátttakendur í rannsókninni hluti af stærra samhengi og niðurstöður gefa brot af myndinni. Hér alhæfir rannsakandi ekki. Lichtman (2013:94) telur að tilvikrannsóknir gefi rannsakanda möguleika að fá betri og dýpri skilning á tilvikum sem hann er að rannsaka. Margir rannsakendur hafa notast við tilviksrannsóknir en þeir Rúnar Helgi og Ársæll Már (2013, bls. 508) telja að niðurstöður tilviksrannsókna geti algjörlega breytt fyrri hugmyndum rannsakandans um viðfangsefni vegna þess að í svona rannsóknum er rannsóknarefni vel afmarkað og skoðað nánar og ítarlega.

Tilviksrannsóknir gefa rannsakanda þann möguleika að nota fjölbreyttar aðferðir, sem dæmi um aðferðir sem er hægt að nota má nefna viðtöl, þátttökuathuganir, beinar athuganir, hópa, greiningu fyrirbyggjandi gagna og spurningalista. Hlutverk rannsakandans er fyrirferðarmikið og í því felst einnig undirbúningur rannsóknarinnar. Þetta er því mikilvægur liður og ber rannsakanda að ákveða tímanlega viðfangsefni rannsóknarinnar, tilvik sem á að skoða og hvaða gögnum ber að safna og með hvaða hætti. Einnig þarf að ákveða aðferðina til að greina gögn (Rúnar Andrason og Ársæll Már Arnarsson, 2013: 499-500).

Áhersla verður lögð á opnar spurningar til að fá sem mest út úr viðtölunum og í gegnum opin viðtöl gefur rannsakandinn viðmælanda sínum tækifæri til þess að tjá sig á sinn hátt, hann þarf að geta sagt sína sögu með sínum orðum og útskýra sitt sjónarmið. Rannsakandi má ekki vera of stýrandi en beina viðmælanda á rétta braut með spurningum ef hann fer að tala um viðfangsefni sem tengjast ekki rannsókninni. Opin viðtöl hafa einnig þann kost að geta leitt rannsakandann á aðrar mikilvægar slóðir sem jafnvel hefði ekki gefist tækifæri til ef um stífan spurningaramma er að ræða (Lichtman, 2013:195). Opin viðtöl krefjast þess einnig að rannsakandi þurfi að vera meðvitaður um mikilvægi þess að velja hentuga staðsetningu fyrir viðtalið. Staðsetningin þarf að gefa færi á góðum friði án truflana, best er ef bæði rannsakandi og viðmælandi komi sér saman um hentuga staðsetningu (Lichtman, 2013:194). Staðsetning getur einnig gefið sjónrænar upplýsingar um viðmælandann. Miðað er við að hæfilegur tími

opinna viðtala sé á bilinu 60 - 90 mínútur (Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson, 2003:79).

3.3 Val á þátttakendum

Áætlað er að taka rýnihópviðtöl (e. focus group interviewing) þar sem verða lagðar fram opnar spurningar. Markmið með hópviðtali er það sem ég sem rannsakandi tel að þátttakendur munu vera opnari ef það eru fleiri sem taka þátt í umræðunni og þegar einn byrjar að tala þá myndast keðja þar sem að reynsla getur verið svipuð eða ekki. Þannig skapast umræða í kringum efnið. Vegna fjölda landa sem viðkomandi foreldrar koma frá er nauðsynlegt að skipta þátttakendum niður í hópa þar sem að í hverjum hópi munu vera þátttakendur frá sama landi eða eru með sama móðurmál. Áætlað er hafa viðtöl á móðurmáli þátttakenda og ráða túlk fyrir pólsku og fleiri tungumál er þarf til. Ég sjálf er frá Serbíu þannig að ég get verið með viðtöl á flestum tungumálum sem töluð eru á Balkanskaga og einnig á íslensku fyrir þá foreldra sem telja geta tjáð sig vel á íslensku. Fjöldi hugsanlega rýnihópviðtala fer eftir fjölda þátttakenda og einnig út frá móðurmálum þeirra.

Óskað var eftir þátttöku allra leikskóla í Reykjanesbæ sem eru tíu talsins og hafði samband við alla leikskólastjóra með tölvupósti. Svörin bárust frá fimm leikskólastjórum þar sem þeir sýndu vilja og áhuga í að taka þátt í rannsókninni. Óskað var einnig eftir upplýsingum um fjölda barna af erlendum uppruna og móðurmál þeirra. Ástæða fyrir því eru fyrirhuguð viðtöl við foreldra þeirra þar sem gæti þurft aðstoð frá túlki. Í svörum leikskólastjóranna má sjá að á þessum fimm leikskólum eru 23 móðurmál barnanna fyrir utan íslensku.

Næsta skref var að semja kynningarbréf fyrir erlenda foreldra sem leikskólastjórnir myndu áframsenda með tölvupósti til viðkomandi foreldra (sjá viðauka D). Svörin frá foreldrum kæmu svo beint til mín þannig að leikskólastjórar fengju ekki að vita hverjir kusu að taka þátt í rannsókninni. Viðtölin voru sex talsins og voru tekin á tímabilinu júní – september 2019.

3.3.1 Þátttakendur

Þátttakendur voru valdir út frá hentugleika til að ná markmiði rannsóknarinnar og því notað markmiðsúrtak (e. purposive sampling). Þegar þátttakendur eru valdir með markmiðsúrtaki er það vegna persónulegrar reynslu þeirra á viðfangsefninu/fyrirbærinu og leitast er eftir þeirra upplifun og skoðunum á fyrirbærinu (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013, bls. 130). Markmiðsúrtak í þessari rannsókn eru erlendir foreldrar sem eiga barn eða börn í leikskólum í Reykjanesbæ. Kynningarbréf voru send í gegnum tölvupóst til leikskólastjóra í öllum tíu leikskólum sem eru starfandi í Reykjanesbæ. Ákvörðun um að taka þátt í

rannsókninni var tekin í sex af þessum tíu leikskólum. Eftir að foreldrarnir sem sýndu áhuga létu mig vita um vilja sinn til að taka þátt í rannsókninni hafði ég samband við þá til að ákveða tíma fyrir viðtal sem hentar bæði þátttakendum og rannsakanda.

Þátttakendur (erlendir foreldrar) í þessari rannsókn voru tólf og eiga þeir börn í fjórum leikskólum en einnig átta sumir þeirra eldri börn í tveimur öðrum leikskólum. Þátttakendur koma frá sjö löndum sem verða ekki tilgreind hér vegna hagsmuna þeirra. Móðurmálin þeirra eru sjö. Þátttakendur eiga samanlagt tólf börn sem eru í einhverjum leikskóla þátttakenda og tvö börn sem voru áður í einhverjum leikskóla í Reykjanesbæ. Af þessum fjórtán börnum eru tíu fædd og hafa alltaf búið í Reykjanesbæ en hin fjögur fluttu frá heimalandi. Allir þátttakendur búa í Reykjanesbæ og tíu þeirra fluttu beint frá heimalandi sínu til Íslands en tveir fluttu frá þriðja landi.

Ég sjálf er af erlendum uppruna og er gift manni sem er einnig af erlendum uppruna en kemur ekki frá sama landi og ég. Við eigum saman tvö börn sem eru fædd og alast upp í Reykjanesbæ og hafa gengið í leikskólann þar þannig að ég hef persónulega reynslu sem foreldri. Þátttakendur í rannsókninni voru sjö mæður og fimm feður. Frá leikskólanum Blómalandi koma átta foreldrar, frá leikskólanum Sælukoti koma tveir, frá Bjarmalandi einn, og einn frá Regnbogalandi. Nöfn á öllum leikskólum var breytt vegna hagsmuna þátttakenda, bæði foreldra og leikskóla. Einnig var öllum foreldrum gefið íslenskt nafn til þess að útiloka möguleika að verði tilgreint frá hvaða landi þeir koma. Aldur foreldra var ekki skoðaður í þessari rannsókn en lengd dvalar á Íslandi er frá þremur árum og allt að tuttugu árum. Tveir foreldranna fluttu til Íslands sem börn ásamt fjölskyldum sínum. Flestir foreldrar sem eru þátttakendur fluttu til Íslands í leit að betri lífskjörum en einn þeirra flutti vegna fjölskylduaðstæðna þar sem maki er íslenskur, en tveir þátttakendur hér eiga íslenskan maka. Barnsfaðir Ásdísar og fyrrverandi eiginmaður hennar er upprunalega frá þriðja landi eins og eiginmaður Nönnu. Allir þátttakendur eru í fastri vinnu. Ekki var spurt frekar um atvinnu foreldranna eða menntun.

3.4 Framkvæmd rannsókna

Framkvæmd rannsóknarinnar fólst í því að taka viðtöl með opnum og hálfopnum spurningum. Tekin voru sex viðtöl, þar af voru fimm rýnihópviðtöl (e. focus group interviewing) og eitt einstaklingsviðtal. Áætlunin var að öll viðtöl yrðu rýnihópviðtöl en svo gerðist það að bara eitt foreldri mætti í áður umsamið viðtal. Foreldri gæti ekki mætt á öðrum tímum og var það tilbúið til að taka þátt þótt að enginn annar mætti á tilsettum tíma. Sami spurningalisti var notaðir í öllum viðtölum sem spurningarammi, spurningalistar voru samdir til á þrem tungumálum, íslensku, pólsku og serbnesku, (sjá viðauka É, F og G). Spurningarlista er skipt niður á 3 hluta, fyrst koma spurningar um bakgrunnsupplýsinga, síðan

almennar spurningar og í lokin er spurt um samstarf heimilis og leikskóla. Viðtölin voru mislöng frá einni og hálfri klukkustund til tveggja klukkustunda og tíu mínútna og fóru ýmist fram á íslensku, serbnesku eða pólsku. Í viðtölum á pólsku var viðstaddur túlkur. Tungumálin voru valin út frá tungumálaþekkingu rannakandans sem eru serbneska sem móðurmál og íslenska sem annað mál og pólska sem rannsakandinn skilur og talar lítið. Aðalástæða fyrir því að bjóða upp á viðtöl á pólsku var að áberandi flestir innflytjendur koma frá Póllandi og flest erlend börn á leikskólum eru af pólskum uppruna.

Viðtöl teljast ein af bestum leiðum til að safna gögnum þegar um tilviksrannsóknir er að ræða. Með því að nota opnar eða hálfopnar spurningar er þátttakendum í þessari rannsókn, erlendum foreldrum, gefið svigrúm til að svara spurningunum á sínum forsendum. Oftast nota rannsakendur bæði opnar og hálfopnar spurningar í viðtölum í tilviksrannsóknum, telja þeir Rúnar Helgi og Ársæll Már (2013:502). Til þess að viðtölin heppnist vel og rannsakandinn nái að safna góðum gögnum þarf hann að öðlast traust þátttakenda strax í byrjun. Vopnin sem rannsakandinn notar er að vera afslappaður sjálfur, búa til þægilegt vinnuumhverfi þar sem þátttakendum muni líða vel og bera virðingu fyrir þeim skoðunum, reynslu og upplifunum sem koma fram í svörum þeirra (Lichtman, 2013:193).

Rýnihópar (e. focus groups) voru notaðir vegna áhrifa sem þátttakendur hafa hver á annan ómeðvitað en slíkt gerist ekki í einstaklingsviðtölum. Þegar þátttakendur eru fleiri en einn þá gerist það að svörin þeirra geta dregið fram hugsanir annarra þátttakenda og þannig kalla fram þau svör, reynslu, upplifanir og hugmyndir sem annars koma síður fram í hugann ef þátttakandinn er bara einn. Rýnihópaviðtöl hafa fleiri kosti, til að mynda er fjölbreyttum gögnum safnað á stuttum tíma frá fleiri þátttakendum, viðtölin gefa innsýn í viðhorf, skoðanir og gildi sem hópurinn býr yfir, frásagnir byggja á reynslu þátttakenda, öryggistilfinning myndast innan hópsins, oft skapast samkennd milli þátttakenda sem er hentug nálgunarleið í minnihlutahópum eins og tilfellið er í þessari rannsókn. Ókostir við rýnihópaviðtöl eru að rannsakanda getur reynst erfitt að hafa stjórn á umræðum þar sem málgláðir þátttakendur geta tekið meira pláss og fundurinn getur dregist á langinn (Lichtman, 2013:207; Sóley S. Bender, 2013:309).

3.5 Skráning og úrvinnsla gagna

Rýnihópaviðtöl og eitt einstaklingsviðtal voru tekin á tímabilinu júní – september árið 2019. Rýnihópaviðtöl voru fimm og fjöldi þátttakenda í hverju viðtali var frá tveimur til þriggja. Viðtölin voru tekin upp á síma rannsakandans á Voice recorder eða hljóðupptöku. Lengd viðtalanna var frá 49 mínútur til 1 klukkustundar og 48 mínútna, samanlagt 7:01:27 klukkustundir. Allar upptökur voru síðan afritaðar orðrétt hver fyrir sig á Word skjal sem gerði 105 blaðsíður af skrifuðum texta. Viðtöl á pólsku fóru fram með aðstoð frá túlki, sem var í því

hlutverki að túlka allar spurningarnar til þátttakenda og túlka svörin þeirra til baka þegar rannsakandinn skildi ekki svarið. Hugsunin á bak við rýnihópaviðtöl er á fá upplýsingar um líðan fólks, reynslu og upplifanir. Til þess að safna upplýsingum af þessu tagi taldi ég að rýnihópaviðtöl á fleiri en einu tungumáli munu henta vel. Ég tel út frá eigin reynslu að þáttum eins og líðan og upplifun sé best lýst á móðurmáli og er þetta ástæða fyrir að bjóða upp á viðtöl á fleiri tungumálum.

Öll viðtöl fóru fram á sama stað í sama rými sem er leikskóli og vinnustaður rannsakendans. Andrúmsloftið var afslappað og rannsakandinn byrjaði alltaf viðtöl með að útskýra markmið og tilgang rannsóknarinnar, siðareglur, sjálfræðisreglu, að með öll gögn yrði farið sem trúnaðarmál og nöfnum allra þátttakenda, bæði foreldra og leikskóla, yrði breytt. Í viðtölum var stuðst við spurningalista sem ramma og í hverju viðtali eftir fyrsta viðtal var spurningaröðinni breytt til þess að tengja betur við svörin viðmælandans og þannig að viðmælandinn missti ekki þráðinn. Áhersla var lögð á að fá sem mest út úr viðtölunum. Í gegnum opin viðtöl gefur rannsakandinn viðmælanda sínum tækifæri til þess að tjá sig á sinn hátt, hann þarf að geta sagt sína sögu með sínum orðum og útskýra sitt sjónarmið. Rannsakandi má ekki vera of stýrandi en beina viðmælanda á rétta braut með spurningum ef hann fer að tala um viðfangsefni sem tengjast ekki rannsókninni. Opin viðtöl hafa einnig þann kost að geta leitt rannsakandann á aðrar mikilvægar slóðir sem jafnvel hefði ekki gefist tækifæri til ef um stífan spurningaramma væri að ræða (Lichtman, 2013:195). Opin viðtöl krefjast þess einnig að rannsakandi þarf að vera meðvitaður um mikilvægi þess að velja hentuga staðsetningu fyrir viðtalið. Staðsetningin þarf að gefa færi á góðum frið án truflana, best er ef bæði rannsakandi og viðmælandi komi sér saman um hentuga staðsetningu (Lichtman, 2013:194). Rýnihópaviðtöl gefa þátttakendum tækifæri að ræða sín á milli, rannsakandinn tekur þátt með í umræðunni og stýrir henni áfram og heldur utan um settan ramma.

Greining gagna byrjaði á léttum nótum um leið að fyrsta viðtalið var búið en djúp greining var gerð þegar öll viðtöl voru búin og búið var að afrita þau. Með því að afrita orðrétt gafst rannsakendum tækifæri á að setja inn hugleiðingar og leggja áherslu á þau atriði sem rannsakanda og þátttakendum fannst mikilvæg. Aðferðir þemagreiningar voru notaðar við greiningar á gögnunum. Þegar afritun var að fullu lokið og vel búið að lesa yfir gögnin var byrjað á því að kóða hvert viðtal. Kóðun felst í því að greina eiginleika gagnanna, taka út það efni sem rannsakandi telur áhugavert og muni nýtast í sinni rannsókn (Braun og Clarke, 2006:88). Að lokinni kóðun voru fundin sameiginleg þemu út frá kóðum allra gagnanna. Þemu eru fimm og eru þær: Fyrstu skref, móttaka, samskipti, aðlögun og hugmyndir erlendu foreldra.

3.6 Réttmætti og áreiðanleiki

Þegar kemur að réttmætti og áreiðanleika í tilviksrannsóknum telja þeir Rúnar Helgi og Ársæll Már (2013:507) að svipaðar kröfur eigi að gera eins og gerð sé meginleg rannsókn. Kröfur til réttmættis í eigindlegum rannsóknum eru eftirfarandi: hugtakaréttmætti þar sem tengja á þau hugtök sem notuð eru við efnið sem verið er að rannsaka, innra réttmætti þar sem eigi að finna orsakatengsl og koma í veg fyrir að aðrir þættir hafa áhrif á breytur, ytra réttmætti sem segir um að hversu mikið er hægt að alhæfa niðurstöður. Ein krafa er gerð þegar kemur að áreiðanleika sem segir til um líkur að sömu niðurstöður hafi birst í rannsóknum annarra ef notast hefur verið við sömu rannsóknaraðferðir.

3.7 Siðferðileg atriði og leyfi

Hver og ein rannsókn þarf að uppfylla bæði aðferðafræðilegar og siðferðilegar kröfur til þess að rannsóknin verði marktæk og að þar eru fjórar höfuðreglur: sjálfræði, skaðleysi, velgjörð og réttlæti skrifar Sigurður Kristinsson. Með sjálfræðireglunni (e. the principle of respect for autonomy) er átt við að bera skal virðingu fyrir sjálfræði þátttakanda (2013:71).

Hlutverk rannsakandans er að upplýsa þátttakendur um eðli rannsóknarinnar og fá þá til þess að samþykkja sína þátttöku með undirskrift og kallast upplýst þátttaka. Rannsakandinn býr til sérstakt blað þar sem koma fram allar helstu upplýsingar varðandi rannsóknina og eðli hennar. Mikilvægt er að þær upplýsingar séu skrifaðar á því máli sem þátttakandi skilur vel, að orðaforði sem notaður er til að gefa upplýsingar sé auðlesinn og skiljanlegur öllum þátttakendum. Nauðsynlegt er að gera þátttakendum grein fyrir að þeir geti hætt við þátttöku á öllum tímapiptum rannsóknarinnar eða hafnað henni í byrjun óháð ástæðu og að það komi þátttakendum ekki að sök. Einnig skal koma fram að ekki er skylda að svara öllum spurningum ef þátttakandi telur að hann vilji ekki deila þessum upplýsingum með öðrum. Þátttakendur verða einnig að vera upplýstir um að þeir geta dregið til baka sín svör og svo má nefna í lokin að það er kostur ef lítill sem enginn skyldleiki er á milli þátttakenda og rannsakanda (Sigurður Kristinsson, 2013: 73-85).

Meðal þeirra upplýsinga sem þátttakendur þurfa að fá eru upplýsingar um rannsakandann, hver sé tilgangur rannsóknarinnar, í hverju þátttaka felist, hver sé áætluð tímasetning, hvort og þá hver sé áhætta og ávinningur rannsóknarinnar, hvort það geti haft áhrif á þátttakendur og hvaða ráðstafanir rannsakandinn leggi til að til verði gripið ef þarf í þeim tilfellum að þátttakendur telji sig hafa orðið fyrir skaða. Nauðsynlegt er að taka fram að allt sem fram fari í rannsókninni sé trúnaðarmál, og að lokum hvar og með hvaða hætti verði greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar. Til þess að þátttakendur finni fyrir öryggi þarf rannsakandinn að vera tilbúinn að svara spurningum sem mögulega geta vaknað síðar meir og til þess þarf

hann að vera aðgengilegur, skrifa með hvaða hætti er hægt að nálgast hann (Sigurður Kristinsson, 2013:73, 85).

Samkvæmt Lichtmann er vellíðan þátttakenda á meðan á viðtalinu stendur mikilvæg og að þeir finni fyrir öryggi. Gott er að rannsakandi myndi góð tengsl við þá en verður að fara varlega í því svo að tengslin verði ekki of mikil og þátttakendur misskilji ekki og fari að halda að vinatengsl séu að myndast og þannig yfirtaki vald á viðtalinu (2013:54).

Með mikilli gætni og trúnaði þarf að fara með allar persónulegar upplýsingar sem koma fram í rannsókn. Hver þátttakandi hefur fullan rétt á að rannsakandi muni halda öllum upplýsingum leyndum fyrir sig og muni ekki fara lengra með þær nema með samþykki þátttakandans. Útbúa skal dulkóða/dulmálslykil og vera vakandi fyrir að þeir séu alltaf á öruggum stað þar sem enginn annar en rannsakandi hafi aðgang að. Gerist það að upplýsingar um þátttakendur fari í ranga hendur getur slíkt valdið skaða (Sigurður Kristinsson, 2013, bls. 81). Varúð skal gæta við framkvæmd opinna viðtala þar sem getur komið fyrir að viðmælandinn geti farið að tjá sig um mjög persónulegar upplýsingar sem ekki er leitað eftir í rannsókninni. Gerist slíkt eigi rannsakandinn að stöðva viðtal og beina því í rétt átt (Lichtman, 2013:53).

Skaðleysisreglan (e. the principle of nonmaleficence) felur í sér að vísindarannsóknir eigi ekki að stofna þátttakendum í óþarfa hættu, að hættan verði að vera innan ákveðinna marka og að ávinningur þátttakandans sé meiri og í tengslum við hagsmuni þátttakanda. Það þýðir að upplýst samþykki sem þátttakendur skrifa undir er ekki nóg í sjálfu sér til að rannsóknin teljist réttmæt (Sigurður Kristinsson, 2013, bls. 74).

Velgjörðareglan (e. the principle of beneficence) kveður á um að framkvæma eigi rannsóknir sem koma mannkyni til bóta og gæta skal að hagsmunum allra og réttindi þátttakenda vegi meira en réttindi vísindarannsókna (Ólöf Ýrr Atladóttir, Ingileif Jónsdóttir og Björn Guðbjörnsson, 2013:99).

Réttlætisreglan (e. the principle of justice) er um þátttakendur sem eru eða gætu verið í veikri stöðu. Í þessa hópa falla minnihlutahópar og er mikilvægt að geta verndað þá fyrir áhættum vegna rannsóknarinnar (Ólöf Ýrr Atladóttir, Ingileif Jónsdóttir og Björn Guðbjörnsson, 2013:99). Þessi regla snýst einnig um að þátttakendur séu verðlaunaðir fyrir framlag sitt í rannsókninni (Sigurður Kristinsson, 2013, bls. 74).

Þessi rannsókn var ekki tilkynnt til Persónuverndar þar sem leiðbeinandi taldi að slíkt þurfti ekki vegna eðlis rannsóknarinnar en óskað var eftir sérstöku leyfi frá forstjóra Fræðslusviðs í Reykjanesbæ (sjá viðauka A), og leyfi var veitt eins og áður segir þann 15. ágúst 2018. Næst var sent kynningarbréf (sjá viðauka B) með tölvupósti til allra leikskólastjóra í leikskólum í Reykjanesbæ og óskað eftir þátttöku, þeir sem staðfesta hafa sína þátttöku hafa síðan fengið annað kynningarbréf (sjá viðauka D) sem er ætlað foreldrum af erlendum uppruna.

Foreldrarnir beindu svari beint til rannsakendans með tölvupósti svo að leikskólarnir fengju ekki að vita hverjir þátttakendur væru. Bæði kynningarbréf innihalda lýsingar á markmiði og tilgangi rannsóknarinnar. Þátttakendum var gerð grein fyrir og skýrt tekið fram að farið yrði með öll gögn sem trúnaðarmál og yrðu þau aðeins sýnileg rannsakandanum. Við byrjun hvers viðtals farið var með þátttakendum yfir tilgang, markmið, siðareglur, sjálfræðireglu, trúnaðarmál og óskað var eftir leyfi til þess að gera hljóðupptöku sem allir þátttakendur samþykktu. Einnig var sagt frá að mesta trúnaðar yrði gætt með upplýsingar og að dulnefni yrði búið til fyrir allar þátttakendur.

Rannsakandi sjálf er af erlendum uppruna og er gift manni sem er einnig af erlendum uppruna en kemur ekki frá sama landi. Þeir eiga saman tvö börn sem eru fædd og alast upp í Reykjanesbæ og hafa gengið í leikskólann þar þannig að rannsakandinn hefur persónulega reynslu í móttöku og aðlögun sem foreldri. Einnig vinnur rannsakandinn í leikskóla í Reykjanesbæ í meira en áratug.

4 Niðurstöður

Eftir að viðtölin voru tekin hófst vinna við að afrita öll gögn sem safnað var og næsta skref eftir það var að vinna úr efninu. Með þessu er hugsað um að kóða og þemu greina viðtöl og á endanum skrifa niðurstöður. Þessi kafli mun fjalla um þær niðurstöður sem rannsakandi fékk úr uppsöfnuðum gögnum. Einnig verður vitnað í viðtöl til þess að sýna tengingu við niðurstöður. Við greiningu gagna stóðu áberandi upp fimm þemu sem eru: fyrstu skref í áttina að leikskólanum, móttaka, aðlögun, samskipti og á endanum hugmyndir erlendu foreldranna. Kafllinn um fyrstu skrefin geymir efni um upplifanir og reynslu foreldranna þegar kemur að leit að leikskóla og skráningu barnsins. Næsta þema er móttaka er fjallar um upplifun foreldra á fyrstum kynnum við leikskólann og hvernig var tekið á móti þeim og barninu þeirra. Þriðji kafli er aðlögun og þar er fjallað um hvernig hún gekk fyrir sig en fjórða þema eru samskipti sem eru lykilatriði að vellíðan barnsins og foreldranna. Fimmta þema eru hugmyndir við lausnir á vandamálum sem erlendu foreldrarnir finnst vera íþyngjandi fyrir fjölskyldur með ungum börnum.

Þeir erlendu foreldrar sem vildu taka þátt í rannsókninni eru tólf talsins og koma þeir frá sjö ólíkum löndum. Ástæður fyrir flutningi til landsins eru mismunandi, frá sameiningu fjölskyldu, flóttamenn, í leit að betri vinnu eða til að skoða landið. Dvöl þeirra á landinu er frá þremur árum allt yfir í að hafa dvalið í landinu í um tuttugu ár. Fyrstu niðurstöður sýna að nú til dags eru sex af tólf erlendu foreldrunum sem tala mjög góða íslensku, þrjár foreldrar bjarga sér á íslensku en þrjár foreldrar eru að læra íslensku en tala mjög góða ensku. Hér var ekkert foreldri sem ekki gat bjargað sér annað hvort á íslensku eða ensku, allavega rannsóknin stóð yfir. En það var ekki alltaf þannig, til þess að læra tungumál þurfa menn tíma og sterkan vilja. Þótt að einhverjir foreldrar hér gátu tjáð sig vel á íslensku, var það öðruvísi á þeim tíma þegar barnið þeirra var mjög ungt. Hvernig þetta hefur reynst þessum foreldrum og hvort að hafi valdið einhverjum erfiðleikum má lesa hér fyrir neðan.

4.1 Fyrstu skref í áttina að leikskólanum

Þema fyrsta skrefs fjallar um skrefin sem erlendu foreldrar þurfa að taka áður en barnið byrjar í leikskóla. Stundum ná þessi skref lengra aftur í tímann, allt að tveimur árum. Fyrir einhvern sem er tiltölulega nýfluttur til Íslands getur verið áskorun að finna leikskóla, velja og á endanum skrá barnið í leikskólann sem eru undirþemu hér. Reynsla þátttakenda er örlítið mismunandi eftir því hversu lengi þeir höfðu búið á Íslandi, hvort þeir þekktu tungumál landsins en jafnvel hvort þeir eru að skrá fyrsta barnið á leikskóla eða ekki.

4.1.1 Finna leikskólann

Erlendum foreldrum sem tóku þátt í þessari rannsókn fannst miserfitt að komast að því hvar og hvernig ætti að finna upplýsingar um leikskólana í Reykjanesbæ. Einhverjir hafa nefnt að þeim var bent af samstarfsfólkinu sínu eða kunningjum að upplýsingar væri að finna bara á netinu eða jafnvel ætti að fara beint í leikskólann og þá er málið búið. Einnig vissu þeir ekki hvenær væri rétti tími til að skrá barnið eða hvort einhverjar reglur væru varðandi leikskólahverfin. Upplýsingar sem þeir hafa fengið hjá samlöndum sínum um leikskólakerfi á Íslandi reyndust í mörgum tilfellum ekki réttar og gerðu þeim oft lífið leitt. Upplifun Rúnu og Sævars var þannig að þau hafa heyrt allskonar sögur frá samlöndum sínum varðandi skráningu barnsins á leikskóla. Samlandarnir segja að þær almennu upplýsingar um hvar leikskóla sé að finna, hvort að þeir hafi val um skráningu og annað tengt þessu sé að finna á internetinu, að sögn vinkonu Rúnu. Reglur sem þeir hafi heyrt frá samlöndum og öðrum kollegum sínum þegar kemur að skráningu í leikskóla reyndust vera kolrangar. Aðspurð um það segir Rúna:

„Við höfum heyrt allskonar, sögur voru svo mismunandi að við vorum í vafa hverju átti að trúa. Ein sagði að það er allt á netinu, hin að maður fari bara beint í leikskólann sem maður velur eða jafnvel að best væri að fara í Ráðhúsið og þeir redda málunum. Okkur fannst allt þetta flókið og vissum ekki hverju er best að trúa. Við reyndum að spyrjast út á Forum en þá versnaði bara allt. Þarna skrifar fólk ótrúlegustu hluti.“

Reynsla Gests var öðruvísi og er þannig að hann flutti til Íslands á undan konunni sinni og börnunum tveim til þess að finna sér vinnu og íbúð, safna sér upplýsinga um kerfin á Íslandi en líka til að finna upplýsingar um leikskólana í Reykjanesbæ þar sem hann ætlaði að búa ásamt fjölskyldunni sinni. Hann segir:

„Ég flutti til Íslands í marsmánuði en konan mín og börnin áttu að koma í september. Ég var kominn með vinnu og var að nota þann tíma til að undirbúa komu þeirra, m.a. finna leikskólann fyrir börnin okkar. Ég bjóst ekki við að einhver færi með mér og leiddi mig í gegnum allt. Samt var erfitt að finna upplýsingar um leikskólana á netinu. Ég fann vefsíðuna og hvað svo? Það reyndist erfitt að fara lengra ef þú kannt ekki íslensku. Notkun googletranslate virkar ekki í svoleiðis tilfellum, það geri bara illt verra. Svo að ég fór í Ráðhúsið.“

Þegar foreldrum hafði tekist eða ekki tekist að finna lista yfir leikskólana í Reykjanesbæ kom að því að velja besta leikskóla fyrir barnið sitt.

4.1.2 Val á leikskóla

Val á leikskóla fyrir barnið sitt er stórt skref fyrir flesta foreldra. Að velja það sem er best fyrir gullið sitt getur reynst en erfiðara ef fjölskyldan býr ekki í heimalandi sínu. Margt réð leiðinni hjá foreldrunum þegar ákvörðun um val á leikskóla var tekin svo sem reynsla foreldranna sjálfa, atvinna þeirra, hvort að samlandar eða einhver annar sem talar móðurmálið þeirra sé að vinna á leikskóla og einnig opnunartímar. Mikael segir að hann og konan hans hafa valið leikskólann fyrir barnið sitt vegna þess að þeir þekkja vel einn kennara sem vinnur í viðkomandi leikskóla en einnig hafi þeir heyrt frá vinfólki sem átti börn í leikskólanum allt það besta. Ingunn og Ingi hafa einnig viljandi valið Blómaland fyrir frumburðinn sinn. Að þeirra sögn er ekki einfalt að senda barn í leikskóla þegar barnið talar ekki tungumálið samfélagsins:

„Við vissum að þar vinnur einhver sem talar okkar mál, við fórum að kanna leikskólann, sáum hvernig hann rúmar, vissum að skólinn væri nýr, stór, nútímalegur, okkur líkar vel stefnan, hvernig börnunum er skipt milli deilda. Við vissum að þar er einhver sem barnið okkar getur leitað til.“

Gestur er með aðra skoðun á málinu og valdi viljandi leikskólann þar sem enginn starfsmaður er frá hans heimalandi en samt fannst honum gott þegar hann kynntist starfsmanni sem skilur málið hans:

„Við máttum velja milli tveggja leikskóla. Þar var laust fyrir bæði börnin. Við völdum annan þeirra vegna þess að þar var enginn að vinna frá okkar heimalandi en líka vegna þess að þar er opinn leikskóli og öll börn eru að leika sér saman..... mér fannst samt gott að vita að þar er starfsmaður sem skilur málið okkar. svona barnanna vegna, ef eitthvað kemur upp á, ef þau fara að finna til einhvers staðar.“

Annað foreldri, Ósk, er með erfiða reynslu sem hún deildi með mér. Eldra barn hennar Óskar var á einum leikskóla í Reykjanesbæ sem hún var ekki sérlega ánægð með. Þá var leikskólinn valinn vegna nálægðarinnar við heimili fjölskyldunnar. Hennar upplifun þar eru tíð leiðindatilvik en hún fékk nóg þegar á barnið hennar var litið sem fávita og komið var illa fram við það.

„Deildarstjórinn þar sagði mér eina sögu en gerði allt annað. Það sást vel á konunum sem unnu á deildinni að þær voru mjög stressaðar og hræddar við deildarstjóran. Ég kom einu sinni snemma að sækja barnið og var vitni að atvíki þegar deildarstjórinn skammaði svo mikið barnið að mér leið ekki vel en hvað var að segja um aumingja barnið sem grét hástöfum. Ég skammaðist mig svo mikið fyrir orðalagið sem hún notaði!“

Ósk hafi einnig lent í að fara út úr foreldraviðtali áttavíllt. Þá hafði deildarstjórinn hrætt hana svo mikið að hún hélt að barnið sitt væri mjög hátt á einhverfu rofi:

„ Hún sagði við mig að barnið viti ekki neitt og að með það væri ekki allt með felldu. Hún sagði ekki einn einasta jákvæða hlut um barnið mitt. “

Barnið var í kjölfari greind með þroska mati og öðrum hjálpartækjum sem leiddu í ljós að það eina sem vantaði upp á hjá barninu væri fleiri orð á íslensku og niðurstaðan var sú að leikskólinn ætti að taka sig saman og kenna barninu íslensku markvisst. Það þurfti ekki frekari ástæður til að Ósk veldi annað leikskóla fyrir yngra barn hennar þegar það kom í heiminn fimm árum síðar. En þá fór hún auðvitað með gát og spurðist miklu betur fyrir.

Rannsóknin sýndi að frekari upplýsingum um leikskólana í Reykjanesbæ er ábótavant sérstaklega í sambandi við val á leikskóla. Bergrún og Magga tjáðu sig um það. Þegar Magga skráði eldra barnið sitt í leikskóla þá segir hún hafi margt hafa komið í ljós seinna meir:

„Ég vissi ekki að hver leikskóli var með sína hugmyndafræði sem hann er að styðjast við.“

Bergrún og maðurinn hennar eru með svipaða reynslu en einnig héldu þau að leikskólinn sem er í hverfinu væri sá eini í boði, að reglur væru bara þannig. Þau fóru sjálf í heimsókn í leikskólann sem er nálægt heimili þeirra og héldu að sama væri að finna í öllum hinum leikskólum á svæðinu jafnvel á öllu landinu:

„ Við maðurinn mín hringdum bara í næsta leikskóla og spurðum að koma í heimsókn. Fengum kynningu og hugsuðum: það er bara fínt. En ef ég hefði vitað... ég hélt líka að allir leikskólar voru að vinna eins. Ef ég hefði vitað að Bjarmaland væri einkarekið, ef ég hefði vitað að Reykjanesbær er með aðra leikskóla hafði ég kannski valið svoleiðis leikskóla. Ég vissi það ekki. Ef ég hefði vitað um mismunandi stefnur, að hægt sé að velja á milli opinna leikskóla og hefðbundinna...mundi ég kannski gera öðruvísi.“

Hvernig rangar upplýsingar geta farið með foreldranna vita Rúna og Sævar sem voru farin að hugsa um að flytja í annað hverfi eða jafnvel bæjarfélag til þess að barnið þeirra fengi að fara í leikskóla sem að þeim líkaði betur við en hverfisleikskóla. Frá þessum atburði segir Rúna:

„ Það er leikskóli í hverfinu þar sem við búum í en okkur langaði alls ekki að barnið okkar færi þangað. Bróðir mannsins míns var með barnið sitt þarna og það var alltaf eitthvað, börnin komu oft heim eftir leikskólann óhrein eftir máltíð dagsins og var ekki vel hugsað um þau. Þeir voru mjög óánægðir. Okkur hefur brugðið mikið þegar við fréttum frá kunningjum að barnið verður að fara í leikskólann sem er í sama hverfi sem barnið býr í! Við vorum svo hrædd að barnið okkar verður að fara á þennan leikskóla. Sem betur fer var það á endanum ekki rétt. “

Fjórir þátttakendur í þessari rannsókn hafa valið leikskóla út frá hentugleika. Þannig valdi Nanna leikskólann sem er nálægt heima hjá henni en einnig hefur heyrt frá vinkonu sinni að leikskólinn væri góður. Ásdís valdi leikskólann af svipuðum ástæðum:

„Ég valdi Sælukot sérstaklega vegna opnunartímans. Hvað gat ég annað gert ég þurfti að mæta í vinnuna í Sandgerði til kl. 8 og maðurinn minn vinnur í Reykjavík og fer af stað kl.6.“

Greinilegt er að foreldrarnir hafa lent í ýmsu við leit á leikskóla fyrir börnin sín. Eftir að foreldrarnir völdu leikskólana var næsta skref að ganga frá skráningu. Hvernig leið foreldrunnum með það segir í næsta undirkafla.

4.1.3 Skráning á leikskóla

Eftir að foreldrar velja leikskólann fyrir barnið sitt er næsta skref að skrá það í viðkomandi stofnun. Eins og allt annað er reynsla foreldranna nokkuð svipuð. Ósk hafði búið á landinu í áratug þegar fyrsta barnið hennar fæddist. Hún talar orðið íslensku en eins og gerist var hún mjög óörugg í að nota hana, sérstaklega í rituðu máli:

„Ég var svo kvíðin að gera eitthvað vitlaust við skráningu, hvað ef ég geri ekki rétt þá missir barnið plássið. Það var ekki annað nema að finna einhvern sem er góður í íslensku til að hjálpa mér. En það var ekki nóg, ég vissi ekki hvenær ætti að skrá barnið. Ég hef heyrt að það þarf að gera um leið að barnið fæddist svo það fær plássið alveg pottþétt. Ég var orðin kvíðin með það allt saman.“

Vefsíðan Reykjanesbæjar reyndist þeim foreldrum sem lesa ekki íslensku erfið. Marga flipa þurfti að opna til að finna leiðina sem oft reyndist ekki sú rétta. Foreldrarnir reyndu að bjarga sér hver með sínu ráði en Gestur lenti í erfiðleikum að finna þýðingu á ensku eða móðurmálinu sínu því að hvert tungumál notar frasa sem finnast ekki á þýðingarvélinni.

Þeir foreldrar sem voru orðnir talandi á íslensku eða eiga maka sem er Íslendingur (þau átta samtals) upplifðu skráninguna á leikskóla á allt annan hátt enda ljóst hvers vegna. Þannig nefnir Magga að það var ekki málið með skráningar einar sem henni fannst óljóst heldur frekar hvenær væri best að ganga frá skráningunni. Það sem henni og fjölskyldunni hefur reynst erfiðast í öllu þessu er að barnið fékk ekki inngöngu á leikskólann sem að þeir völdu:

„Hjá okkur var það með eldra barnið að leikskólinn er mjög nálægt okkur og okkur líkaði vel við áherslur sem leikskólinn leggur á. Og svo vildum við að yngra barnið færi líka þangað því að við þekktum leikskólann svo vel. En það fékk ekki pláss.“

Vonbrigði sköpuðust í fjölskyldunni hennar Möggu því að þeim fannst ósanngjarnt það fyrirkomulag og þær reglur sem notaðar eru við innskráningu nýrra barna á viðkomandi leikskóla. Sem betur fer fékk yngra barnið hennar Möggu á endanum að fara í leikskóla sem var annað val.

Að skráningu lokinni var ekki um annað að velja nema bíða eftir að fá staðfestingu um hvort barnið hefði fengið plássið sitt og vonandi í valda leikskólanum. Þó að Magga hefði upplifað þá reynslu að barnið hennar fékk ekki pláss í leikskólanum sem þau langaði mest í hafa aðrir

foreldrar sem tóku þátt í þessari rannsókn verið ánægðir með sitt. Annað hvort fengu foreldrarnir tölvupóst eða í sérstökum tilfellum var hringt í þá til að bjóða þeim á kynningarfund fyrir nýja foreldra, sem næsta þema talar um.

4.2 Móttaka

Annað þema í þessum kafla er móttaka nýju foreldranna og barnanna þeirra í leikskólum í Reykjanesbæ. Þetta þema skoðar hvernig var tekið á móti erlendum foreldrum við fyrstu komu þeirra í leikskólann, fyrstu upplifanir og líðan foreldra.

4.2.1 Kynningafundur

Fyrstu móttökur erlendu foreldranna voru skipulagðar eins og hjá öllum foreldrum nýrra barna á leikskóla. Þeim var boðið á kynningarfund fyrir nýja foreldra. Við framkvæmd þessarar rannsóknar kom í ljós að sameiginlegt fyrir kynningar í þessum leikskólum var skipulag á kynningum. Allar kynningar eru þannig að helstu upplýsingar um leikskólana og starfsemi voru kynntar, foreldrum var sýndur leikskólinn og allar kynningarnar fóru fram á íslensku. Margir foreldrar svöruðu í svipuðum dúr og Ósk. Hún sagði:

„Já það var kynning fyrir nýja foreldra. Ég man ekki alveg allt en það var talað um hvernig leikskólinn vinnur, þeir sýndu okkur leikskólann og var sagt á hvaða deild barnið verður. Almennar upplýsingar.“

Annað sem var sameiginlegt fyrir kynningarnar á þessum leikskólum er að þær voru allar á íslensku og enginn túlkur var viðstaddur. Reynslan af þessu var foreldrum frekar óþægileg en reyndist aðeins betur í tilfellum ef að allavega annað foreldri talaði íslensku. Ásdís segist hafa upplifað sig vanmáttuga ef ekki hefði ekki verið fyrir önnur kona sem er frá sama landi og var einnig á kynningarfund. Ásdís segir:

„Ég sat við hliðina á konunni sem er frá mínu heimalandi og hún túlkaði fyrir mig. En ef ég hefði verið ein þarna þá mundi það reynast mér mjög erfitt. Á þá tíma vissi ég mjög lítið á íslensku, bara algengustu orðin. Ef hefði ekki verið fyrir þessari konu mundi ég ekki skilja næstum ekki neitt en þetta mundi vera mjög óþægilegt og erfitt.“

Ingi túlkaði fyrir konuna sína á kynningarfundinum en sagði að það hefði ekki verið auðvelt því að það tók tíma til að túlka og þá missti hann af því næsta sem leikskólastjóri sagði. Mat þeirra er að það er gott og eðlilegt að kynningar eru á íslensku en að það mætti hafa allavega grunnatriði á móðurmáli foreldra svo að það væri hægt að skoða þau betur eftir að kynningunni lýkur, heima hjá sér í rólegheitum. En ekki náðu allir nýir foreldrar á kynninguna af ýmsum ástæðum. Sumum þeirra var boðið að koma í heimsókn seinna meir. Rúna og Sævar voru erlendis þegar á kynningunni stóð og fengu að koma í heimsókn deginum áður en barnið

byrjaði í aðlögun. Þeir lýsa heimsókninni með jákvæðum orðum en samskiptin fóru fram á ensku þar sem foreldrarnir töluðu litla íslensku. Sævar man að:

„Leikskólastjóri talaði við okkur á ensku, ég hef farið að læra íslensku en hef engan til að tala við. Íslendingar breyta strax yfir á ensku svo að..... Leikskólastjórinn sýndi okkur allan leikskólann, við vorum svo í skrifstofu þar sem við fylltum út pappírana....Við vorum mjög hissa og ánægð þegar við sáum hvernig starfið fer fram í Blómalandi, alveg allt öðruvísi en það sem að við þekktum frá heimalandinu okkar.“

Kynningarnar fóru fram á öllum þessum leikskólum á vormánuðum áður en sumarfríð byrjaði. Síðar um sumarið var hringt í foreldra og þeim boðið að koma í heimsókn með barninu. Næsti undirkaflar talar um hvernig þær heimsóknir fóru fram, hvað foreldrarnir upplifðu.

4.2.2 Fyrsta heimsókn með barninu

Einhverjir leikskólar sem eru þátttakendur í þessari rannsókn hafa fyrir venju til að bjóða foreldrum að koma með barninu í heimsókn til þess að barnið skoði aðeins leikskólann áður en aðlögunin byrjar. Þeir foreldrar sem fengu slíkt boð lýstu ánægju sinni með að barnið þeirra skuli hafa fengið tækifæri til að skoða leikskólann og kynnast umhverfinu áður en aðlögunin hófst. Garðar og konan hans hafa ekki komið á kynningu fyrir nýja foreldra vegna þess að þá voru börnin þeirra ekki flutt til Íslands. Fyrir þau öll var kynningin og heimsókn í sama pakka sem þeim reyndist mjög vel. Gestur man vel eftir þessum degi:

„ Þar í leikskóla sáum við hvernig börn eru að leika sér, sum þeirra labba um, sum þeirra teikna, mér leið svo vel. Frelsi ríkti í loftinu. Sést alveg skipulag en það er ekki stjórnað öllu, börnin fá að ráða hvar og með hvaða efni vilja leika sér. Líka úti, þar sem börn eru að leika sér, ég sá þar bretti, dekk, það er ekki í boði í mínu heimalandi. Börnin leika sér alstaðar. Þetta minnti mig á mína æsku, að leika sér frjálst.“

Annað foreldri þurfti hvorki að koma á kynninguna né í heimsókn. Ástæða fyrir því er fyrri reynsla. Elsta barnið hennar Kristínar hefur verið í þessum leikskóla, þeim líkaði vel við skólann, stefnuna og skipulag en einnig var hún starfsmaður í leikskólanum þegar næstelsta barnið var að hefjast leikskólagöngu sína þar. Reynslan hennar með yngsta barninu var þessi:

„Við þurftum ekki kynningu. Barnið kom á hverjum degi með mér í leikskólann til að sækja eldri systur. Hún þekkti margt, þekkti kennarana og allt.“

Allir foreldrar í þessari rannsókn sögðust vera ánægðir með móttöku í leikskólanum sínum. Kennararnir hafa lagt sitt af mörkum til að bjóða þau velkomin. Stóri dagurinn nálgast og er tíminn kominn til að barnið byrji í leikskóla. Frá því segir í næsta undirkafla sem nefnist aðlögun.

4.3 Aðlögun

Dagurinn rann upp og tíminn til komin til að fara fyrsta daginn í leikskólann. Aðlögun, þriðja þemað, er að byrja og milli leikskólanna má finna mismunandi aðlögunarform. Börnin eru mismunandi móttækileg fyrir nýjungum og breytingum og foreldrar þeirra hafa margt að segja um það. Mismunandi var reynsla erlendra foreldra af aðlögun og byrjun barnanna sinna á leikskóla. Hjá einhverjum hefur gengið vel í byrjun og síðan kom bakslag en aðrir upplifðu allt annað, að í byrjun var hræðilegt að þeirra sögn en svo lagaðist allt. Rúna segir að reynslan sín að aðlöguninni hjá frumburði sínum var góð þrátt fyrir að hún sjálf var kvíðin. Hún tjáði að:

„Í byrjun var barnið ánægt, þegar við skildum það eftir í fyrsta skipti var þetta bara ekkert mál. En hins vegar var hjartað mitt að breyta. Ég segi bless, en barnið tekur ekki eftir mér. Ég fer út og byrja að gráta, mér leið mjög illa. Ég hugsaði um hvernig barninu á eftir að líða, hvort að það fer að gráta. Við vorum mest hrædd um að barnið mundi ekki skilja neitt og að enginn skilur það. Kannski langar það í eitthvað, kannski vill það eitthvað, við vissum ekki hversu mikið það þolir. Það er mikið stress að vera orðin einn eftir einhvern staðar en skilja ekki neitt. Við vorum hrædd um að aðrir krakkar mundu ekki samþykkja það. Ég er enn þá í dag með þessa tilfinningu.“

Leikskólarnir sem koma við sögu í þessari rannsókn nota mismunandi aðferðir til að aðlaga börn að leikskólanum. Hvernig þessar aðferðir hafa reynst erlendum foreldrum segir hér á eftir.

4.3.1 Einstaklingsbundin aðlögun

Aðlögunarform í leikskólanum þar sem barnið hennar Rúnu fer er einstaklingsbundið og felst í því að foreldrar taka virkan þátt í nokkra daga en stutt í einu til að byrja með. Fyrsta daginn er mætt með barnið, verið með það í leikskólanum í um einn til einn og hálfan tíma til þess að barnið fái tilfinningu fyrir leikskólanum, kynnist aðeins krökkum, kanni svæði, kynnist kennara sínum og skoði sig um. En það er alltaf sami kennari sem fylgir barninu allan tímann á meðan á aðlöguninni stendur. Dagur tvö er lengri og þá er látið á það reyna að foreldri skreppi í sirka hálf tíma til einnar klukkustundar. Það fer allt eftir hvernig barninu líður. Síðan fara dagarnir að lengjast hægt og sígandi og er yfirleitt í lok fyrstu viku að barnið er tilbúið að verja sínum tíma í leikskólanum. Að sögn foreldra er það einstaklingsbundið og sumir þurftu aðeins lengri tíma en aðrir, en foreldrum fannst þetta aðlögunarform mjög gott. Þeir gátu tekið virkan þátt og séð hvernig skipulagið virkar í leikskólanum en þurftu ekki að vera allan daginn. Líðan barnsins réð ferðinni og barnið hennar Rúnu var tilbúið á fjórða degi. Rúna segir svo að vikuna á eftir var sagan önnur:

„Fyrsta vika gekk mjög vel fram öllum vonum en eftir helgi byrjaði ballið. Barnið áttaði sig á því að það átti að mæta alla daga og ekkert val um það. Í byrjun var allt nýtt fyrir barnið, ný

leikföng, nýir krakkar, svo held ég að það fattaði að það verður eftir en ég þarf að fara. Þetta var sjokk fyrir barnið.“

Ingunn var hrædd um aðlögunarferli hjá barninu sínu vegna þess að barnið var ekki hjá dagmömmu og hafði lítið umgengist jafnaldra. Amma og afi eru komin á eftirlaun og þeir sáu um að passa barnið þangað til það fór í leikskólann. Sem betur fer gekk allt vel fyrir utan það að foreldrarnir voru svo kvíðin og hrædd enda fyrsta barnið þeirra var að byrja í leikskóla. Hins vegar upplifði Ásdís aðra hlið aðlögunar þar sem bæði börnin hennar áttu erfitt með að aðlagast og aðlögunarformið var þáttökuaðlögun. Hvernig þessi tegund aðlögunar hentaði Ásdísi svaraði hún:

„Auðvitað var ég hrædd um hvernig allt mundi ganga, hvernig barnið mundi þola þetta, en eftir að hún byrjaði var það enn erfiðara. Barnið grét og ég grét líka. En með yngra barnið var enn verra. Það grét allan tímann og borðaði ekki neitt fyrsta mánuð í leikskólanum. Það voru svo margir inni fyrstu dagana að það sást ekki í gólfið. Fyrst voru börn að leika sé aðeins inni, síðan fóru þau út og við foreldrar með þeim en þegar kom að hvíld þá þurftum við foreldrarnir að vera úti. Eftir 10 mínútur var kallað í mig. Mitt barnið öskraði svo mikið inni í hvíldinni að það gat engin sofnað og öll börn öskruðu hástöfum.“

4.3.2 Þáttökuaðlögun

Þrátt fyrir að aðlögunarformið sem tíðkast í leikskólanum er þáttökuaðlögun hefur það ekki hjálpað mikið til að barninu líði betur eða að það aðlaga sig fljótar. Það reyndist Ásdísi einnig erfitt vegna vinnunnar, þar sem að það er ekki venja í fyrirtækinu sem hún vann að starfsmaður fái frí til að fara með barnið sitt í aðlögun á leikskóla.

„Við foreldrarnir þurftum að vera með börnunum í þrjá daga, fyrsta daginn til kl. tólf, annan dag til kl. tvö og þriðja daginn allan tímann. Það gekk ekki vel að samsama þetta með vinnunni, ég þurfti að taka launalaust leyfi. Ég fékk bara ekki borgað.“

Þrír þátttakendur voru með eldra barn í öðrum leikskóla en yngra barnið. Ástæður eru mismunandi, frá því að barnið fékk ekki pláss til þess að foreldrar voru ekki ánægðir með fyrri leikskólann. Ósk og Mikael sögðu hreint út frá óánægju sinni með framkomu í leikskólanum þar sem eldra barnið þeirra var og þess vegna kom ekki til greina að yngra barnið þeirra færi á sama leikskóla þrátt fyrir að leikskólinn væri rétt hjá heimili þeirra. Yngra barnið hennar Möggu fékk ekki pláss en sem betur fór er það í leikskóla sem var annar valmöguleiki þegar þeir gengu frá skráningunni. Munur milli leikskólans sem eldra barnið var á og leikskólans sem yngra barnið fékk pláss í eru ólíkar aðlögunaraðferðir sem að hafa reynst börnunum hennar misvel enda ólíkir karakterar:

„Já það voru notaðir mismunandi aðferðir, þegar eldra barnið mitt var að byrja í Regnbogalandi var notað þáttökuaðlögun, öll ný börn byrjuðu sama dag, á sama tíma, allir

foreldrar og allir krakkar og það voru alveg 40 manns á einni deild svona þrjá daga sem var svolítið mikið. Mér fannst þetta of mikið læti, fyrst og fremst fyrir krakka. Að krakkar sjá svona marga sem þeir þekkja ekki, ekki bara kennara heldur líka foreldra. Þannig var í þrjá daga og búið. Klípt og búið. Barnið mitt var feimið og það átti svolítið bág. Ég sá að henni fannst mjög erfitt að ég þurfti að fara, hún átti erfitt að aðlagast svona fljótt. Þetta var erfitt!“

Magga er með þá skoðun að aðlögunin með eldra barnið mátti vera öðruvísi háttað. Hún kemur einnig með dæmi:

„ ... að það hafa verið bara nokkrir krakkar í einu og aðeins í lengri tíma. Síðan seinna eftir kannski viku aftur nokkrir krakkar að byrja. Ekki allir á sama tíma.

Með yngra barnið hefur Magga að hennar sögn betri reynslu enda allt annað barn, annar karakter eins og hún segir. Aðlögunin gekk fljótt fyrir sig, barnið var fljótlega tilbúið að vera eftir í leikskólanum, það voru heldur ekki margir krakkar að byrja í einu, tveir á hverri deild. Móðirin síðan bar saman reynslu í tveim leikskólum og segir:

„ Á Blómaborg er einn kennari sem fylgir einu barni í aðlögun en á Regnbogalandi eru fjórir kennarar með alla deildinna. Mér fannst mjög gott að ég gat spjallað við kennara yngra barnsins, kennarinn er búinn að kynnast barninu allan tímann og er búinn að kynnast því fljótt eftir smá tíma.“

4.3.3 Aðlögunarreynsla frá heimalandinu

Í þessari rannsókn var einnig spurt um fyrri reynslu af leikskólakerfinu í heimalandinu foreldra en tengt aðlögun. Allir foreldrar könnuðust léttilega við eða hafa heyrt frá ættingjum og vinafólki um hvernig leikskólakerfi virka í þeirra heimalandi. Þeir reyndu að bera saman reynslu sína á leikskólum í Reykjanesbæ og það sem þeir kannast við frá heimalandinu. Niðurstaðan var sú að aðlögun erlendis og hér á landi er tiltölulega mikið frábrugðin. Tveir foreldrar höfðu beina reynslu í að eldra barnið þeirra fór í leikskóla í heimalandinu áður en þeir fluttu til Íslands. Reynsla Bergrúnar er að eldra barnið hennar hefur verið í leikskóla í heimalandinu áður en öll fjölskyldan flutti til Íslands. Reynsla Bergrúnar af leikskólanum þar er frábrugðin reynslunni sem hún hefur öðlast hér í Reykjanesbæ og hún segir:

„Í heimalandinu mínu er venjan sú að þú kemur að skoða í svona klukkutíma áður en barnið byrjar, en þegar barnið byrjar þá ert þú bara að koma með barnið og fara. Starfsfólkið hringir til að láta vita hvernig gengur, en það er ekki ætlast til að foreldrar séu svona lengi með í aðlögun.“

Þrátt fyrir að reynsla foreldranna af aðlögunarferli barnanna í leikskóla hefur verið misjöfn hefur á endanum tekist að aðlaga öll börn sem talað er um í þessari rannsókn. Hér kemur

starfsfólk í leikskólum mikið að gagni. Beint hlutverk kennarans í aðlögunarferli er að nota sína kunnáttu og reynslu til að laða barnið að leikskólanum. Flestir þátttakendur lýstu ánægju sinni með starfsfólkið sem sá um aðlögun og hversu almennt starfsfólk á deildum tók vel á móti barninu og foreldrum. Starfsfólkið gerði margt sem það gat til að hjálpa til ef það átti við í aðlögunarferlinu svo að barninu og líka foreldrum liði vel. Hjónunum Ingunni og Inga leið það illa að kennararnir tóku eftir þessu og gerðu allt sem hægt er til að hjálpa foreldrum að liða betur. Ingi sagði að kennararnir hefðu verið mjög umburðarlyndir sem gerði það að verkum að honum og Ingunni hefur liðið betur og hjálpaði í gegnum aðlögunina hjá barninu:

„Kennararnir sáu að við vorum ofur áhyggjufull svo að þeir voru að senda okkur myndir svo að við gætum séð hvað barnið gerði og hvernig því leið. Við hringdum líka nokkrum sinnum til að athuga með barnið. „

Fleiri foreldrar lýstu svipaðri reynslu og Ingunn enda alveg eðlilegt að foreldrar séu áhyggjufullir þegar barnið þeirra er að taka sín fyrstu skref í leikskóla enda ókunnugt umhverfi. Sérstaklega á þetta við ef fyrsta barn er að byrja á leikskóla. Ýmsar ástæður ollu foreldrum áhyggjur en sérstaklega það sem þeir þekktu ekki, hvernig kerfið á leikskóla virkar, leikskólamenningu, það sem fyrst og fremst barnið skilur og eða talar ekki íslensku, að starfsfólk mundi ekki skilja það og að börin verða ekki tekin í hópinn af öðrum börnum á leikskóla vegna tungumálakunnáttu.

Erlendir foreldrar sem eiga íslenskan maka höfðu ekki lýst áhyggjum tengdum tungumálinu hjá barninu. Áhyggjur þeirra voru um að hvernig aðskilnaður frá barninu mun ganga. Upplifun hennar Möggu er gott dæmi um það:

„Ég hafði kannski óska mér að hafa verið með barninu í aðlögun í aðeins lengri tíma. Því að allt í einu það fattaði að það er ekki bara einn dagur heldur fyrir langan tíma og þá fékk það bakslag.“

Hins vegar lýsti eitt foreldri reynslu sinni þar sem barnið hafði tjáð sig í nokkur skipti um að vildi ekki fara í leikskólann en ástæða fyrir því var að það skildi ekki neitt sem er að gerast þar og ekki hvað varsagt við það. Í þessum tilfellum er um að ræða barn sem er nýflutt til landsins, er á fimmta aldursári og hefur reynslu af leikskóla í sínu heimalandi. Aðlögun muni í sjálfu sér vera erfið ef að væru ekki samskipti milli heimilis og leikskólans.

4.4 Samskipti við leikskólann

Í rannsókninni kom oft við sögu samskipti og er þetta fjórða þema. Samskipti eru mikilvægur þáttur í öllu leikskólastarfi. Góð samskipti milli heimilis og skóla eru lykill að því að leikskólastarfið gangi vel en með vellíðan og velferð barnanna í huga. Yfirleitt eru samskipti flóknari þegar kemur að samskiptum kennara og erlendra foreldra. Ástæður fyrir því eru

margar, svo sem að foreldrar tali ekki íslensku, margir þeirra tali ekki heldur ensku, menningarmunur kemur einnig við sögu. Hér má heldur ekki gleyma að samskipti kennara og barna fara einnig öðruvísi fram þegar barn sem kemur frá annarri menningu byrjar á leikskóla. Oftast nær tala þessi börn litla sem enga íslensku áður en þau byrja á leikskóla og hafa oftast nær haft lítið samband við íslenska menningar- og málumhverfið.

Áhugavert er að niðurstöður sýna að börn sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna, töluðu ekki neina íslensku áður en þau byrjuðu í leikskóla, nema í einu tilviki. Barnið hennar Óskar hefur farið til dagmömmu frá níu mánaða aldri fram til þess að það byrjaði á leikskóla. Ósk þurfti að byrja aftur að vinna eftir að fæðingarorlofinu lauk og var ekki um annað að velja en að barnið byrjaði hjá dagmömmu. Hún telur að dvöl barnsins hjá dagmömmu hafi hjálpað barninu að læra íslensku sem reyndist bæði barninu og foreldrum vel við leikskólabyrjun:

„Ég held að barnið mitt skildi mikið á íslensku við leikskólabyrjun. Það skildi og talaði alveg miðað við aldur en það var nítján mánaða gamalt þegar leikskólaganga hófst.“

Aðrir foreldrar hafa kosið frekar að vinna hvort sína vakt og vera til skiptis heima með börnunum sínum heldur að fara með þau til dagmömmu. Foreldrarnir báru lítið sem ekkert traust til dagmömmu og því þurftu þeir að finna aðrar lausnir. Ástæður fyrir vantrausti á dagmömmur gátu verið þær að vinafólk þeirra hafði slæma reynslu af dagmömmu en einnig hafa þeir heyrt margskonar óviðeigandi sögur um atburði sem hafa gerst þar. Þrír foreldrar eru með betra bakland, þar eru ömmur og afar til staðar og búa einnig í sama bæjarfélagi og því þurfti ekki að senda börnin til dagmömmu. Amma og eða afi hafa boðið sig fram til að hugsa um barnabörnin sín frá því að fæðingarorlofinu lauk þangað til að barnið byrjar í leikskóla. Börn foreldra þar sem annað foreldri er íslenskt hafa ýmist verið hjá ömmu í pössun eða annað foreldri var heima.

Kennarar nota fjölbreyttar aðferðir til þess að tryggja að barninu sem og foreldrum líði vel við leikskólabyrjun. Allir foreldrar sem tóku þátt í rannsókninni sögðu að vel hefur verið tekið á móti þeim og barninu fyrsta daginn þegar þeir mættu öll saman á leikskólann og að kennararnir hafa reynt sitt besta. Reynsla foreldra sem eru nýflutt til landsins reyndist einnig vera góð. Gestur og fjölskylda hans voru nýflutt til landsins og börnin byrjuðu í leikskóla skömmu eftir. Annað barnið var þá fjögurra ára en hitt tveggja ára. Gestur hefur um það að segja:

„Deildarstjórinn sem er kona tók vel á móti börnunum okkar, við erum svo eitthvað heppin, við rekumst alltaf á gott fólk, hún aðstoðaði okkur mikið með því að senda okkur teiknimyndafni sem gott er að börnin horf á til þess að læra fljótar íslensku. Þar var líka einn kennari sem skilur okkar móðurmál og það er gott fyrir börnin, ef þau fara að finna til. Einn

kennari af erlendum uppruna tók alltaf yngra barnið mitt í fangið ef það átti erfitt við að vera eftir í leikskólanum.“

Samkvæmt vitnisburði foreldra hafa forráðamenn leikskóla ekki boðið upp á túlk við móttöku eða í aðlögunarferli barnanna. Í flestum tilfellum var ekki þörf á slíku. Aðallega hefur foreldrum ekki fundist erfitt að gera sig skiljanlega eða skilja starfsfólk í leikskólum vegna þess að þau voru annað hvort orðin góð á íslensku eða töluðu ensku. Einnig má nefna að fimm foreldrar hafa búið á Íslandi í mjög langan tíma yfir tíu ár þegar fyrsta barnið þeirra byrjaði í leikskóla og voru þau orðin vel talandi á íslensku. En fyrir þá foreldra sem hafa búið styttri tíma á landinu var það meira krefjandi. Foreldrar, þeir þrír sem tilheyra þessu hópi, þurftu að treysta á einhvern annan sem talar íslensku hvort að það er maki þeirra eða einhver samlandi. Tveir af þeim tala heldur ekki ensku en einn þeirra gat bjargað sér vel á enskunnni ef þess varð þörf. Upplifun Ásdísar var sú að ef hefði ekki verið fyrir vinkonu hennar sem talar smá íslensku og gat spurt fyrir sig og túlkað svarið þá hefði það verið ómögulegt fyrir hana sjálfa að bjarga sér. Tveir leikskólar eru með starfsmenn sem tala móðurmál foreldranna sem tóku þátt í þessari rannsókn. Aðspurðir um þátttöku samlanda sína í móttöku og aðlögun á leikskóla svöruðu foreldrar þar sem þetta átti við um að hjálp samlanda sinna og annarra sem skilja móðurmál þeirra reyndist þeim mjög vel, sérstaklega þegar vellíðan barna er höfð í huga. Foreldrarnir höfðu ekkert á móti að samlandar þeirra kæmu og túlkuðu fyrir þá. Að þeirra sögn höfðu þeir ekkert að fela frá samlöndum sínum og aðstoð þeirra var vel þegin. Um upplifun sína á viðveru samlanda síns í leikskólanum þar sem börnin hennar eru segir Ásdís:

„Mér leið miklu betur, ef ég þurfti að fara ein í leikskólann og spyrja að einhverju, ég var hrædd, ég var ekki viss hvort að ég mundi segja rétt, hvort að þeir mundu skilja hvað ég ætla að segja.“

4.4.1 Upplýsingasöfnun

Í leikskólabyrjun er safnað mikilvægum upplýsingum um börn og aðstandendur þeirra. Helstu upplýsingar sem safnað var voru í skriflegu formi eins og allar almennar upplýsingar og þar fengu allir foreldrar aðstoð frá skólustjóra sem hafði útskýrt hvað átt er við í hverju tilfelli fyrir sig. Öðrum upplýsingum var safnað með munnlegum hætti beint frá kennara sem sá um aðlögun eða deildarstjóra. Hér reyndi líka á íslensku- eða enskukunnáttu eða að einhver gæti hjálpað foreldrum með því að túlka. Foreldrar sögðu að frekari upplýsingum um venjur barnsins hefði verið safnað smátt og smátt á meðan á aðlögunarferlinu sjálfu stóð og jafnvel enn lengur en samt kemur á óvart að flestir foreldrar svöruðu að lítið hefði verið spurt um aðrar venjur barnsins. Þar er átt við leikföng sem barninu finnst gaman að leika með, hvort að barnið sé vant að vera í pössun, hvernig útiveru er háttað, matarvenjur en þá aðrar en hvort að barnið sé vegan eða borðar ekki ákveðna matartegund vegna trúarbragða eða ofnæmis.

Algengt er að börnin gangi í gegnum aðskilnaðarkvíða einmitt við leikskólabyrjun. Starfsmenn á leikskóla þurfa að gera allt til að auðvelda barninu til að komast yfir þessa krísu. Til þess að samskipti við foreldra gangi sem best er upplýsingaflæði og samstarf milli heimilis og leikskólans mikilvægur þáttur. Flestir foreldrar voru sammála um að upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis sé að mestu leyti gott en bentu á nokkur atriði sem stóðu upp úr og mætti gera betur. Áberandi var að margir bentu á að helstu upplýsingar sem þeir fengu eru í tilfellum ef að barnið gerði eitthvað af sér. Foreldrum fannst skorta upplýsingar um líðan og velgengni barnsins og oftast um þær venjur sem barnið tileinkar sér í leikskólanum eins og hvernig barnið borðaði og svefntíma þess. Þetta fannst henni Möggu mikilvægt, sérstaklega þegar að barnið hennar fór að eiga erfitt með kvöldsvefn. Hennar reynsla var sú að oft gleymdist að skrá niður á blaðið svefntíma barnsins og þegar hún spurði um svefntíma barnsins í leikskólanum þá vissi enginn um hann. Foreldrar sýna góðan skilning á að mannleg mistök geti átt sér stað en ef þetta fer að endurtaka sig er það orðið vandamál en ekki mistök. Einnig bentu tveir foreldrar á að starfsfólk í leikskólum mætti nýta betur eiginleika sem Karellen býður upp á. Karellen er kerfið sem er notað í leikskólum sem rafræðingabók. Reynsla Bergrúnar varðandi upplýsingaflæði var að oft vantaði þær upplýsingar sem varða uppákomur í leikskólanum. Tölvupóstur var notaður til að láta foreldrana vita um ákveðnar uppákomur en óljóst var hvað um var að vera og líka hvort að foreldrar væru hvattir til að mæta eða hvort uppákomur væri bara fyrir börn og starfsfólk. Hún sem foreldri af erlendum uppruna hafði ekki upplifað slíka uppákomur í heimalandinu og gat ómögulega vitað hvað væri á seyði. Pósturinn var oft í þessum dúr:

„Á morgun er sumarhátíð frá kl. 14 til 16.“

4.4.2 Menningarmunur

Svör foreldra hafa lítið gefið í ljós hvort um menningarmismun væri að ræða í samskiptum starfsmanna við erlenda foreldra og börn. Tvö tilvik höfðu gefið í ljós þekkingarleysi starfsmanns þar sem í öðrum tilviki höfðu báðir foreldrar barnsins tekið eftir að barnið virkaði hrætt við ákveðinn starfsmann. Hitt tilfellið var þegar Rúna upplifði að starfsmaður sem tók á móti barninu einn morgun skammaði það og með mjög pirraðan tón í röddinni yfir því að barnið var leitt yfir því að vera skilið eftir í leikskólanum. Greinilega hafði viðkomandi starfsmaður hvorki reynslu né þolinmæði til að sinna barninu og hafði ekki uppgötvað að þrátt fyrir að foreldri ætti í erfiðleikum með að tjá sig á íslensku var skilningur til staðar. Foreldri skildi allt sem viðkomandi starfsmaður sagði við barnið og túlkaði viðbrögð starfsmanns sem óviðeigandi. Slík tilfelli reynast þessum foreldrum mjög erfið, foreldrar sem eru vitni að þessum tilvikum eiga í erfiðleikum með að sinna vinnu sinni sama dag og hugsa stanslaust um hvort viðkomandi starfsmaður muni halda áfram í sama dúr allan daginn en mest hugsa þeir um hvernig barninu líður með það.

Viðtölin leiddu í ljós að foreldrarnir telja að menningarmunur sé mikill milli landa þegar talað er um leikskólakerfi. Einnig er munur á heimameningu Íslendinga og annarra þjóða sem koma við sögu í þessari rannsókn. Þrátt fyrir að munur sé á menningu hafa foreldrarnir ekki tekið eftir að til þeirra sé litið öðrum augum né að litið sé niður til menningar þeirra. Börnin eru ung og læra fljótt, telja foreldrarnir, flest þessara barna eða tíu börn sem talað um er hér eru fædd á Íslandi og alast upp hér. Eðlilegt er að þau munu tileinka sér íslenska menningu meira heldur en heimameningu foreldranna. Foreldrarnir leggja að sjálfsgöðu áherslu á það sem þeir kunna best og það er heimamening og móðurmálið en telji að ekki sé raunhæft að ætla að börnunum að halda bara við heimameninguna. Margt er sem foreldrarnir líta á sem jákvætt í leikskólum eins og þolinmæði, umburðarlyndi, friður og róleg framkoma kennaranna þó að það séu nokkrir atburðir sem fóru fram á óviðeigandi hátt. Allir foreldrarnir svöruðu að í þeirra heimalandi geti bara faglært fólk unnið á leikskóla og ef að það er einhver leiðbeinandi þá er hann bara að hjálpa til. Þá staðreynd að á Íslandi séu að meðaltali flestir starfsmenn á leikskólum leiðbeinendur telja foreldrar sem gott mál. Oftast er erfitt að vita hver er kennari og hver leiðbeinandi, segja þeir en það kemur að sök því að ef einhver hefur áhuga á að vinna með börnum þá reynir hann að læra af reynslu sinni. Einnig treysta foreldrarnir á að faglærðir starfsmenn séu til staðar til að deila þekkingu sinni með þeim ófaglærðum um allt sem tengist vinnu með ungum börnum. Þeir telja að fátt komi í veg fyrir að vel sé tekið á móti foreldrum og barninu og þeim líði vel í leikskólanum. Samt væri betra ef faglærðir ynnu á leikskólum. Eins og Mikael sagði:

„Ef í leikskólum eiga að vinna 2/3 leikskólakennara þá eru bara 30% ófaglærðir. En hins vegar tel ég að sá sem vinnur með ungum börnum þarf að hafa góða þekkingu og vera faglærður!“

Út frá spurningum sem lögðu fram í viðtölum við foreldra og svörunum þeirra hafa komið í ljós hugmyndir sem foreldrarnir telja geta leyst vanda.

Hugmyndir erlendu foreldranna

Hugmyndir foreldranna eru frekar fjölbreyttar og varða efni eins og val og skráningu barnsins í leikskólann, samskipti heimilis og skóla, móttöku og annað efni tengt ungum börnum og fjölskyldum af erlendum uppruna. Sem helstu vandamál nefna foreldrar skipulagsdaga sem eru fimm yfir skólaárið í leikskólum. Stundum er líka skipulagsdögum skipt niður í skerta daga sem reyna enn meira á foreldrana. Gott er að byrja frá byrjun og hér að neðan koma hugmyndir erlendu foreldranna í sambandi við val og skráningu á leikskóla.

Hugmynd er varða fyrstu skref þegar kemur að vali og skráningu á leikskóla er bæklingar. Fleiri foreldrar sögðu að bæklingurinn sem væri aðgengilegur erlendum foreldrum sem og öllum foreldrum væri kjörið hjálpartæki. Einfaldur bæklingur á nokkrum tungumálum sem

hver fyrir sig innihaldi lista yfir leikskólana, stefnu hvers leikskóla, opnunartíma, upplýsingar um skráningarferli og reglur sem tengjast inntöku barna. Lykilatriði er að hafa bæklinginn aðgengilegan á stað þar sem foreldrar geta nálgast á auðveldan hátt eins og hjá sýslumanni eða í Ráðhúsinu.

Gestur kom með góða hugmynd er varða öll yngri börn. Hugmynd hans er að Reykjanesbær – mögulega fræðsluvið búi til vefsíðu þar sem gagnagrunnur væri með öllum þeim upplýsingum sem tengjast börnum frá fæðingu til sex ára aldurs. Gagnagrunnurinn gæti innihaldið upplýsingar um: leikskólakerfi, tómstundastarf og íþróttaiðkun sem er í boði fyrir þennan aldur. Einnig gætu íþróttafélög kynnt starf sitt í gegnum leikskóla, það gætu verið kynningar fyrir börn og eða foreldra eða að foreldrar fengju upplýsingar um hvað væri í boði í gegnum tölvupóst en í gegnum leikskóla. Sem ástæðu fyrir að íþróttafélög ættu að kynna sig í gegnum leikskólana nefnir hann vantraust til slíkra félaga. Erfitt sé að vita hvort verið sé að auglýsa eitthvert námskeið eða íþróttaskóla til að fá pening eða hvort alvöru fræðsla búi þar á bakvið. Hann telur einnig að þar sem leikskóli er menntastofnun muni hann örugglega ekki mæla með einhverju sem er ekki gert af fagmanni. Tveir foreldrar í viðbót hafa einnig lýst erfiði við að finna slíkar upplýsingar á internetinu. Til þess þurfi góða íslenskukunnáttu sem er erfitt fyrir þá sem búa skamman tíma á landinu.

Önnur hugmynd sem kom hjá fleiri foreldrum varðar einnig kynningar – foreldrar sem töluðu litla íslensku þegar barnið þeirra var að byrja á leikskóla komu með hugmynd um að aðalatriði kynningarinnar mættu vera, ef hægt er, á móðurmáli foreldranna. Við skráningu barnsins á leikskóla er ein spurning á eyðublaðinu um móðurmál barnsins. Fræðsluvið fær þessar upplýsingar og getur notað þær til að skipuleggja kynningar fyrir hvert skólaár fyrir sig. Þetta getur verið eitt blað þar sem væri búið að þýða helstu atriði er varða upplýsingar um leikskólann og starfsskipulag og kynna skipulagsdaga og skerta daga. Enginn af þátttakendum kannaðist við að skipulags- eða skertir dagar tíðkuðust í skólakerfinu í þeirra heimalandi.

Skipulagsdagar – allir foreldrar kvarta yfir því að skipulagsdagar reynist fjölskyldum af erlendum uppruna erfiðir. Ástæður eru allt frá því að þeir eiga lítið sem ekkert bakland og með því er enginn til staðar sem getur passað barnið, það er erfitt að fá frí í vinnunni og í einu tilfelli þarf foreldri að taka launalaust frí. Flestir foreldrar eru í þannig vinnu að ekki er í boði að taka börn með sér í vinnunna. Flestir foreldrar bentu á að skipulagsdagar í leikskólanum þeirra eru á föstudögum. Hugmynd þeirra er að það mætti dreifa skipulagsdögum á aðra daga vikunnar og að skertir dagar mættu vera seinni part dagsins þegar leikskólinn er lokaður fyrir börnin. Einnig nefndu foreldrar þá reynslu að eiga eldra barn á yngri bekkjum grunnskólans, að sögn þeirra þá breytist fjöldi skipulagsdaga frá fimm yfir í tíu sem er mjög erfitt fyrir erlenda sem og aðra foreldra. Lausnin við það vandamál finna foreldrar í því að stéttarfélag semji við vinnuveitendur um að foreldrar fái leyfi til þess að taka sér frí ef skipulagsdagur er í leik- eða

grunnskóla. Önnur lausn við það vandamál getur verið það að sveitarfélag bjóði upp á einhvers konar gæslu eða tómstundaiðkun fyrir þau börn sem foreldrar geta engan veginn tekið með sér í vinnuna eða útvegað pössun þegar skipulagsdagar eru. Þriðja vandamál sem foreldrar nefna er sumarfrí og eru nokkrir foreldra með lausninna.

Sumarfrí í leikskólum – foreldrum reynist sumarfríið líka erfitt tímabíll. Flestir foreldrar á svæðinu eru að vinna á flugstöðinni og er ómögulegt að allir þessir foreldrar fái sumarfrí á sama tíma og fríið er í leikskólanum. Kristín var með tillögu um að leikskólinn væri opinn allan tímann, kennarar skiptist á að fara í frí í nokkrum lotum og börnin líka. Það væri gott að ákveða hversu marga daga barnið á að vera í frí en að það ætti að vera sveigjanleiki með dagsetningar, svo að foreldrar hafi smá val. Það mundi henta betur bæði vinnustað foreldra og fjölskyldum. Tvær fjölskyldur í þessari rannsókn hafa ekki farið saman í frí í fleiri ár.

Miðað við veðurtengdar aðstæður er eitt foreldri hissa að á Íslandi séu ekki í öllum leikskólum lokaðir leikgarðar eins og í leikskólanum Velli. Hugsunin bak við það er að börnin yrðu sjaldnar lasin og að þau gætu stundað fjölbreytta hreyfingu þrátt fyrir veðuraðstæður.

Tveir foreldrar komu með þá hugmynd að gott væri fyrir börn og foreldra ef að einhver sem kann móðurmál þeirra mundi aðstoða þá fyrstu dagana. Kristín segist sjálf hafa unnið í leikskóla í Reykjanesbæ og hafa þannig aðstoðað samlanda sína í gegnum aðlögunarferli. Þetta hefur reynst þeim vel og komið í veg fyrir óþörf vandræði. Fyrir einhvern sem hefur ekki búið erlendis getur verið erfitt að skilja í gegnum hvað eru þessir foreldrar að fara þegar þeir skilja barnið sitt á leikskóla, sérstaklega ef að þeir og barnið þekkja ekki tungumál samfélagsins. Þessi hugmynd er meira fyrir foreldra en barnið en ekki er verra ef einhver mundi túlka og vera til staðar fyrir barnið líka til að auðvelda aðlögun þangað til barnið fer að venjast, telja foreldrarnir.

Karellen – allir foreldrar í þessari rannsókn hafa lýst sínum áhyggjum um líðan barnsins í aðlögunarferlinu, hvort að jafnaðrar munu samþykkja barnið sem talar og skilur ekki sama tungumál og þau og almenna líðan í leikskólanum. Rúna er þeirrar skoðunar að starfsfólkið í leikskólanum þar sem barnið hennar er hafi getað nýtt sér betur eiginleika kerfisins Karellen. Með þessu hefur hún í huga að þegar barnið hennar átti mjög erfitt að vera eftir gátu kennarar til að mynda tekið ljósmynd af barninu þegar það hafði róast og sent beint til foreldra. Um slíkar myndir segir Rúna:

„Mundu gera daginn minn 1000 sinnum betri!“

Annars hefur hún haft mjög miklar áhyggjur og stöðugt hugsað um líðan barnsins síns í leikskólanum, sérstaklega á tímabili þegar barnið ítrekað neitaði að fara í leikskólann. Rúna sýnir fullan skilning að í leikskólum eru mörg börn og á einni deild tuttugu börn en veltir því fyrir sér að ef kennarar á deildinni mundu skipta börnum sín á milli mundi ekki vera erfitt að

senda eina til tvær myndir úr starfi á viku. Hún heldur það að íslenskir foreldrar mundu örugglega vilja fá fleiri myndir úr starfi. Því að fyrsta hugsun hjá foreldrum þegar barnið grætur á morgnana er um hvað sé að gerast í leikskólanum, kannski eru kennarar að fela eitthvað.

Foreldrar tveir sem voru nýfluttir til landsins þegar börnin þeirra hófu leikskólagöngu komu með hugmynd er varðar leikskólafatnað. Að þeirra mati væri betra fyrir nýja foreldra að fá lista yfir þann fatnað sem væri gott að barnið kæmi með í leikskólann. Í báðum tilfellum hefur tekið fleiri vikur til að finna út hvernig er best að klæða börnin svo að þeim líði vel. Einnig sögðu tveir foreldrar þegar fyrsta barnið þeirra byrjaði í leikskóla að þeir höfðu þá reynslu frá í sínu heimalandi að sjá svona pollaföt eins og notuð eru á Íslandi. Hér eru allt öðruvísi veðuraðstæður en í heimalandinu. Þetta kom að sök því barnið var ekki með réttan fatnað um tíma og foreldrarnir þekktu ekki hvaða merki væru betri en önnur fyrir leikskólann. Samt telja þeir að sum merki eru alltof dýr fyrir peningaveski útlendinga.

5 Umræða

Umræðukaflinn fjallar um niðurstöður rannsóknarinnar og tengingu þeirra niðurstaðna við fræðin þar sem að verður reynt að svara rannsóknarspurningunni. Upplifun erlendra foreldra á móttöku og aðlögun barnasinna á leikskóla hefur reynst mörgum foreldrum krefjandi sem samræmist þeim heimildum sem vitnað er hér í. Rannsóknir sem áttu svipuð meginþemu voru áður gerðar á Íslandi en engin þeirra náði yfir erlendu foreldrana í einu sveitarfélagi þar sem öllum leikskólum var boðið að taka þátt án undantekningar. Markmið með þessari rannsókn var að fá innsýn í upplifun og reynslu erlendra foreldra á fyrstu kynnum og móttöku í leikskóla í sveitarfélaginu Reykjanesbæ. Skoðað var aðlögunarferli barnsins og foreldranna og einnig þau aðlögunarform sem notuð eru í leikskólum en samskipti og samstarf var skoðað sem mikilvægur partur í aðlögunarferli. Reynsla erlendu foreldranna á leikskólakerfi á Íslandi miðað við leikskólakerfin í heimalandi foreldranna var lauslega skoðað. Tilgangurinn með rannsókninni er að skoða út frá reynslu og hugmyndum þessara foreldra umbætur í kerfinu með það í huga að hjálpa þeim fjölskyldum til að aðlagast betur en einnig til að gefa starfsfólki í leikskólum umræðuefni sem hægt er að nýta við skipulagningu móttöku erlendra fjölskyldna.

Rannsóknarspurning sem leitað var svara við í þessari rannsókn er: *Hver er upplifun erlendra foreldra af móttöku og aðlögun við leikskólabyrjun barna þeirra?*

Aðstoð við erlenda foreldra

Allt frá því að ég sjálf þurfti að skrá eldra barnið mitt í leikskólann og í gegnum öll þessi ár sem ég hef unnið í leikskóla hef ég verið þeirrar skoðunar að leita leiða til að aðstoða erlenda foreldra við skráningu barna þeirra í leikskóla og annað tengt leikskólabyrjuninni. Ég get ekki talið hversu oft hef ég verið spurð um upplýsingagjöf og aðstoð frá foreldrum sem eru af erlendu bergi brotin. Mér fannst oft hafa verið þörf fyrir slíka aðstoð í samfélaginu og þá helst við þá foreldra sem hafa ekki náð tökum á íslenskunni. Eins og niðurstöður í þessari rannsókn sýna hafa þessi foreldrar lent í ýmsu áður en líka við leikskólabyrjun barna sinna. Sem betur fer hefur þessi reynsla engum valdið alvarlegan skaða en andlega hefur reynt mikið á. Flestir foreldrarnir vissu ekki um hvert bar að leita eða finna upplýsingar er varða val og skráningu á leikskóla. Vegna rannsóknarinnar leitaði ég á vefsíðu sveitarfélagsins upplýsinga um leikskólana og kom þá í ljós að án íslenskukunnáttu var erfitt að bjarga sér. Á vefsíðunni má einnig finna efni á ensku og pólsku eins og foreldrarnir hafa nefnt. Þær upplýsingar svara bara grunnþörfum erlendu foreldranna og er þar að finna lista yfir tíu leikskóla sem starfa í Reykjanesbæ og er áfram vísað beint á vefsíður viðkomandi leikskóla. Vefsíður allra

leikskólanna eru eingöngu á íslensku (Reykjanesbær, e.d.-c). Vefsíða Reykjanesbæjar geymir einnig upplýsingaskjöl varðandi leikskólabyrjun og reglur um skólavist en á þessum skjölum eru þó margar upplýsingar löngu úreltar og þyrfti að endurskoða skjölin reglulega enda er þar vísað til Aðalnámskrár leikskóla frá árinu 1999 og lög um leikskóla frá 1994 (Reykjanesbær, e.d.-a). Þar er einnig að finna upplýsingar um reglur um skólavist á samnefnda skjali sem felur í sér nýlegar upplýsingar enda var skjalið endurskoðað í mars 2019 (Reykjanesbaer.is, e.d.-c). Þrátt fyrir að greinilegt er að sveitarfélagið reynir margt til að koma til móts við erlenda foreldra reynist flestöllum foreldrum sem eru nýfluttir til landsins eða ekki komnir með góða íslenskukunnáttu erfitt að bjarga sér þegar kemur að því að skrá barnið á leikskóla. Foreldrar sem eru með góða enskukunnáttu reyndust bjarga sér betur en tjá sig samt um að væri gott að fá annað hvort betri upplýsingar á ensku eða foreldrum bent á hvert eigi fara til að fá aðstoð. Mér hefur fundist áhugavert að lesa vitnisburð foreldris sem tjáði sig um að hann hefði ekki vitað um að leikskólar vinna eftir mismunandi hugmyndafræði og stefnum og skráði hann börnin sín í fyrsta næsta leikskóla með þá hugsun um að allir leikskólar vinna eins, ef hann hefði vitað um það val þá hefðu hlutirnir örugglega farið öðruvísi. Þetta segir okkur um að frekari upplýsingar um starfsemi leikskólanna í Reykjanesbæ skortir þegar kemur að foreldrum af erlendum uppruna. Val á leikskóla hjá einhverjum réðst af óöryggi foreldranna þar sem þeir leituðu að leikskóla með starfsmenn af þeirra uppruna eða einhvern sem þeir þekkja sjálfir. Það segir sig sjálf að þessum foreldrum leið alls ekki vel við leikskólabyrjun og að mínu mati er gott að móttökustjórnarnir í leikskólum átta sig á þessu, taka tillit til þess og leita leiða til að aðstoða.

Móttaka skilur eftir sig djúp spor og er eftirminnileg fyrir foreldrana. Alla vega man ég mjög vel eftir móttöku í leikskóla þegar börnin mín byrjuðu á leikskóla. Út frá þeirri upplifun ræðst margt í framtíðinni tengt leikskólanum. En allar móttökur sem koma við sögu hér í rannsókninni, eða kynningafundir eins og þeir eru kallaðir, voru á íslensku. Flestöllum foreldrum reyndist þetta óþægileg og erfið reynsla. Að skilja lítið sem ekkert og þurfa að bjarga sér hjá öðrum foreldrum, þar máttu leikskólar gera allavega aðeins betur. Að þýða grunnatriði sem tengjast stefnu og skipulagi leikskólanna yrði mikið hjálp fyrir nýja foreldra. Jafnvel fyrir þá sem eru góðir í íslensku. Stundum gerist að gengur vel að skilja íslensku en svo koma nokkur orð sem viðkomandi skilur ekki og þá missir hann þráðinn og óvissa myndast. Íslenska ekki þeirra móðurmál og er eðlilegt að þeir þekkja ekki alla orðabókina. Samkvæmt lögum um leikskóla (nr.90/2008) í 9. grein segir að leikskólar skulu tryggja túlkun á þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til samskipta ef um foreldra sem tala ekki íslensku er að ræða. Hér getur verið matsatriði um hversu mikið einhver talar íslensku eða hvort að hann þarf túlk eða ekki. Að mínu mati og út frá niðurstöðum mundi ég halda að væri betra ef ekki nauðsynlegt að túlka almennustu upplýsingar á móðurmál viðkomandi foreldra. Eins og foreldrarnir hafa sagt; lítið

blað með nokkrum orðum væri gott að fá heim með sér etir kynningar, þannig yrðu erlendu foreldrarnir öruggari með sig. Menntastefna Reykjanesbæjar leggur ríka áherslu á öllum skólastigum að í skólum fari fram fagleg þjónusta sem byggir á jafnrétti, lýðræði og fjölbreytni og stuðla skal að virku samstarfi heimilis og skóla. Sérstakar áherslur eru lagðar til að mynda á fræðslu fyrir nýja foreldra á öllum skólastigum, að efla faglega þekkingu í skólum og til að efla traust og virðingu milli kennara, nemenda og foreldra og foreldrasamstarf. Foreldrunum reyndust fyrstu samskipti við leikskólann sæmileg og voru þeim háttáð svipað, ef ekki eins í öllum leikskólum. Þessar niðurstöður samsvara niðurstöðunum rannsóknar Hönnu Ragnarsdóttur (2002) sem var gert í 55 leikskólum á landsvísu. Þar segir að misjafnt var aðhafst þegar kom að fyrstum samskiptum við erlenda foreldra en í flestum tilfellum var eitt viðtal tekið við leikskólustjóra og deildarstjóra þar sem var farið yfir helstu starfsemi leikskólans, reglur, aðlögun og leikskólinn sýndur. Bara á einum leikskóla var sérstaklega rætt um þarfir, hegðun, frávík barnsins sem og fjölskylduhætti. En ríkisstjórnin setti sér markmið um aðlögun innflytjenda árið 2017 og segir að aðlögunin eigi fara í báðar áttir bæði innflytjenda að íslenska samfélaginu en einnig eigi íslenska samfélagið á móti með því að vera í sífelldri þróun svo þeir geta mætt sem best þörfum allra íbúanna. Ríkisstjórnin telur að íslenskukunnátta sé lykill og forsenda að aðlögun og þátttöku í samfélaginu og að aðlögunarferli fer í gegnum öll stig samfélagsins svo sem atvinnulíf, menntamál, heilbrigðisþjónustu og að hlutverk sveitarfélaga skiptir sköpum. Niðurstöður staðfestu mína grunsemdir um að foreldrunum, sem hafa reynt að læra íslensku, finnst erfitt að viðhalda málinu þar sem oft vinna margir útlendingar saman og er enginn til að tala íslensku við en líka að Íslendingar eru fljótir að skipta yfir í ensku.

Fyrsta heimsókn með barninu reyndist öllum foreldrunum vel sem mikilvægur grunnur að aðlögunarferli þar sem barnið kynntist kennara sínum og skoðaði sig um en foreldrarnir fengu að sjá lifandi starf í leikskólanum. Þetta skapaði öryggi bæði hjá foreldrum og barni og þeim leið vel þegar kom að því að fara fyrsta daginn í aðlögun sem er í beinu samræmi við niðurstöður í rannsókn Hönnu (2002) sem segir að leikskólastarfið þurfi að einkennast af því að öllum líði vel, bæði börnum sem þurfa að fá notið sín sem einstaklingar en ekki síst foreldrar sem þurfa að skapa traust við leikskólastarfið.

Foreldrarnir upplifðu aðlögun barna mismunandi milli leikskóla, krefjandi á sama máta og hjá öllum öðrum börnum. Sömu niðurstöður er að finna í rannsókninni um markvisst leikskólastarf í fjölmenningsfélagi. Þarna sýna niðurstöðurnar að í flestum leikskólum var ekki hugsað sérstaklega um að þörf væri fyrir að skipuleggja betur aðlögun barna af erlendum uppruna og aðlöguninni var háttáð alveg eins og hjá öllum öðrum börnum. Samt eru nokkrir leikskólar sem hafa unnið öðruvísi að og notaskipulag sem hentar betur fjölskyldum af erlendum uppruna (Hanna Ragnarsdóttir, 2002:61). Út frá þessum niðurstöðum er hægt að álykta að þörf sé fyrir að endurskoða aðlögunarhætti þegar kemur að börnum af erlendum

uppruna, eins og Kristín Dýrfjörð segir er leikskólabyrjun ákveðin tímamót í lífi barna og foreldra. Sum börn og líka foreldrar eru að komast í fyrsta sinn í snertingu við leikskólamenningu þar sem allt er nýtt, ekki bara starfsfólk heldur líka önnur börn. Leikskólar leita leiða til að aðstoða ný börn og foreldra þeirra til að venjast sem betur og setja fram ákveðið skipulag fyrstu dagana og það kallast aðlögun (2009:681). Aðlögunarform sem fundust í fimm leikskólum voru þáttökuaðlögun og einstaklingsbundin aðlögun. En Kristín Dýrfjörð talar um að í aðlögun lærir barnið að á nýjar aðstæður, kynnist kennurum sínum og öðrum börnum og lærir á umhverfið (Kristín Dýrfjörð, 2009:682). Einstaklingsbundin aðlögun hefur, að mati foreldranna, reynst öllum vel því að þar var tekið mið af einstaklingi/barninu en líka var líðan foreldra tekin til greina. Foreldrarnir hafa ekki minnst á að þessi gerð aðlögunar væri meira krefjandi vegna þess að ef barnið eða foreldrar þurfa meiri tíma þá getur aðlögunin dreifst yfir alla vikuna og jafnvel lengur. Kristín Dýrfjörð talar einmitt um að hér sé tekið mið af barninu, hvernig ferlið gengur fyrir sig og að sama aðlögun geti tekið allt að tíu daga (2009:682). Erfiðara hefur það reynst þeim foreldrum í leikskólum þar sem notuð var þáttökuaðlögun. Þar er krafist virkrar þátttöku foreldranna allan tímann á meðan á aðlögunin stendur. Foreldrunum fannst erfitt, bæði fyrirkomulag og lengd aðlögunar þar sem margir þeirra þurftu að taka launalaust leyfi í fleiri daga. Að þeirra sögn er það erfitt fyrir fjölskylduna en einnig að vinnuveitendur hafi ekki verið ánægðir. Þessar niðurstöður eru í beinu samræmi við niðurstöður rannsóknar Hönnu þar sem sumir leikskólastjórar hafa tjáð sig um að einhverjum erlendum foreldrum lá mikið á að komast aftur í vinnuna en benda á að þessi hræðsla sé vegna ótta um vinnu missi ef þeir séu mikið frá vinnu vegna aðlögunar barna sinna á leikskóla. Að mati þessara skólastjóra er skortur á stuðningi frá yfirvöldum/sveitarfélögum, að nauðsynlegt sé að kynna fyrir foreldrum þeirra réttindi á vinnustað tengd veikindum og aðlögun barna og gefa út bækling á þeim tungumálum sem eru mest notuð í sveitarfélaginu. Aðlögun er mismunandi milli landa og bent er á að jafnvel í einhverjum framandi Evrópulöndum er aðlögun öðruvísi háttáð miðað við aðlögunarform eins og þekkt eru á Íslandi (Hanna Ragnarsdóttir, 2002:61). Miðað við margra ára reynslu mína sem starfsmaður á leikskóla og sem innflytjandi að menningarmunur og þekkingarleysi á lögum og reglum tengt atvinnu í nýja landinu hafi beina tenging við þær aðstæður sem erlendir foreldrar lenda í. Foreldrarnir bregðast þannig á sinn hátt við aðlögun í leikskólum því að þeir eru ekki vanir þessu, þetta tíðkast ekki í þeirra heimalandi og er sjálfsagt að þeir þekkja ekki hvernig á að tengja aðlögun og atvinnu í nýju landi. Einnig mætti sveitarfélagið gera betur til að kynna fyrirtækjum á svæðinu starfsemi leikskólanna og mikilvægi aðlögunar. Í rannsókninni hennar Hönnu segja niðurstöður um að sum sveitarfélög hafi sérstaklega samið við vinnuveitendur foreldranna því að bæði börn og foreldrar hafi þurft lengri tíma til að aðlaga sig nýjum aðstæðum. Þessi úrræði hafi á endanum reynst mjög vel (2002). Annað sem erlendum foreldrum fannst ganga illa og tengist þáttökuaðlögun var að það voru alltof margir á sama

tíma og sama stað. Öll ný börn byrjuðu á sama degi, að minnsta kosti eitt foreldri frá hverju barni og allir kennarar á einni deild. Foreldrunum fannst það of mikið áreiti fyrir þá sjálfa og hvað þá fyrir ungt barn, sérstaklega ef það skilur ekki og talar ekki tungumál samfélagsins. Aðlöguninni var þannig háttað að allt var „klippið og búið“ eftir þriðja daginn, eins og Magga sagði. Öllum þeim foreldrum sem upplifðu slíka aðlögun reyndist þetta ekki vel því að börnin þeirra þurftu lengri tíma í aðlögun. Erfiðleikarnir héldu áfram í allt að mánuð eða lengur þar sem að börnin náðu illa tökum á leikskólarútinu og ýmsum venjum. Þau áttu bággt með að vera eftir í leikskólanum, flestum gekk illa að borða þann nýjan mat sem borinn var fyrir þau og hvíldin reyndist einnig erfið. Þegar foreldri kom að sækja barnið brast það í grát sem bætti bara olíu á eldinn og vakti margar vangaveltur hjá viðkomandi foreldrum. Ekki bara að börnunum leið illa heldur líka þessum foreldrum. Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar má álykta að ef leikskólinn notar eingöngu þáttökuaðlögun er nauðsynlegt að skoða og velta fyrir sér hvernig gengur þegar börn af erlendum uppruna eru að byrja, hvort að það henti þessum fjölskyldum og hvernig sé hægt að koma betur til móts við bæði börn og fullorðna.

Samskipti við erlendu foreldrana voru miskrefjandi en það fór allt eftir tungumálakunnáttu. Ef foreldri talaði íslensku eða ensku voru samskipti góð en ef það var ekki tilfellið voru samskipti takmörkuð. Foreldrarnir voru áhyggjufylltir yfir því að börnin þeirra gátu ekki gert sig skiljanleg á íslensku en áhyggjur voru á hæsta stigi þegar foreldrarnir þurftu að fara og skilja börnin sín eftir í leikskóla. Sjö börn sem koma hér við sögu eiga báða foreldra af erlendum uppruna en eru sjálf fædd á Íslandi. Þessar niðurstöður koma vel saman við niðurstöður rannsóknar sem gerð var í Bandaríkjunum þar sem þessa rannsóknarinnar var samskipti við foreldra barna af erlendum uppruna. Þær niðurstöður sýna að milli barns, fjölskyldna og leikskólans myndast veikari samskipti ef þau koma úr slæmum félags- og fjárhagslegum aðstæðum, hjá minnihlutahópum og einnig hjá börnum sem tala tungumál minnihlutahópa eða hafa annan bakgrunn (Serpell og Mashburn, 2012). Þetta á einnig við um börn sem hafa annað móðurmál en íslensku og koma því af heimilum sem eru félagslega og menningarlega ólík þeim sem kennararnir þekkja. Miklir fólksflutningar hafa verið síðustu ár og samkvæmt Hagstofu Íslands eru mörg börn með annað móðurmál en íslensku í leikskólum landsins eða allt að 12,6%. Anna Lilja, Anna Elísa og Hermína (2013:2) segja í niðurstöðum rannsóknar sinnar að það sé einmitt ástæða fyrir að leikskólakennarar þurfi að bregðast við þeirri fjölbreytni sem foreldrahópurinn býr yfir sem og barnahópurinn. Mikilvægt er að finna leiðir til að eiga í samskiptum við alla þá foreldra sem búa yfir ólíkri reynslu og ólíkum menningarbakgrunni. Atriði sem kennarar þurfa að hafa í huga þegar kemur að samskiptum við erlendra foreldra er að foreldrar þurfa að vita til hvers séætlast af þeim. Menningarmunur getur verið það frábrugðinn að það sem tíðkast hér á landi og telst sjálfsagt mál þarf ekki að vera alls staðar. Elsa Sigríður Jónsdóttir (2000) kemst að sömu niðurstöðu og telur að

mismunandi menningarheimar beri með sér margvíslegar sögur, hefðir og tungumál sem mikilvægt sé að tekið sé tillit til, sérstaklega í menntamálastofnunum. Leikskólinn er einn af þeim. Samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008 er leikskólinn talinn vera fyrsta námsstig. Reynsla erlendu foreldranna var sú að túlkur var ekki fenginn á neinn þessara fimm leikskóla, hvorki á kynninguna í aðlöguninni. Nokkrir foreldrar þurftu ekki túlk og fannst þetta ekki vandamál en þeir sem á þessum tíma voru búnir að dvelja í landinu í styttri tíma, um tvö til þrjú ár, fundu virkilega fyrir því. Allir foreldrarnir sem eiga barn á leikskóla þar sem einhver starfsmaður er einnig samlandi þeirra töluðu um sína ánægju að viðkomandi var alltaf til staðar og tilbúinn til að hjálpa til ef þurfti. Samræmi við fyrri rannsókn fannst að hluta til í niðurstöðum Hönnu Ragnarsdóttur (2002) og benda á að í flestum þeim leikskólum sem rannsóknin fór fram var túlkur ekki fenginn og fannst starfsmönnum ekki vera þörf fyrir hann, sérstaklega ekki fyrir þá foreldra sem eiga íslenskan maka. Samræmi er einnig í því að samlandar foreldranna hafa verið nýttir í að aðstoða við túlkun eða enska var notuð. En í niðurstöðum Hönnu má finna að túlkur var viðstaddur á nokkrum leikskólum á fyrsta viðtalinu sem er í ósamræmi við niðurstöður í minni rannsókn. Samkvæmt fjölmeningarstefnu Reykjanesbæjar ber leikskólum, sem og öðrum skólastigum, að finna leiðir til þess að miðla upplýsingum til allra foreldra og að í leikskólum eigi að fara fram fagmannlegt starf. Aðgengi að almennum upplýsingum verði á íslensku, ensku og pólsku en ef þörf krefur skal huga að túlka- og þýðingarþjónustu og þýða eyðublöð á fleiri tungumál. Áhugavert var að flestir foreldrarnir sögðu að frekari upplýsingum um venjur barnsins öðrum en þeim almennu var ekki safnað. Miðað við að hlutverk kennara/deildarstjóra sé að skipuleggja móttöku og aðlögun barna vekur það furðu að ekki varlögð meiri áhersla á að safna sem flestum upplýsingum vitandi að barnið komi frá annarri menningu, tali annað tungumál, geti ekki gert sig skiljanlegt á íslensku. Sem starfsmaður á leikskóla í meira en áratug met ég að fyrir starfsmann sem sér um að aðlaga barnið að leikskólanum er nauðsynlegt að safna sem flestum upplýsingum sem varða barnið sjálf, venjur þess og fjölskyldunnar. Slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til þess að skilja betur úr hvernig umhverfi barnið kemur, til þess að geta skipulagt móttöku og tekið á móti barninu sem best og hjálpað því að stiga sínu fyrstu skref á leikskóla. Allir þessir þættir segja okkur um að aðlögun þessa barna getur verið krefjandi, en viti kennari meira um barnið getur það hjálpað bæði kennara og barni í að fara auðveldar í gegnum þetta ferli. Ekki nóg með að barnið komi í umhverfi þar sem það þekkir engan eða skilur þurfi það einnig að upplifa að kennararnir þekki ekki venjur þess og þarfir. Þó að foreldrarnir þekki barnið sitt best þarf kennarinn að vera sérfræðingur í námsumhverfi barnsins með fræðin á bak við leikskólastarfið. Börnin skynja ef samskipti milli foreldra og kennara eru veik og gæti það valdið því að vandamál koma upp í aðlögunarferli barnsins í leikskólanum (Serpell og Mashburn, 2012). Foreldrar þurfa að geta treyst kennurunum fyrir börnum sínum og er þá mjög gott fyrir þá að upplifa leikskólann og kynnast kennurunum og

með það að leiðarljósi þarf að huga vel að aðlögun barnanna. Myndist gott samstarf milli þessara aðila verður best staðið að umönnun barnanna. Turner-Vorbeck (2005) telur að kennarar gætu þurft að fara aðra leið að erlendum foreldrum en íslenskum og eru samskipti gríðarlega mikilvægur hluti af því og fyrsta skref í átt að góðu samstarfi. Deildarstjórar í leikskólum hafa það hlutverk að skipuleggja starf og bera ábyrgð á samstarfi og samvinnu um nám og þroska við alla foreldra. Samstarf við erlenda foreldra getur verið krefjandi og ber kennurum að vanda sérstaklega öll vinnubrögð og er nauðsynlegt að rekstraraðilar leikskólanna sýni góðan stuðning við deildarstjórana. Niðurstöður þróunarverkefnis sem var gert í leikskólum í Reykjavík sýna að frumkvæði starfsfólks er oft lykilatriði að góðum samskiptum, sérstaklega við móttöku fjölskyldna af erlendum uppruna. Starfsfólk í leikskóla hefur tækifæri til að hitta foreldrana á hverjum degi, við komu í leikskólann og í lok dagsins, þar myndast góður grunnur til að skapa samskipti sem báðir aðilar geta nýtt sér (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2006).

Í gegnum þessa rannsókn hef ég orðið vör við að allir þátttakendur hafa mikið hugsað um mögulega úrbætur varðandi móttöku í leikskólum. Ein hugmynd stendur ofar öðrum og er hún um gagnagrunn fyrir allar þær upplýsingar sem eru í sambandi við börn frá fæðingu til sex ára aldurs og fannst mér og þátttakendum hugmyndin frábær. Gagnagrunnurinn myndi innihalda upplýsingar um: leikskólakerfi, tómstundastarf og íþróttaiðkun sem er í boði fyrir þennan aldur. Jafnvel geta íþróttafélög kynnt starf sitt í gegnum leikskóla, það geta verið kynningar fyrir börn og eða foreldra eða að foreldrar fái upplýsingar um hvað er í boði í gegnum tölvupóst en í gegnum leikskóla. Á þann vegu telja foreldrar, og einnig ég, að megi auka þátttöku barna af erlendum uppruna í íþrótt og tómstundastarfi sem myndi hjálpa til við félagslega stöðu þessa barna og koma í veg við félagsleg einangrun. Þessi hugmynd samræmist vel markmiðum ríkisstjórnarinnar frá árinu 2017 er varða aðlögun innflytjenda. Sem dæmi má nefna að efla þátttöku erlendra barna í tómstunda- og íþróttastarfi því að virk þátttaka barna á þessum sviðum kemur í veg fyrir félagslegan einangrun. Og ekki bara barna heldur líka fullorðinna. Ríkisstjórnin telur að sveitarfélög eigi að vera hluti af skipulagningu og leita leiða til að auka þessa þátttöku því sveitarfélög styrkja þessi félög og geta út frá því sett kröfur er varða þátttöku erlendra barna. Gagnagrunnurinn sem þátttakandi var með í huga mun koma sér vel til að auka möguleika og hvetja foreldra af erlendum uppruna til að skrá börnin sín í tómstunda- og íþróttastarf. Hér má bæta við að ekki er verra ef að gagnagrunnurinn inniheldur allar þær upplýsingar er varða ung börn, frá fæðingu til skráningar í grunnskóla. Margir flytja til landsins án þess að þekkja einhvern sem býr hér. Saman kemur fjölskylda með tveggja, þriggja ára barn og fæ hvergi að vita um til að mynda bólusetningar og eftirlit hjá Ungbarnavernd.

6 Lokaorð

Markmiðið með þessari rannsókn var að fá innsýn á upplifun erlendra foreldra við leikskólabyrjun barna þeirra með þessari hugmynd um að skoða hvernig er tekið á móti þessum foreldrum og börnum í leikskólum í sveitarfélaginu Reykjanesbæ. Ég sem rannsakandi hef persónulega reynslu á þessu sviði, bæði sem foreldri og starfsmaður á leikskóla. Ég er móðir tveggja barna sem eru fædd í sama sveitarfélagi, og hafa farið í leikskóla þar, en maki minn er einnig af erlendum uppruna. Persónuleg reynsla við leikskólabyrjun barnanna minna var svipuð að mörgu leyti og reynsla erlendu foreldranna í þessari rannsókn. Það sem var öðruvísi er að ég tala íslensku og þurfti ekki túlk. Sem starfsmaður hef ég þessa reynslu að starfa á sama leikskóla í ellefu ár, fyrst sem leiðbeinandi síðan sem aðstoðaleikskólakennari og deildarstjóri. Ég her nokkuð ríka reynslu að starfa í fjölmeningarlegu leikskólasamfélagi.

Lærdómur af þessari rannsókn er að allir þeir foreldrar sem eru með erlendan bakgrunn upplifa móttöku og aðlögun barnasinna á leikskóla á svipaða vegu. Upplifun er sú sama þó að foreldrar séu orðnir talandi á tungumáli samfélagsins eða ekki því að allir koma frá menningarheimum sem eru að mörgu leyti frábrugðnir því íslenska. Ótti um að barninu muni ekki líða vel vegna tungumálaleysis er það sem hrjáði mest hina erlendu foreldra, líka það að upplýsingaflæði mætti vera betri. Foreldrarnir eru kvíðnir og óöruggir í leikskólasamfélaginu í byrjun, ef þeir þekkja tungumálið ekki nógu vel bætir það olíu á eldinn. Gott er að vita að þeir hafi ekki fundið fyrir neinum fordómum og að móttaka var almennt góð. Þetta segir mér sem rannsakanda að samfélagið færi sig hægt og rólega úr því einsleita yfir í hið fjölmeningarlega en vegurinn er langur og margt sem þarf að læra á þessari leið. Margt sem sveitarfélagið og leikskólar gera er gott. Margt mætti betur skoða og aðlaga þörfum samfélagsins þar sem 25% íbúa eru innflytjendur til að hjálpa þeim að aðlaga sig í nýja samfélaginu. Fjölmening er tiltölulega nýtt fyrirbæri á Íslandi. Verði farið eftir nýjustu menntastefnunni Reykjanesbæjar er framtíðin björt.

Ég vil því út frá svörum foreldranna benda á að það virðist víða unnið gott starf á leikskólum í Reykjanesbæ. Erlendu foreldrarnir treysta á fagmennsku starfsmanna á leikskólum, að þeir hafi góða fræðilega þekkingu og reynslu er þeir byggðu starf sitt á. Foreldrar óska eftir faglærðum leikskólakennurum til að kenna börnum sínum á fyrsta námsstigi. Vonandi nýtast þessar niðurstöður fræðsluviði Reykjanesbæjar til að gera gott leikskólastarf þar enn betra.

Heimildaskrá

- Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir. (2013). Foreldrasamstarf og fjölmennung: Samskipti deildarstjóra í leikskóla við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/016.pdf>
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2006). Samstarf í leikskólum við foreldra barna af erlendum uppruna. Uppeldi og menntun, 15(2), 31-48.
- Ari Klængur Jónsson. (2013). Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi. Sótt af <http://www.mcc.is/media/frettir/Tolfraediskyrsla-2013.pdf>
- Braun, V. og Clarke, V. (2006). Using thematic analysis in psychology. Qualitative research in psychology, 3, 77-101.
- Brown, B. (1998). Unlearning discrimination in the early years. Stoke-on-Trent: Trenman Books Ltd.
- De Houwer, A. (2016). Minority language parenting in Europe and childrens well-being. Í Cabrera, N. og Leyendecker, B. (ritstjórar). Handbook of Positive Development in Minority Children. Berlin: Springer.
- Derman-Sparks, L. og Phillips, C. B. (1997). Teaching/learning anti-racism. A developmental approach. New York and London: Teachers College Press
- Dunn Davison, M., Hammer, C. og Lawrence, F.R. (2011). Associations between preschool language and first grade reading outcomes in bilingual children. Journal of Communication Disorders, 44(4), 444- 458. doi: 10.1016/j.jcomdis.2011.02.003
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítýngi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir, og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), Fjölmennung á Íslandi (bls. 101–128). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennungarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir (2000). Tvítýngd leikskólabörn. Uppeldi og menntun 9, 95-112.
- Erikson, H. E. (1978). Childhood and Society. Saint Albans.
- Félagsmálaráðuneytið. (2007). Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf
- Gall, M. D., Borg, W. R. og Gall, J. P. (1996). Educational research: An introduction (6. útg.). New York: Longman.
- Hagstofa Íslands. (2017). Innflytjendum heldur áfram að fjölga. Sótt af www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-eftir-bakgrunni-2017/

- Hagstofa Íslands. (2018a, 28. maí). Staða barna á Íslandi. Sótt af <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/born/hagskyrslur-um-born/>
- Hagstofa Íslands. (2018b, 5. desember). Innflytjendum heldur áfram að fjölga. Sótt af <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-efir-bakgrunni-2018/>
- Hanna Ragnarsdóttir. (2002). Markvisst leikskólastarf í fjölmenningslegu samfélagi. Uppeldi og menntun, 11, 51-80.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007). Börn og fjölskyldur í fjölmenningslegu samfélagi og skólum. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), Fjölmenningslegur á Íslandi (bls. 249–270). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Leikskólastarf af sjónarhóli foreldra. Uppeldi og menntun 19, 9–30.
- Jón Torfi Jónasson. (2006). Frá gæslu til skóla. Reykjavík: Rannsóknarstofa um menntakerfi og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), Handbók í aðferðafræði rannsókna (bls. 129-136). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Kristín Dýrfjörð. (2009). Þátttökuaðlögun - nýtt aðlögunarform í leikskóla. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), Rannsóknir í félagsvísindum X (bls. 681-690). Sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/7600/20217/1/F%C3%A9lags_og_mannv%C3%ADsindadeild_2009.pdf
- Lichtman, M. (2013). Qualitative research in education: A user's guide (3. útgáfa). Los Angeles: Sage
- Lightfoot, C., Cole, M. og Cole, S. (2013). The development of children (7.útg.). New York: Worth; Basingstoke.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Aðalnámsskrá leikskóla 2011.
- Parekh, B. (2006). Rethinking multiculturalism. Cultural diversity and political theory (2. útgáfa). Basingstoke og New York: Palgrave Macmillan.
- Reykjanesbær. (2016). Menntastefna Reykjanesbæjar. Sótt af https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/rnb-menntastefna-2016-v11.pdf
- Reykjanesbær. (2017a). Fjölmenningsstefna Reykjanesbæjar. Sótt af <https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Velferdarsvid/fjolmenningarstefna2017.pdf>
- Reykjanesbær. (2017b). Multicultural town. Sótt af <https://www.reykjanesbaer.is/is/thjonusta/malefni-innflytjenda/multicultural-town>

- Reykjanesbær. (febrúar, 5.2019). Reykjanesbær fjórða stærsta sveitarfélag landsins. Sótt af <https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/rnb/frettir/reykjanesbaer-ordinn-fjorda-staersta-sveitarfelags-landsins>
- Reykjanesbær.(e.d.)a. Að byrja í leikskóla. Sótt af <https://www.reykjanesbaer.is/is/thjonusta/menntun-og-fraedsla/leikskolar>
- Reykjanesbær. (e.d.)b. Education and training. Sótt af <https://www.reykjanesbaer.is/is/english/education-and-training>
- Reykjanesbær. (e.d.)c. Reglur um leikskólavist. Sótt af https://www.reykjanesbaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/reglur-um-leikskolavist-3.2019b.pdf
- Rúnar Helgi Andrason og Ársæll Már Arnarsson. (2013). Tilfellarannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), Handbók í aðferðafræði rannsókna (bls. 497-510). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Serpell, Z.N. og Mashburn, A.J. (2012). Family–School Connectedness and Children's Early Social Development. *Social Development* 21(1), 21-46. doi.org/10.1111/j.1467-9507.2011.00623.x
- Samúel Lefever og Inga Karlsdóttir. (2010). Kennslufræði annars máls. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 109-127). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), Handbók í aðferðafræði rannsókna (bls. 71-88). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sóley S. Bender. (2013). Samræður í rýnihópum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), Handbók í aðferðafræði rannsókna (bls. 299-312). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Ólöf Ýrr Atladóttir, Ingileif Jónsdóttir og Björn Guðbjörnsson. (2013). Siðfræðilegt og lögformlegt umhverfi vísindarannsókna á heilbrigðissviði. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), Handbók í aðferðafræði rannsókna (bls. 89-111). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Umboðsmaður barna. (2019a). Barnasáttmálinn á Íslandi. Sótt af <https://www.barn.is/barnasattmalinn/>
- Umboðsmaður barna. (2019b). Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Sótt af <https://www.barn.is/barnasattmalinn/barnasattmalinn-i-heild/>
- Þjóðskrá Íslands. (2019. 6. ágúst). Íbúafjöldi eftir sveitarfélögum. Sótt af <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2019/08/06/lbuafjoldi-eftir-sveitarfelogum/>
- Þórdís Þórðardóttir. (2007). Menningarläsi ungra barna. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (Ritstj.), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 273-297). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.

Viðauki A: Bréf til fræðslustjóra Reykjanesbæjar

Reykjanesbæ, 4. apríl 2018

Ágæti fræðslustjóri, Helgi Arnarson.

Með þessu bréfi óska ég eftir leyfi til að framkvæma rannsókn í leikskólum Reykjanesbæjar. Rannsóknin er meistaraverkefni í Leikskólakennarafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Efni rannsóknarinnar er upplifun foreldra barna af erlendum uppruna, við móttöku í leikskóla. Tilgangur rannsóknarinnar er að fá innsýn í upplifun foreldra á móttöku við upphaf leikskólagöngu barna þeirra, væntingar foreldra og vangaveltur þeirra. Lokamarkmið er að nota niðurstöður rannsóknarinnar til þess að búa til móttökuáætlun barna af erlendum uppruna sem leikskólar Reykjanesbæjar gætu nýtt sér við móttöku þessara fjölskyldna.

Ég starfa í leikskólanum Vesturbergi og um leið hef ég stundað nám í leikskólakennarafræðum og lokið B.Ed. við Menntavísindasvið. Hugmynd að rannsókninni kom frá samtali mínu við leikskólastjórann Brynju Aðalbergsdóttur, sem telur að slík móttökuáætlun væri vel nothæf, þörf og mikilvæg fyrir fjölmenningsamfélag eins og Reykjanesbær svo sannarlega er.

Leiðbeinandi í verkefninu er Halla Jónsdóttir, aðjúntkt við Menntavísindasvið, sem veitir frekari upplýsingar: halla@hi.is.

Virðingarfyllst,

Danijela Zivojinovic

Viðauki Á: Leyfi frá sviðstjóra fræðslusviðs Reykjaneshæjar



15. ágúst 2018

Danijela Zivojinovic

Skrifstofa fræðslusviðs Reykjaneshæjar veitir hér með samþykki fyrir því að framkvæma rannsókn í leikskólum Reykjaneshæjar á „innsýn og upplifun foreldra á móttöku við upphaf leikskólagöngu barna þeirra“.

Athugið að samþykkt þessi er þó með fyrirvara um samþykki leikskólustjóra viðkomandi skóla.

Virðingarfyllt,


Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs Reykjaneshæjar.
REYKJANESBÆJ
FRÆÐSLUSTJÓRI

Fræðslustjóri
Tjarnargötu 12
Póstfang 230
Sími: 471 5700
Bréfasími: 471 4567
reykjaneshæjar@reykjaneshæjar.is

Viðauki B: Kynningarbréf til leikskólastjóra

Kynningarbréf til leikskólastjóra

-kynningarbréf vegna rannsóknarinnar-

Ágæti leikskólastjóri,

Ég heiti Danijela Zivojinovic og er meistaranemi í leikskólakennarafræðum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og er á öðru ári. Einnig vinn ég í leikskólanum Vesturbergi og hef unnið þar til fjölda ára. Ég er fædd og uppalin í Serbíu en flutti til Íslands árið 2005.

Tilfni þessa bréfs er rannsókn sem mig langar að gera í leikskólum Reykjanesbæjar og er á sama tíma M.Ed. lokaverkefnið mitt. Til þess að framkvæma rannsóknina hef ég fengið leyfi frá fræðslustjóra Reykjanesbæjar Helga Arnarsyni.

Viðfangsefni rannsóknarinnar er upplifun foreldra af erlendum uppruna af byrjun og aðlögun barnanna sinna í leikskóla. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvernig foreldrar sem eru aðfluttir til Íslands, upplifa leikskólabyrjun barnanna sinna, móttöku, aðlögunarferli, samskipti við starfsfólk, samstarf milli heimilis og skóla og leikskólakerfi hér á landi.

Hér með þessu bréfi óska ég eftir að leikskólinn taki þátt í rannsókninni með því að aðstoða mig og benda mér á mögulega þátttakendur sem tengjast leikskólanum þínum. Ef af því verður, mun ég óska eftir leyfi viðkomandi foreldra um þátttöku í rannsókninni og útskýri nánar markmið og tilgang rannsóknarinnar fyrir þátttakendum. Trúnaði varðandi gögn er gætt og upplýsingar er varða rannsóknina, nöfnum allra þátttakenda og leikskólanna verður breytt. Tilgangur rannsóknarinnar er að fá innsýn í upplifun foreldra á móttöku við upphaf leikskólagöngu barna þeirra, væntingar foreldra og vangaveltur þeirra. Lokamarkmið er að nota niðurstöður rannsóknarinnar til þess að búa til móttökuáætlun barna af erlendum uppruna sem leikskólar Reykjanesbæjar gætu nýtt sér við móttöku þessara fjölskyldna.

Leiðbeinandi í verkefninu er Halla Jónsdóttir aðjúnkt við Menntavísindasvið, sem veitir frekari upplýsingar á netfangið: halla@hi.is.

Virðingarfyllst,

Danijela Zivojinovic

Netfang: daz4@hi.is , sími 6596670

Viðauki D: Kynningarbréf til foreldra af erlendum uppruna

Kynningarbréf til foreldra leikskólabarna af erlendum uppruna

Ágætu foreldrar,

Ég heiti Danijela Zivojinovic og er nemi á meistarastigi í leikskólakennarafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Einnig vinn ég á leikskólanum Vesturbergi og hef unnið þar í áratug. Ég er fædd og uppalin í Serbíu en flutti til Íslands árið 2005. Tilfni þessa bréfs er rannsókn sem ég er að skipuleggja og er lokaverkefni mitt til M.Ed. prófs.

Með þessu bréfi óska ég eftir ykkar þátttöku í rannsókninni þar sem rannsóknarefnið er upplifun foreldra af erlendum uppruna af byrjun og aðlögun barna sinna í leikskóla. Markmið rannsóknar er að skoða hvernig foreldrar, sem eru aðfluttir til Íslands, upplifa leikskólabyrjun barna sinna, móttöku, aðlögunarferli, samskipti við starfsfólk, samstarf milli heimilis og skóla og leikskólakerfið hér á landi. Tilgangur rannsóknar er að veita betri innsýn í upplifun foreldra á móttöku þeirra við upphaf leikskólagöngu barna sinna, væntingar foreldra og vangaveltur þeirra. Hugmyndin er síðan að nýta niðurstöður rannsóknar til þess að búa til móttökuáætlun barna af erlendum uppruna sem leikskólar Reykjanesbæjar gætu nýtt sér við móttöku þessara fjölskyldna.

Þátttaka ykkar foreldra felst í að taka þátt í einu hópviðtali. Staðsetning og tímasetning verður auglýst nánar síðar. Ef þátttaka verður næg er til skoðunar að fá túlk fyrir pólsku. Einnig verða viðtöl á íslensku og serbnesku.

Þetta bréf er sent til allra þeirra foreldra sem hafa flutt til Íslands frá öðrum löndum og eru með eitt eða fleiri börn á þeim leikskólum í Reykjanesbæ sem hafa kosið að taka þátt í rannsókninni.

Til þess að framkvæma rannsóknina hef ég fengið leyfi frá fræðslustjóra Reykjanesbæjar Helga Arnarsyni. Trúnaði varðandi öll gögn rannsóknar og þeim upplýsingum sem kunna að koma fram í kjölfar hennar verður gætt, eins verða nöfnum allra þátttakenda og leikskólanna breytt.

Leiðbeinandi í verkefninu er Halla Jónsdóttir aðjúnkt við Menntavísindasvið, sem veitir frekari upplýsingar á netfangið: halla@hi.is.

Ágætu foreldrar, ef yður þykir ástæða til að taka þátt í rannsókninni vinsamlegast hafið beint samband við mig á netfangið daz4@hi.is.

Virðingarfyllst,

Danijela Zivojinovic

Netfang: daz4@hi.is , sími 6596670

Viðauki Ը: Kynningarbréf til foreldra á pólsku

**List prezentacyjny dla rodziców obcego pochodzenia,
którzy mają dzieci w przedszkolach w Reykjanesbær**

Drodzy Rodzice!

Nazywam się Danijela Zivojinovic i jestem studentką ostatniego roku studiów magisterskich na wydziale edukacji nauczycieli w przedszkolu, Wydziału Edukacji Uniwersytetu Islandzkiego. Jestem zatrudniony przez Vesturberg w Reykjanesbær od ponad dziesięciu lat. Urodziłam się i wychowałam w Serbii, na Islandię przeprowadziłam się w 2005 roku. W tym kraju założyłam rodzinę i jestem szczęśliwą żoną i kochającą mamą dwójki dzieci.

Powodem tego listu są badania, które przygotowuję i które są moją ostatnią pracą magisterską na wspomnianych studiach.

W tym liście chciałbym serdecznie zaprosić was do udziału w badaniu, ponieważ między innymi tematem badań jest doświadczenie rodziców obcego pochodzenia w pierwszych dniach ich dzieci w przedszkolu na Islandii i okresie ich adaptacji. Celem tych badań jest jak najlepsze zrozumienie, czego doświadczają rodzice, którzy wyemigrowali na Islandię i jak przeżywają, kiedy ich dziecko wkracza w nowy etap życia. Z jakimi problemami musi borykać się rodzic dziecka obcego pochodzenia. Chcemy się dowiedzieć, jaka jest komunikacja i relacje z personelem, oraz współpraca między domem a przedszkolem. Celem jest również zbadanie, w jaki sposób rodzice odbierają system edukacji jaki panuje w islandzkich przedszkolach. Pragniemy mieć lepszy wgląd w doświadczenie rodziców i w ich oczekiwania w stosunku do przedszkola. Pomysł polega na tym, że wyniki tych badań zostaną wykorzystane do opracowania planu przyjmowania dzieci obcego pochodzenia w przedszkolach na terenie Reykjanesbær. Na podstawie informacji zebranych od rodziców będziemy mogli lepiej pomóc dzieciom w zaklimatyzowaniu się w przedszkolu, a dzięki temu dzieci będą miały łatwiejszy start w dalszej edukacji.

Wasza pomoc, miałyby polegać na wzięciu udziału w dyskusji grupowej, na powyższy temat.

Lokalizacja i czas spotkania zostaną ogłoszone w najbliższym czasie. W zależności od liczby uczestników zorganizowane zostaną rozmowy w języku polskim w obecności tłumacza. Ponadto rozmowy będą w języku islandzkim i serbskim.

Ten list został wysłany do wszystkich rodziców obcego pochodzenia, którzy mają jedno lub więcej dzieci w przedszkolach na terenie Reykjanesbær.

Aby przeprowadzić tę ankietę, uzyskano licencje od autoryzowanych władz Reykjanesbær kierowanych przez Helgę Arnarson, która jest dyrektorem sektora edukacji. Zgodnie z wymogami prawnymi wszystkie dane osobowe są chronione, nazwiska wszystkich uczestników, zarówno rodziców, jak i przedszkoli, zostaną zmienione w celach badawczych.

Mentorem i doradcą w badaniach jest Halla Jónsdóttir, współpracownik Wydziału Edukacji Islandzkiego Uniwersytetu. Bardziej szczegółowe informacje są dostępne na e-mail: halla@hi.is.

Drodzy Rodzice, Jeśli czujecie, że macie potrzebę i chęć wzięcia udziału w tych badaniach, a w tym samym pragniecie pomóc; poinformujcie mnie bezpośrednio za pośrednictwem poczty elektronicznej na następujący adres: daz4@hi.is

Z szacunkiem

Danijela Živojinović,
email: daz4@hi.is ,tel: 6596670

Viðauki E: Kynningarbréf til foreldra á serbnesku

Poštovani roditelji,

Moje ime je Danijela Živojinović i student sam na završnoj godini master studija odseka za obazovanje nastavnika u obdaništu, Fakulteta Obrazovnih nauka Islandskog Univerziteta. Zaposlena sam u obdanistu Vesturberg u Reikjanesbairu više od deceniju. Rođena sam i odrasla u Srbiji a na Island sam se preselila 2005 godine.

Povod za ovo pismo je istraživanje koje pripremam a koje je moj završni tj. master rad. na pomenutim studijama.

Ovim pismom želim da vam uputim poziv za učešće u istraživanju jer je tema istraživanja iskustvo roditelja stranog porekla o prvim danima njihove dece u obdaništu na Islandu i period privikavanja na isto. Cilj ovog istraživanja je da se što bolje ispita kako roditelji koji su emigrirali na Island doživljavaju prve dane svoje dece u obdanistu, prijem i prihvatanje dece, period privikavanja, komunikacije i odnosa sa osobljem, saradnju između kuće i obdaništa. Takodje je cilj da se istraži kako roditelji doživljavaju obrazovni sistem na Islandu a koji se tiče isključivo obdanista. Svrha ove studije je da pruži bolji uvid u iskustvo roditelja emigranata pri prijemu i prvim danima njihove dece u obdaništu, očekivanja roditelja i njihove špekulacije. Ideja je da se rezultati ovog istraživanja iskoriste za izradu plana za prijem i prihvatanje dece stranog porekla u obdanista u Reikjanesbairu sa ciljem da se porodice stranog porekla sto bolje i lakše prilagode.

Vaše učešće se sastoji u tome da učestvujete u grupnom razgovoru na gore navedenu temu. Lokacija i vreme održavanja će biti objavljeni u narednom periodu. U zavisnosti od broja učesnika će biti razmorteno da se razgovori posebno održe na poljskom jeziku uz prisustvo prevodioca. Pored toga će biti rasprave na islandskom i srpskom jeziku.

Ovo pismo je poslato svim roditeljima stranog porekla koji imaju jedno ili više dece u obdaništima Reikjanesbaira a koja su uzela učešće u ovom istraživanju.

Da bi se sprovedo ovo istraživanje pribavljene su dozvole od ovlašćenih organa opštine Reikjanesbair na čelu sa Helgi Arnarson koji je direktor sektora za obrazovanje. Kao što zakon nalaže garantuje se poverljivost svih informacija prikupljenih u ovom istraživanju. Takodje će imena svih učesnika kako roditelja tako i obdaništa biti izmenjena za potrebe istraživanja.

Mentor i savetnik u istraživanju je Halla Jónsdóttir, adjunkt na Fakultetu obrazovnih nauka Islandskog univerziteta. Deteljnije informacije pruža preko elektronske pošte na adresu: halla@hi.is.

Poštovani roditelji, ako smatrate da imate potrebu i želju da uzmete učešće u ovom istraživanju i na taj način potpomognete, molim vas da me direktno obavestite preko elektronske pošte na adresu: **daz4@hi.is**

S' poštovanjem,

Danijela Živojinović,
el.adresa: daz4@hi.is ,tel: 6596670

Viðauki É: Spurningalisti

Spurningalisti – rannsókn

Bakgrunnsupplýsingar:

1. Hvaðan ert þú?
2. Frá hvaða landi fluttirðu til Íslands?
3. Hvaða ár fluttirðu hingað?
4. Hvers vegna hefurðu flutt til Íslands?

Almennar spurningar (viðtalsrammi)

1. Í hvaða leikskóla er barnið þitt?
2. Á hvaða aldri var barnið þitt við leikskólabyrjun?
3. Er barnið þitt fætt á Íslandi?
4. Hefur barnið verið í leikskóla erlendis eða skipt um leikskóla á Íslandi?
5. Hversu lengi hafðirðu búið á Íslandi þegar barnið þitt byrjaði í leikskóla?
6. Fenguð þið kynningu á leikskóla áður en barnið byrjaði?
7. Eða hafið farið sjálf í heimsókn?
8. Segðu mér aðeins frá þessari heimsókn/kynningu.
9. Hver tók á móti ykkur?
10. Gætirðu lýst nánar fyrstu upplifuninni af leikskólanum?
11. Hvernig var andrúmsloftið?
12. Hvernig leið þér? En barninu?
13. Hvað hugsaðirðu þá?
14. Hvernig var móttaka? Lýstu henni.
15. Á hvaða tungumáli var kynningin?
16. Hvernig gekk að skilja efni?
17. Fékkstu allar nauðsynlegar upplýsingar? Ef ekki, hvaða upplýsingar vantaði að þínu mati?
18. Fyrsta daginn í leikskólanum, hver tók á móti barninu?
19. Hvernig var móttaka?
20. Um hvað talaði viðkomandi?

21. Náðirðu að skilja það sem var sagt við þig?
22. Gætirðu lýst fyrir mér hvort að þú fékkst að vita allt sem þig langaði að vita?
23. Gastu spurt spurninga?
24. Hvernig var upplýsingum safnað um barnið? Munnlega, með spurningalista- skriflega?
25. Á hvaða tungumáli voru spurningar? Er þetta móðurmálið þitt?
26. Var túlkur til staðar?
27. Var einhver annar sem talar móðurmálið þitt- samlandi þinn kannski?
28. Ef já, hvernig leið þér með það?
29. Hvers vegna leið þér vel/illa?
30. Gætirðu sagt meira um þessa upplifun?
31. Hvernig gekk aðlögun hjá barninu þínu?
32. Hvað fannst þér ganga vel, hvað ekki? Lýstu því nánar. Dæmi?
33. Hvernig upplifðir þú aðlögunina barnsins þíns í leikskólanum?
34. En móttöku?
35. Er eitthvað sem þið hefðuð viljað að var gert öðruvísi, þá hvað og hvernig?
36. Hvers vegna?
37. Finnst ykkur að það sé menningarmunur á uppeldi barna á Íslandi og í þínu heimalandi? Ef já, hvernig?

Samskipti og samstarf milli heimilis og skóla

1. Hvernig eru samskipti milli leikskólans og heimilis?
2. Hvernig finnst þér leikskólakerfi vera hér á Íslandi?
t.d. hvernig er unnið með börnum, kennsluaðferðir, uppeldisaðferðir, samskipti við börn, hreinlætis aðstæður?
3. Hvers vegna valdirðu þennan leikskóla fyrir barnið þitt?
4. Hafðirðu kynnt þér stefnu leikskólans áður enn þú skráðir barnið þitt í leikskólann?
5. Hvar eða frá hverjum hefurðu heyrt um leikskólann?

Viðauki F: Spurningalisti á pólsku

Lista pytań

Podstawowe informacje:

1. Skąd pochodzisz?
2. Z jakiego kraju przenieśliście się Państwo na Islandię?
3. W którym roku była przeprowadzka na Islandię?
4. Co było powodem przesiedlenia?

Zagadnienia ogólne (pytania)

1. W jakim wieku było dziecko kiedy poszło do przedszkola?
2. Czy Twoje dziecko urodziło się na Islandii?
3. Czy dziecko uczęszczało do przedszkola za granicą lub zmieniało przedszkole na Islandii?
4. Jak długo mieszkaliście na Islandii, za nim dziecko udało się do przedszkola?
5. Czy za nim dziecko zaczęło uczęszczać do przedszkola, otrzymaliście informacje (prezentację) o przedszkolu?
6. Czy sami wybraliście się w odwiedziny do przedszkola?
7. Czy możesz mi powiedzieć więcej o tej prezentacji/wizycie?
8. Kto Was przywitał w przedszkolu?
9. Proszę opisać bardziej szczegółowo o swoich pierwszych wrażeniach z przedszkola?
10. Jak była atmosfera?
11. Jak się czuliście? A jak się czuło Wasze dziecko?
12. Co wtedy myśleliście o przedszkolu?
13. Proszę opisać jakie było przywitanie?
14. W jakim języku zostało zaprezentowane przedszkole?
15. W jaki sposób odebrałeś (zrozumiałeś) prezentację?
16. Czy dostałeś wszystkie potrzebne informacje? Jeśli nie, to waszym zdaniem jakich informacji zabrakło?
17. W pierwszym dniu przedszkola, kto powitał Twoje dziecko i Ciebie?
18. Jakie masz doświadczenia z tego dnia?
19. O czym mówiła osoba która Was przywitała?

20. Czy zrozumieliście wszystko, co zostało powiedziane?
21. Czy Waszym zdaniem w tym dniu uzyskaliście wszystkie potrzebne informacje?
22. Czy mieliście możliwość zapytać o wszystko co Was interesuje?
23. W jaki sposób został przeprowadzony wywiad o Waszym dziecku? Ustnie, przez kwestionariusz piśmie?
24. Czy pytania były w języku ojczystym, jeśli nie w jakim języku były pytania?
25. Czy przy rozmowie uczestniczył tłumacz?
26. Czy może uczestniczył ktoś inny, kto mówi w Twoim języku ojczystym?
27. Jeśli odpowiedź brzmi: tak, jak się czuliście z tego powodu?
28. Dlaczego czułeś się dobrze/źle?
29. Powiedz mi więcej o tym.
30. Jak minął okres adaptacji dziecka w przedszkolu?
31. Co w Twojej opinii poszło dobrze, a co nie dobrze? Opisz mi bardziej szczegółowo?

Przykład?

32. W jaki sposób doświadczyli Państwo okresu adaptacji dziecka?
33. W jaki sposób jesteście/byliście witani w przedszkolu?
34. Czy uważasz, że coś należało zrobić inaczej?
35. Dlaczego?
36. Czy w Waszej opinii istnieje różnica w sposobie i kulturze wychowywania dzieci między Islandią a waszym krajem?

Komunikacja i współpraca między domem a przedszkolą?

1. Jaka jest komunikacja między domem a przedszkole?
2. Jaka jest Twoja opinia na temat systemu, który jest prowadzony przez przedszkole w Islandii? Np. W jaki sposób się współpracuje z dziećmi, sposób nauczania, nauka kultury, komunikacja z dziećmi, warunki higieniczne, zmiana pieluch, praniem rąk, czyszczenie po jedzeniu?
3. Dlaczego wybraliście te przedszkole dla Swojego dziecka?
4. Czy zapoznaliście się z systemem pracy w tym przedszkolu, zanim zapisaliście dziecko do prz?

Viđauki G: Spurningalisti á serbnesku

Lista sa pitanjima

Osnovne informacije:

1. Odakle si ti?
2. Iz koje zemlje si se doselila/o na Island?
3. Koje godine si se doslelila/o?
4. Koji je bio razlog za preseljenje?

Opšta pitanja (okvirna pitanja)

1. U koje obdaniste ide vase dete?
 2. Koje starosne dobi je bilo tvoje dete kada je krenulo u obdaniste?
 3. Da li je tvoje dete rođeno na Islandu?
 4. Da li je dete pohađalo obdaniste u inostranstvu ili menjalo obdaniste na Islandu?
 5. Koliko dugo ste vi bili na Islandu kada je vase dete krenulo u obdaniste?
 6. Da li ste dobili prezentaciju obdaništa pre detetovog polaska?
 7. Ili da li ste sami išli u posetu obdanistu?
 8. Recite mi nesto više o toj prezentaciji/poseti?
 9. Ko vas je dočekaó/primio?
 10. Opišite mi detaljnije vaše prve utiske o samom obdanistu?
 11. Kakva je bila atmosfera?
 12. Kako ste se vi osećali? A vase dete?
 13. O čemu ste tada razmišljali?
 14. Kakav je bio doček, opišite primerom?
 15. Na kom jeziku je predstavljeno obdaniste?
 16. Kako ste razumeli prezentaciju?
 17. Da li ste dobili sve potrebne informacije? Ako ne, koje su po vasem mišljenju to informacije koje su nedostajale?
-
18. Prvog dana u obdanistu, ko je dočekaó vase dete i vas?
 19. Kakvo je vase iskustvo od tog dana?

20. O čemu je ta osoba govorila?
21. Da li ste mogli razumeti sve što vam je rečeno?
22. Možete li mi reći da li ste dobili sve potrebne informacije koje ste po vašem mišljenju trebali da dobijete toga dana?
23. Da li ste mogli postavljati pitanja koja vas zanimaju?
24. Na koji način je izvršeno sakupljanje podataka o detetu? Usmeno, preko upitnika-pismeno?
25. Da li su pitanja bila na vašem maternjem jeziku, ako ne na kom jeziku su bila pitanja?
26. Da li je prisustvovao prevodilac?
27. Neko drugi ko govori vaš maternji jezik, vaš zemljak?
28. Ako je odgovor da, kako ste se osećali zbog toga?
29. Zbog čega ste se osećali dobro/loše?
30. Recite mi nešto više o tome?
31. Kako je protekao period privikavanja vašeg deteta na obdaniste?
32. Šta je po vašem mišljenju proteklo dobro, a šta ne tako dobro? Opišite mi detaljnije Primer?
33. Na koji način ste vi doživeli tal period privikavanja kod vašeg deteta?
34. A doček?
35. Da li po vašem mišljenju nešto trebalo/moglo da se uradi drugačije?
36. Zbog čega?
37. Da li je po vašem mišljenju razlika u načinu i kulturi odgajanja dece između Islanda i vase otadžbine?

Komunikacija i saradnja između kuće i obdaništa?

1. Kakva je komunikacija između kuće i obdaništa? Da li dobijate i koliko redovno informaciju o vašem detetu?
2. Kakav je po vašem mišljenju sistem prema kome se vode obdaništa na Islandu? npr. Kako se radi sa decom, načini nastave, vaspitno- obrazovni rad, komunikacija sa decom, higijenski uslovi,- menjanje, pelena, pranje ruku, brisanje posle jela?
3. Zbog čega ste odabrali to obdaniste za vase dete?
4. Da li ste bili upoznati sa sistemom rada u tom obdaništu pre nego što ste upisali vase dete u isto? Gde ste i od koga culi za to obdaniste?

Viðauki H: Móttökuáætlun ÍSAT teymis leikskóla frá árinu 2019

Móttökuáætlun barna með annað móðurmál en íslensku

Undirbúningur í skóla

- Þegar foreldrar hafa sótt um vistun velur leikskólastjóri deild fyrir barnið.
- Deildarstjóra er tilkynnt um væntanlegan nemanda, hvaðan hann er og móttökuvíðtalið er ákveðið í samráði við hann.
- Leikskólastjóri lætur starfsfólk vita af væntanlegu barni.
- Deildarstjóri undirbýr deildina fyrir komu nýrra barna.
- Leikskólastjóri eða deildarstjóri boðar til móttökuvíðtalsins og bendir foreldrum á hvaða gögn þurfi að hafa meðferðis í víðtalið s.s. heilbrigðis- og bólusetningarvottorð ef við á. Sjá má nánari upplýsingar á vef landlækniseimbættisins. (Endurskoðaðar verklagsreglur um læknisrannsókn á fólki sem flyst til landsins, september 2015)

Undirbúningur víðtals

Deildarstjóri safnar saman þeim gögnum sem nota á í víðtalinu:

- Móttökuvíðtal nemenda með íslensku sem annað mál
- Starfsáætlun skólans
- Skóladagatal
- Pantatúlk ef við á

Móttökuvíðtal

- Víðtalið sitja deildarstjóri og foreldrar (ásamt túlk ef þörf krefur).
- Í víðtalinu eru fengnar bakgrunnsupplýsingar um barnið.
- Mikilvægt að kynna skóladagatal og alla sérmerкта daga.
- Greina frá helstu starfsháttum skólans.
- Símanúmer skólans, víðtalstíma kennara og heimasíðan útskýrð.
- Ákveðið hvenær nemandi byrjar í skólanum og aðlögun skipulögð.
- Farið í gönguferð um skólann þar sem helstu svæði eru kynnt.
- Æskilegt er að heimsækja deildina.

Túlkur

Í þeim tilfellum þar sem þörf er fyrir túlk ber að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Túlkur hefur þagnarskyldu í einu og öllu.
- Túlkur má ekki taka afstöðu.
- Túlkur má ekki láta í ljós skoðanir sínar þegar hann túlkar.

- Túlkur á að túlka allt sem sagt er í samtalinu.
- Túlkur á ekki að hafa frumkvæði að því að svara spurningum.
- Túlkurinn ber ekki ábyrgð á því að upplýsingar séu réttar eða sannar.
- Túlknur ber að láta vita ef túlkunin getur ekki fallið undir þessar reglur.
- Hægt er að fá leyfi foreldra til þess að fá túlk sem ráðgjafa en um það þarf að vera samkomulag í upphafi viðtals.

Góð ráð sem vert er að hafa í huga þegar mál þitt er túlkað:

- Líttu á túlk sem brú á milli menningarheima og undirbúðu hann undir fundarefnið.
- Kynntu þér siðareglur túlka og þagnarskyldu.
- Skipuleggðu fyrir fram meginlínur samtalsins þannig að ljóst sé um hvað eigi að ræða og hver sé tilgangur samtalsins. Taktu tillit til þess að samtal með aðstoð túlks tekur lengri tíma en samtöl á íslensku.
- Byrjaðu helst samtalið með stuttri samantekt sem gefur yfirlit yfir hvað þú hafir hugsað þér að verði rætt og gefðu viðmælendum færi til að gera athugasemdir.
- Vertu ekki feimin(n) við að nýta líkamstjáningu til að leggja áherslu á mál þitt. Vertu nákvæmari í orðavali en þú átt venju til.
- Tjáðu þig á einfaldan og skýran hátt. Taktu tillit til túlsins því hann þarf að skilja þig og fá tíma til þess að flytja skilaboðin jafnóðum til þriðja aðila.
- Mundu að taka góð málhlé svo túlkurinn fái ráðrúm til að yfirfæra eða meðtaka það sem þú ert að segja.
- Mikilvægt er að þú snúir beint að foreldrum og horfir í augu þeirra þegar þú talar.
- Horfðu beint á viðmælendur þína þegar þeir tala. Snúðu þér ýmist að túlknum eða viðmælenda eftir því hvor þeirra talar.
- Farðu yfir niðurstöður og upplýsingar sem komu fram á fundinum þannig að viðmælendur þínir séu sammála um hvað var sagt og ákveðið á fundinum.

Móttökuviðtal leikskóla Reykjanesbæjar
Fyrir nemendur með íslensku sem annað mál

Eftirfarandi spurningar eru spurðar af deildarstjóra/sérkennslustjóra í viðtali við foreldri/forráðamenn og með túlki ef þarf. Spurningarnar eru til að hægt sé að mæta þörfum barnsins sem best í skólastarfi og til að tryggja öryggi barnsins.

Nafn barns:	Kennitala:
Heimilisfang:	
Hvað er barnið kallað heima?	
Fæðingarland barns (Fyrir Jöfnunarsjóð og tölfraði sem unnin er innan Reykjanesbæjar):	
Þjóðerni/Ríkisfang:	
Hvað hefur barnið búið lengi á Íslandi? (Fyrir Jöfnunarsjóð og tölfraði sem unnin er innan Reykjanesbæjar)	
Salernisvenjur:	Svefnvenjur:
Notar barnið snuð eða leikfang sem veitir því öryggi og vill hafa með sér?	
Hvaða tungumál er talað á heimilinu? (Fyrir Jöfnunarsjóð og tölfraði sem unnin er innan Reykjanesbæjar)	
Forráðamaður 1:	
Heimilisfang:	Sími:
Netfang:	Talar forráðamaður íslensku? Ef nei, hvaða tungumál talar forráðamaður?
Forráðamaður 2:	
Heimilisfang:	Sími:
Netfang:	Talar forráðamaður íslensku? Ef nei, hvaða tungumál talar forráðamaður?

Nöfn systkina og fæðingarár:
Fyrri gæsla eða leikskóli:
Hver kemur til með að sækja barnið í leikskólann?
Forræði/skipulag umgengisréttar:
Þekkir barnið einhvern í leikskólanum?
Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera/leika?
Hverjir eru styrkleikar barnsins?
Finnst barninu gaman að leika úti og hver eru viðhorf forráðamanna til útiveru?
Hverjar eru væntingar forráðamanna til leikskólans?
Mataróþol/ofnæmi eða matur sem barnið má ekki borða? (Vottorð þarf að fylgja vegna óþols/ofnæmis)
Hefur barnið farið í 18 mánaða, 2,5 árs og 4 ára skoðun á heilsugæslustöð?
Aðrar heilsufarsupplýsingar (s.s. bólusetningar, sjón- og heyrnarmæling, tannheilsa):
Annað sem forráðamenn vilja koma á framfæri:

Dagsetning

Sérkennslustjóri/deildarstjóri

Samþykki foreldra

Ég undirrituð/aður gef leyfi fyrir því að lögð séu fyrir þroskapróf og skimanir á barni mínu í leikskólanum og að barn mitt njóti þeirrar þjónustu sem leikskólinn hefur aðgang að.

Dagsetning

Undirskrift foreldris/forráðamanns

Parental consent

I hereby give permission for my child to participate in a development test and language screening and that my child will receive all the service and support available in the Preschool.

Date

Signature of parent/guardian

Rodzice zaakceptowani

Niniejszym wyrażam zgodę na udział mojego dziecka w teście rozwojowym i badaniach językowych, a moje dziecko otrzyma całą pomoc i wsparcie dostępne w przedszkolu.

Data

Podpis rodziców/opiekunów